



FRÉTTABLAÐIÐ



Í öllum lögnum fraus á mánudaginn á heimili Ásthildar Eddu á Stokkseyri. Amazon-fuglarnir Húgó og Jagó eru ekki hrifnir af kulda og notar Ásthildur því hitablastara. SJÁ SIÐU 2

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNAR

Yngri jákvæðari gagnvart útilokunarmenningu

Íslenskar kynslóðir hafa mis-
munandi afstöðu til útilokunarmenningar, en fjórðungur vill ekki taka afstöðu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Yngri kynslóðir eru jákvæðari gagnvart útilokunarmenningu en þær eldri. 28 prósent fólks 15 til 24 ára eru jákvæð gagnvart henni, en aðeins 8 prósent 57 til 75 ára. Meirihluti allra kynslóða er þó neikvæður gagnvart útilokunarmenningu. Þetta kemur fram í nýrri kynslóðamælingu Prósentis.

Útilokunarmenning hefur verið

í umræðunni í tengslum við kynferðisbrot. Hún snýst um að útiloka einstaklinga sem brotið hafa gegn gildum samfélagsins, með hegðun eða tjáningu.

Í mælingunni kemur fram að fólk 25 til 40 ára hefur svipaða afstöðu og yngsta kynslóðin. 25 prósent eru jákvæð og 46 prósent neikvæð.

Fólk á aldrinum 41 til 56 ára er mun neikvæðara, 13 prósent jákvæð á móti 65 prósent neikvæðum og mestur er munurinn hjá elstu kynslóðinni, þar sem 69 prósent eru neikvæð. Fjórðungur fólks tekur ekki afstöðu með eða á móti.

Konur eru jákvæðari gagnvart




Háskólamenntaðir eru jákvæðastir en iðnmenntaðir neikvæðastir.

útilokunarmenningu í öllum kynslóðum, og hjá öllum yngri en 57 ára er munurinn 10 prósent. Athygli vekur að 62 prósent yngstu karlanna telja útilokunarmenningu neikvæða, sem er 10 prósentum hærra

Viðhorf kynslóðanna til útilokunarmenningar

■ Mjög jákvætt ■ Frekar jákvætt
■ Hvorki né ■ Frekar neikvætt
■ Mjög neikvætt



hlutfall en hjá körlum aldamóta-kynslóðarinnar. Mestu andstöðuna má finna meðal elstu karlanna, en 47 prósent þeirra telja útilokunarmenningu mjög neikvæða.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru jákvæðari, en munurinn mældist ekki mikill milli þeirra og landsbyggðarfólks. Munurinn mældist mun meiri þegar kom að menntun. Háskólagengið fólk var almennt jákvæðara gagnvart útilokunarmenningu en fólk með aðeins grunnskólapróf. Mesta neikvæðnin mældist hins vegar hjá iðnmenntuðum, til dæmis 91 prósent meðal 41 til 56 ára með sveinspróf. SJÁ SIÐU 10

Mmm ...
Safaríkar klementínur eru bestar núna!

Ekkert ves í des

KRÓNAN



Eyþór Arnalds og Hildur Björnsdóttir.

Hildur býður sig fram gegn Eyþóri

arib@frettabladid.is

REYKJAVÍK Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, býður sig fram í oddvitasæti flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar næsta vor. Búist er við því að Sjálfstæðisflokkurinn haldi prófkjör í febrúar.

„Ég trúir því að með réttum áherslum og sigurstrangleikum og samheldnum lista getum við komið Sjálfstæðisflokknum í meirihluta næsta vor,“ segir hún.

„Það eru mörg verkefni sem bíða hjá Reykjavíkurborg. Fjárhagurinn stendur afar illa, samgönguvandinn fer vaxandi og biðlistar á leikskóla eru ekki að stytta.“

Hildur segir að búast megi við nokkrum áherslubreytingum taki hún við. „Sjálfstæðisflokkurinn færir meira í átt að framtíðinni, ég legg



Það hefur gengið illa að manna leikskólana, en gengið vel að manna hlýju skrifstofustólana í yfirbyggingunni.

Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

áherslu á að við horfum til þróunar í borgum allt í kringum okkur, auðvitað þarf Reykjavík að taka þátt í þeirri þróun ef hún ætlar að standast samkeppni við erlendar borgir um ungt hæfileikafólkið okkar,“ segir hún.

Þá vill hún draga saman seglin í stjórnkerfinu. „Á fjórum árum hefur starfsmönnum borgarinnar fjölgað um 20 prósent á meðan íbúum hefur fjölgað um átta prósent. Þetta er ósjálfbær þróun og þessu þarf að vinda ofan af. Við þurfum að einbeita okkur að þjónustu við fólkið. Það hefur gengið illa að manna leikskólana, en gengið vel að manna hlýju skrifstofustólana í yfirbyggingunni.“ ■

Angela Merkel stígur af sviðinu eftir sextán ár í embætti Þýskalandskanslara



Sextán ára valdatíð Angelu Merkel sem Þýskalandskanslara lauk í gær og tók Olaf Scholz við embættinu við hátíðlega athöfn. Merkel var fyrsta konan til að gegna embættinu og er þriðji þálfsetnasti kanslari í sögu landsins á eftir Helmut Kohl og Otto von Bismarck. Hún varð á 31 árs ferli sínum í stjórnárum helsti leiðtogi Evrópu og fór fyrir fjölmennasta landi Evrópusambandsins og umfangsmesta efnahag þess. Merkel átti miklum vinsældum að fagna bæði innan lands og utan og þótti takast á við áskoranir og erfiðleika af mikilli yfirvegum á löngum ferli.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Enginn alvarlega veikur af Covid

benediktboas@frettabladid.is

COVID-19 Innanlandssmit af völdum Omíkrón-afbrigðisins tengjast enn sem komið er einungis smiti frá Nígíeríu. Í gær höfðu alls 20 manns greinst hér á landi með Omíkrón-afbrigði kórónaveirunnar. Þessi smit tengjast ferðum frá útlöndum, Nígíeríu, Danmörku, Írlandi og Þýskalandi.

Þórolfur Guðnason sóttvarnalæknir segir að af þessum 20 séu 18 fullbólusettir með tveimur skömmtum og tveir höfðu fengið örvunarskammt. Enginn er alvarlega veikur enn sem komið er. Alls greindust 120 einstaklingar með Covid-19 innanlands í fyrradag. Rúmlega helmingur þeirra var utan sóttkvíar. Áfram voru fimm á gjörgæslu. ■

Einstæð móðir í Árborg óttast alvarlegar skemmdir

Vatn fraus í lögnum á nokkrum heimilum í Árborg eftir að vatn var tekið af svæðinu. Einstæð móðir á Stokkseyri óttast alvarlegar skemmdir. Hún heldur hita á páfagaukunum sínum með hitablásara.

ninarichter@frettabladid.is

SUÐURLAND Vatn fraus í lögnum á nokkrum heimilum í Árborg, eftir að vatn var tekið af öllu svæðinu á mánudagsmorgun. Kuldi er í húsum og börn voru send heim úr skólum á mánudeginum vegna kulda í skólahúsnæði.

Einstæð móðir á Stokkseyri sem greiddi tæpa hálf milljón vegna lagnatjóns fyrir tveimur árum, óttast að alvarlegar skemmdir komi í ljós á næstu dögum.

Ásthildur Edda Ágústsdóttir býr með tveimur dætrum sínum á Stokkseyri. Hún segir allar lagnir hafa frosið á heimili hennar á mánudag, en starfsfólk frá Selfossvæitum tengdi fram hjá lögnum seinna um kvöldið, til þess að ná hita í ofnana.

„Svo þarf ég að fá einhvern til að tengja þetta aftur,“ segir hún. „Ég veit ekkert hver ber tjónið, eða hversu miklar skemmdirnar eru. Ég átti ekki von á þessu,“ segir Ásthildur Edda og bætir við að á tímabili hafi 17 gráðu kuldi verið í húsinu.

Ásthildur Edda segist vita til þess að fleiri nágrennar hennar séu í sömu sporum og í biðstöðu eftir því að frostinu sleppi til þess að hægt sé að meta tjón.

„Það eru rosalega margir ósattir hérna, það er alltaf verið að fíkta í lögninni,“ segir hún.

Fyrir tveimur árum lenti Ásthildur Edda í lagnatjóni upp á hálf milljón, en endaði með að sitja uppi með kostnað upp á 450 þúsund krónur.



Ásthildur Edda með Amazon-fuglana tvo, sem þola kuldan á heimilinu illa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNAR



Ég veit ekkert hver ber tjónið, eða hversu miklar skemmdirnar eru.

Ásthildur Edda Ágústsdóttir, íbúi á Stokkseyri

„Ég hef verið skíthædd um að ef eitthvað kemur upp á þá endurtaki það sig.“

Á heimilinu eru gæludýr sem þola kuldan illa. „Ég er með tvo Amazon-fugla og ég hef haldið á þeim hita með rafmagnshitablásara. Ég veit ekki hver rafmagnskostnaðurinn verður eftir þetta,“ segir hún.

Ásthildur segist vera í biðstöðu

eftir betra veðri, en ekkert hafi heyrst frá Árborg varðandi úrræði eða lausnir.

Sigurður Þór Haraldsson, veitustjóri hjá Árborg, segir að skortur á upplýsingagjöf af hálfu Selfossvæitna í þessu tilfelli mætti rekja til bilunar í SMS-kerfi sem alla jafna er notast við. „Við höfum sent út sms á alla íbúa sem verða fyrir röskun, en því miður kom upp bilun í SMS-kerfinu í gær þegar við ætludum að senda það út, þannig að við urðum að láta duga að auglýsa þetta.“ Hann segir málið vera afleiðingu af þekktri bilun í stofnlögn.

Drífa Pálin Geirsdóttir, íbúi á Eyrarbakka, segir ástandið í hitaveitumálum á svæðinu óboðlegt. „Krakkarnir eru sendir heim af því að það er of kalt og við vorum ekki látin vita af þessu til að geta slökkt á neinu hjá okkur,“ segir hún. „Mér skildist á píparanum að leiðslurnar hingað niður eftir væru eins og gatasigtir.“ ■



JOE BOXER

Náttföt, nærföt og heimaföt.
1. hæð Kringlu - joeboxer.is

Troðfull verslun af
merkjavöru frá
eftirtöldum
verslunum

herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN / SMÁRALIND
568 9234 544 2410

BOSS
HUGO BOSS

BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

Mathilda
Kringlunni 552 8600

COLLECTIONS

Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

HANZ
KRINGLUNNI
567 0120

ENGLABÖRNIN
falleg fót á stelpur og stráka...
KRINGLUNNI
552 2201



Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur

30-60%
afsláttur af öllum vörum

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

Samþykktu hátt í sextán hundruð íbúðir á Ártúnshöfða

arib@frettabladi.is

REYKJAVÍK Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar samþykkti í gær einróma, deiliskipulag að nýju hverfi á Ártúnshöfða. Um er að ræða Ártúnshöfðasvæði 1, sem er efra svæðið í kringum Stórhöfða. „Þetta svæði verður í kringum torg sem mun bera heitið Krossamýrartorg,“ segir

Pawel Bartoszek, formaður skipulags- og samgönguráðs.

„Þarna verða um 1.570 íbúðir auk verslunarstarfsemi og vonandi menningarstarfsemi. Það munu vonandi um fjögur þúsund manns kalla þennan stað sitt heimili þegar uppbyggingu er lokið.“

Gert er ráð fyrir fjölbreyttum ferðamáta, bílastæði verða í samnýtanlegum kjöllum.



Pawel Bartoszek, formaður skipulags- og samgönguráðs

Um er að ræða mikla umbreytingu á svæðinu. „Þetta er grátt svæði, eins og það er stundum kallað, með plássfreakri starfsemi, bílasölur mikið til. Þetta er algeng þróun í borgum, að svæðum sem eru á einhverjum tímamarki staðsett í jafri byggðar er breytt í íbúðasvæði,“ segir Pawel.

Deiliskipulagið fer fyrir borgarráð, líklega í næstu viku, og þaðan í

auglýsingu í Stjórnartíðindum.

Pawel er spenntur fyrir verkefninu framundan.

„Ég geri ekki ráð fyrir að þetta ferli taki mikinn tíma. Eftir það eru það lóðahafar sem stjórna svölitið ferðinni hvað varðar uppbyggingarhraðann, en það er ekkert því til fyrirstöðu að flytja starfsemina sem er þarna fyrir og byrja að rífa og byrja að byggja.“ ■



Margir hafast við á áfangaheimilum.

Átta heimilislaus

arib@frettabladi.is

REYKJAVÍK Átta heimilislausir einstaklingar í Reykjavík hafast við á víðavangi við slæmar aðstæður. Þetta kemur fram í stöðumati á stefnu í málefnum heimilislausra, sem lagt var fram á fundi velferðaráðs Reykjavíkurborgar í gær.

Alls er 301 einstaklingur í borginni skilgreindur heimilislaus. Stærsti hluti hópsins, eða 54 prósent, býr í húsnæði fyrir heimilislausu eða á áfangaheimilum. Aðrir nýta neyðargistingu. Til stendur að stofna stýrihóp um endurskoðun aðgerðaáætlunar á stefnunni. ■

Ekki færri gestir á tónleika í áratugi

birnadrofn@frettabladi.is

MENNING Tónleikagestir bæði í Hörpu og Hofi hafa aldrei verið færri en á síðasta ári, samkvæmt tölum á vef Hagstofunnar.

Á síðasta ári mættu tæplega 60 þúsund gestir á 424 tónleika sem haldnir voru í þremur stærstu tónleikahúsum landsins, það er í Hörpu, Hofi og Salnum. Í fyrra voru tónleikagestir í þessum sömu húsum yfir 205 þúsund talsins.

Á síðasta ári sóttu 17.658 gestir tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands en fara þarf aftur til ársins 1977 til að finna færri gesti. ■

Flutningskostnaður tífaldast á gámi frá Asíu og hrávara hækkað mikið

Kostnaður við flutning á gámi frá Asíu til Íslands hefur tífaldast. Hrávara hefur hækkað um allt að 340 prósent. Seðlabankinn vonar að kúfnum sé náð, en útilokar ekki vaxtahækkun.

bth@frettabladi.is

VIDSKIPTI Miklar áskoranir eru hjá fjölmörgum fyrirtækjum hér á landi, ekki síst í iðnaði og verslun, vegna verðhækkana á hrávöru og flutningum. Samhliða þessu veldur vöru- og aðfangaskortur ýmsum vandræðum. Hagfræðingur Samtaka iðnaðarins (SI) segir að ástandið leiði til aukins kostnaðar við framleiðslu, meiri verðbólgu víða um heim og kaupmáttarskerðingar heimilanna.

„Þetta ástand tengist efnahagsbatanum í heiminum sem framboðshliðin hefur átt í erfiðleikum með að mæta,“ segir Ingólfur Bender, aðalhafnysfræðingur SI.

Fordæmalitil verðbólga er í Bandaríkjunum, 6,2 prósent á ársgrundvelli og 4,9 prósent verðbólga á evrusvæðinu. „Þetta er mjög mikil verðbólga í sögulegu samhengi og yfir verðbólgu markmiði bæði bandaríska og evrópska seðlabankans,“ segir Ingólfur.

Sumar tegundir af hrávöru hafa stökkbreyst í verði á árinu. Líþium hefur hækkað um 340 prósent. Þá hefur magnesíum hækkað um 153 prósent. Verslunarmenn, ekki síst í byggingariðnaði, segjast hafa lent í vandræðum vegna skorts á silíkoni og magnesíum.

Ingólfur segir að timbur og stál séu meðal þess sem hafi hækkað í verði, allt niður í smæstu skrifur. Viðspyrnan í efnahagslífinu eftir Covid hafi fylgt hratt vaxandi eftir-



Ein afleiðing eftirspurnarvandans er að kostnaður við flutning á 40 feta gámi frá Austur-Asíu til Norður-Evrópu hefur nær tífaldast frá upphafi Covid-faraldursins.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Þetta gæti líka leitt til hækkunar á vöxtum, ekki síst ef þetta hefur áhrif á verðbólguvæntingar.



Ingólfur Bender, aðalhafnysfræðingur SI

spurn, sem hafi orðið meiri en sem nemur framleiðslu- og flutningsgetu. Skortur á gámum hafi bæði tafið flutninga á heimsvísu og hækkað verð þeirra. Kostnaður við flutning á 40 feta gámi frá Austur-



Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri

Asíu til Norður-Evrópu hefur nær tífaldast frá upphafi faraldursins.

„Ástandið hefur varað lengur en greiningaraðilar reiknuðu með í fyrstu,“ segir Ingólfur. „Við sjáum að bæði fyrirtæki og heimili þurfa að taka á sig aukinn kostnað, aukna verðbólgu og lækkun kaupmáttar. Þetta gæti líka leitt til hækkunar á vöxtum, ekki síst ef þetta hefur áhrif á verðbólguvæntingar.“

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segist binda vonir við að hámarkinu sé náð í hrávöruverðshækkunum. Seðlabankinn hafi litla stjórn á erlendri verðbólgu, en verkefnið sé að gæta þess að áhrifin fari sem

minnst út í kerfið.

Ásgeir varar við því að fyrirtæki noti tækifærið nú umfram aðstæður til að hækka vöruverð. Slíkt gæti haft áhrif á kjarasamninga. Þá sé ákveðin hætt á að viðvarandi fjögurra til fimm prósent verðbólga leiði til agaleysis.

„Það er ekki hægt að útiloka að þetta ástand leiði til vaxtahækkana ef þessi þróun leggst með öðrum þáttum,“ segir Ásgeir. „En hækkun á hrávöru þýðir ekki bara tap heldur líka tækifæri fyrir útflutning á áli frá Íslandi og í sjávarútvegi.“

Svanur Karl Grjetarsson, eigandi MótX, byggingarfyrirtækis á íbúðamarkaði, segir dæmi um allt að 30 prósent hækkun á timbri.

„Menn eru að reyna allt hvað þeir geta til að hagræða og stýra innkaupum þannig að verðhækkunum sé stíllt í hóf. En það er högg þegar flutningskerfið lamast á þennan hátt og aðföng verða erfið. Það er ekki auðvelt að búa á eyju þegar svona árar,“ bætir hann við. ■

480.000 KR. VSK verðhækkun um áramótin*

JEEP WRANGLER RUBICON
TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI

JEEP COMPASS
TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI

5 ÁRA ÁBYRGÐ **8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAHLOÐUNNI**

TRYGGÐU ÞÉR JEEP Á LÆGRA VERÐI

ALVÖRU JEPPI. ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.

Nú er tilvalið að tryggja sér alvöru jeppa með alvöru fjórhjóladrifi í forsölu.

Áætlað er að bílarnir verði tilbúnir til afhendingar í desember.

PLUG-IN HYBRID



Njótum aðventunnar

— ★ ★ ★ —

Úrval af fallegum Nordmannspín

JÓLATRÉSFÆTUR, DÚKAR, SKRAUT OG SERÍUR.
HEITT KAKÓ OG NOTALEG JÓLASTEMNING Í
JÓLATRJÁASKÓGINUM.



LJÓSASERÍUR SEM HAFA REYNST VEL
VIÐ ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Skapaðu hlýlega
stemningu



OPIÐ TIL 21
ÖLL KVÖLD



GARÐHEIMAR

Stekjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Mæla með notkun nagla úti á landi

bth@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Vegagerðin hyggst ekki taka afstöðu um þá ákvörðun Reykjavíkurborgar að banna nagladekk á bílum borgarinnar ef undan eru skildir sorphirðubílar.

„Það eru nagladekkinn sem slíta fyrst og fremst, þau eru meginþáttur í sliti á vegum. En við horfum fyrst og fremst á umferðaröryggi. Þess vegna höfum við mælt með að fólk sé á nagladekkjum, sérstaklega þegar komið er út fyrir bæinn,“ segir G. Pétur Matthíasson, upplýsinga-fulltrúi Vegagerðarinnar.

Að mati Vegagerðarinnar eru naglar á vegum úti á landi nauðsynlegir. Öryggi sé sliti á götum mikilvægara og réttlæti notkun nagladekkja.

„Þegar komið er út á land teljum



Reykjavíkurborg leggst gegn notkun nagladekkja.

við að naglar séu nauðsynlegir, enda er vetrarþjónustan ekki þannig að vegirnir séu lausir við hálfu. Við teljum mun minni þörf hér á höfuðborgarsvæðinu fyrir nagladekk,“ segir G. Pétur.

„Við höfum þess vegna mælt með að fólk sé á nöglum úti á landi.“ ■



Í svinarækt hefur grísum fjölgað í hverju goti í nafni hagkvæmni, en oft á kostnað dýravelferðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Ólafur segir kröfu neytenda um sífellt ódýrari matvæli vera dýra blekkingu

elinhirst@frettabladid.is

DÝRAVERND „Mjög margir neytendur nú til dags eru í engum tengslum við framleiðsluna. Við verðum að fræða fólk um þetta,“ segir Ólafur Dýrmundsson, búvísindamaður.

Ólafur hefur unnið að dýravelferðarmálum og starfaði sem sérfræðingur innan Bændasamtakanna um langt árabíl. Rætt var við Ólaf á Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöldi.

„Við erum alltaf að biðja um ódýrari og ódýrari matvæli, en það eru skuggahlíðar á þessu. Krafan um ódýrari matvæli er í raun dýr blekking,“ segir Ólafur.

„Hvað varðar hænsni og alifugla þá hefur verið gríðarlegt kynbóta-starf í gangi. Það er verið að rækta fugla sem skila miklum afurðum í

eggjum og kjóti. En það eru að koma fram gallar á þessu og það verður að taka á því,“ segir Ólafur.

„Efnid sem er framleitt úr merablóði er notað í svínaframleiðslu og ef við tökum svín sem dæmi þá þótti ágætt fyrir 50 árum að fá átta til tíu grísi í goti. Nú þykir það ekki viðunandi. Menn vilja fá fleiri grísi í hverju goti og þá er verið að nota frjósemishormóna. En dýrin eru ekki byggð til að bera þetta, hafa ekki beinabyggingu til þess,“ segir Ólafur.

Hann segir sömu sögu að segja um varphænur, en bein þeirra brotna vegna álags.

Ólafur segir enn fremur að reynt sé að hafa eftirlit með þessum málum, en að ástandið sé ekki viðunandi. Það þurfi að endurskoða hvernig við framleiðum matvæli, bæði hér á landi og erlendis. ■

Mjög háir vextir á skuldabréfum Alvotech

Hávaxtaskuldabréfum Alvotech var breytt í hlutafé á mjög háu gengi í sumar.

olafur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Í lok september námu skuldir systur-lyfjafyrirtækjanna Alvotech og Alvogen við Oaktree Specialty Lending Corporation, systurfélag Oaktree Acquisition Corp. II sem er að sameinast Alvotech, 120 milljónum dala, eða ríflega 15 milljörðum króna, á vaxtakjörum sem endurspeglar að um áhættulánveitingu sé að ræða.

Í gær var tilkynnt um samruna Alvotech við Oaktree Acquisition Corp. II, sem er sérhæft yfirtökufélag (e. SPAC) og fyrirhugaða skráningu sameinaðs félags á NASDAQ-markaðinn í Bandaríkjunum. Í tilkynningu frá Alvotech kom jafnframt fram að viðskiptin myndu skila fyrirtækinu um 450 milljónum Bandaríkjadala, sem skiptist þannig að 250 milljónir komi úr sjóðum Oaktree Acquisition Corp. II, 150 milljónir með beinni hlutfjárskningu frá alþjóðlegum fjárfestum og 50 milljónir koma frá núverandi hluthöfum. Heildarvirði sameinaðs fyrirtækisins er sagt vera 2,25 milljarðar dala.

25. júní 2021 tilkynnti Alvotech að eigendur 300 milljóna dala skuldabréfaflokks, sem gefin voru út í desember 2018, hefðu fallist á að breyta um fjórðungi skuldabréfanna í hlutafé. Með áföllnum vöxtum var fjárhæðin sem breytt var í hlutafé 106 milljónir dala, sem endurspeglar 2,7 milljarða dala verðmæti fyrirtækisins, samkvæmt fréttatilkynningu.

Þessi mikla lækkun á verðmæti fyrirtækisins á aðeins hálfu ári skýrist meðal annars af því að fjárfestar nú koma með reiðufé inn í fyrirtækið, en í júní var einungis um umbreytingu skulda í hlutafé að ræða.

Oaktree Acquisition Corp. II er dótturfélag Oaktree Capital Group, LLC og stofnað á Cayman-eyjum. Annað dótturfélag Oaktree Capital Group, LLC er Oaktree Specialty Lending.

Eins og önnur fjármálafyrirtæki skilar Oaktree Specialty Lending Corporation bandaríska fjármálaeftirlitinu (SEC) reglulega ítarlegum skýrslum um starfsemi sína. Skýrslur þessar, sem nefndar eru 10-K, eru mun nákvæmari og ítarlegri en árs- og árshlutareikningar, en engu að síður opinber gögn.



700 manns starfa hjá Alvotech á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hrifust af Alvotech og stjórnendum þess

Róbert Wessman, forstjóri Alvotech, segir Oaktree hafa gerst lánveitanda Alvotech með kaupum á hluta af 300 milljónum dala skuldabréfaflokki fyrirtækisins 2018. Nýtt sameinað félag tekur við því láni og vextir þess muni lækka verulega eftir skráningu félagsins á NASDAQ.

Róbert segir forsvarsmenn Oaktree hafa hrifist af Alvotech: „Þeir voru mjög ánægðir með framgang fyrirtækisins og stjórnendur og því enduðum við að fara í SPAC-samruna með Oaktree, eftir að hafa staðið frammi fyrir tveimur frábærum valkostum þegar kom að því að velja SPAC.“



Í nýjstu 10-K skýrslu Oaktree Specialty Lending Corporation kemur fram að 30. september síðastliðinn átti félagið fjögur svonefnd PIK-skuldabréf útgefin af Alvotech. Öll bera bréfin 15 prósentu fasta ársvexti. Verðmæti þeirra er um 80 milljónir dala og er um helmingur fjárhæðarinnar á gjalddaga í desember 2023 og helmingurinn í júní 2025. Þessi skuldabréf munu vera hluti 300 milljóna skuldabréfaflokksins frá 2018.

Nánast eingöngu fyrirtæki sem teljast í mjög áhættusömum rekstri, eins og til dæmis sprotafyrirtæki, gefa út PIK-skuldabréf, enda eru vextir þeirra jafnan mun hærri en traustari fyrirtækjum stendur til boða. PIK-lán líkjast um margt verðtrygðum íslenskum lánum,

þar sem yfirleitt er heimilt að bæta vöxtum við höfuðstól þeirra fremur en að greiða þá jafnóðum.

Einnig kemur fram í 10-K skýrslunni að Oaktree Specialty Lending Corporation á fjögur veðskuldabréf á fyrsta veðrétti sem gefin eru út af Alvogen, systurfélagi Alvotech. Verðmæti þeirra er um 40 milljónir dala og vextir eru breytilegir með LIBOR-vöxtum og 5,25 prósentu álagi. Samkvæmt upplýsingum frá Alvotech eru þessi skuldabréf Alvotech og samrunanum óviðkomandi.

Samanlögð fjárhæð þessara skuldabréfa er 120 milljónir dala, en fjárhæðin sem nýir alþjóðlegir fjárfestar ætla að leggja nýju sameinuðu félagi Alvotech og Oaktree Acquisition Corp. II til, er 150 milljónir dala. ■



Taugatryllir

Ný glæpasaga eftir háspennudrottninguna Lilju Sigurðardóttur



Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið



Innbundin



Rafbók



Hljóðbók

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | www.forlagid.is



Jóla isveisla



VANILLUÍS MEÐ
JÓLATERTU MYLLUNNAR
...jólalega góð!



Þriðji skammtur veiti mikla vörn

thorvardur@frettabladid.is

COVID-19 Samkvæmt nýrri rannsókn Pfizer virðist örvunarskammtur af bóluefni fyrirtækisins veita mikla vörn gegn Omikron-afbrigðinu; eftir hann er magn mót efna á pari við það sem var eftir tvo skammta gegn fyrri afbrigðum. Þó er aðeins um bráðabirgðarannsókn að ræða.

„Að tryggja að eins margir og mögulegt er séu fullbólusetir og fái örvunarskammt er enn besta leiðin til að hindra útbreiðslu Covid-19,“ segir Albert Bourla, forstjóri Pfizer, í yfirlýsingu. ■

Covid-jól í Danmörku

thorvardur@frettabladid.is

DANMÖRK Mette Fredriksen, forsætisráðherra Danmerkur, tilkynnti um hertar sóttvarnaaðgerðir í gær. Frá morgundeginum þurfa



Mette Fredriksen, forsætisráðherra Danmerkur

skemmti- og veitingastaðir að loka á miðnætti, 50 manna samkomutakmarkanir taka gildi og bannað verður að kaupa áfengi í verslunum að næturlagi. Frá 15. desember er skólahald í grunnskólum fellt niður. Stjórnvöld gera ráð fyrir að aðgerðirnar gildi í fjórar vikur. ■

Vilja auka traust íbúa til lögreglu

birnadrofn@frettabladid.is

REYKJAVÍK Aukið traust nýrra íbúa á Íslandi til lögreglu, er meðal markmiða sem lögð eru fram í aðgerðaáætlun í verkefninu Öruggar borgir á Norðurlöndunum, sem kynnt var á síðasta fundi ofbeldisvarnarnefndar.

Lagt er til að lögreglumenn frá lögreglustöð þrjú kynni sig og sína starfsemi fyrir öllum nýjum íbúum sem taki þátt í verkefninu Velkomin í hverfið þitt. ■

Hart sótt að Johnson vegna myndskleiðs

arib@frettabladid.is

BRETLAND Allegra Stratton, ráðgjafi Borisar Johnson, forsætisráðherra Bretlands, sagði af sér í gær í kjölfar birtingar myndskleiðs sem sýndi hana undirbúa spuna um jólaboð sem haldið var á skrifstofu forsætisráðherrans í Downingstræti 10 í fyrra.

Mjög strangar samkomutakmarkanir voru þá í gildi í landinu og

mátti ekki halda neinar samkomur, ekki einu sinni inni á heimilum. Samkvæmt heimildum breskra fjölmiðla mættu nokkrir tugir í veislu í Downingstræti. Myndbandið sýnir Stratton slá á létta strengi við fjölmiðlafulltrúa, um að segja fjölmiðlum að veislan hafi verið fundur.

Hart var sótt að Johnson í breska þinginu vegna málsins, þar sem hann baðst afsökunar á því og þvertók fyrir að nokkrar reglur hefðu



Allegra Stratton

verið brotnar. Hefur hann einnig boðað innanhúsrannsókn á málinu. Samkvæmt könnun sem Savanta ComRes gerði í gær, telur meira en helmingur Breta að Johnson eigi að segja af sér vegna málsins.

Stratton, sem var meðal annars talsmaður stjórnarinnar í tengslum við COP26-ráðstefnuna í haust, var grátklökk þegar hún tilkynnti um afsögn sína og sagðist myndu ídrast orða sinna út ævina. ■

Borgin sögð í áróðursstríði í Fossvogi

Íbúafundur fór fram í Réttarholtsskóla í gærkvöldi um tillögur skipulagsyfirvalda í borginni um uppbyggingu við Bústaðaveg. Stjórnarmaður í íbúasamtökunum segir borgina í áróðursstríði gagnvart hverfisbúum og kallar eftir bindandi kosningu um tillöguna.

gar@frettabladid.is

REYKJAVÍK „Tilfinning mín er að núverandi meirihluti sé að ganga of langt og of nærri umferðinni og grónum hverfum,“ sagði Eyþór Arnalds, borgarfulltrúi og oddviti Sjálfstæðismanna í Reykjavík, áður en íbúafundur hófst í gærkvöldi um tillögur að uppbyggingu við Bústaðaveg.

Hart er deilt um tillögurnar meðal íbúa í Bústaðahverfi. Þær gera ráð fyrir tveggja til þriggja hæða byggingum ofan og neðan Bústaðavegar með íbúðum á efstu hæðum, atvinnustarfsemi á miðhæðinni og bílakjallara þar undir.

Margar fleiri tillögur um þéttingu byggðar í grónum borgarhlutum eru nú til umræðu og kveðst Eyþór Arnalds aðspurður telja að skipulagsmálin verði í brennidepli í borgarstjórnarkosningunum í vor.

Af hálfu borgaryfirvalda hefur komið fram að breytingarnar við Bústaðaveg muni bera með sér aukna þjónustu og verslun og umhverfið allt verða þar líflegra og hlýlegra. „Það eru engar forsendur fyrir því að það að byggja blokkir við Bústaðavegin gerir Bústaðahverfið blómlegra. Þvert á móti þá má ætla að umferðin verði þyngri og hverfið kaldara eins og þetta lítur út,“ segir Eyþór.

Ólafur Eliasson, íbúi í Fossvogi og einn stjórnarmanna í endurleistum Íbúasamtökum Bústaða- og Fossvogshverfis, sagði fyrir íbúafundinn í gær að borgin væri



Ólafur Eliasson, stjórnarmaður í Íbúasamtökum Bústaða- og Fossvogshverfis

í áróðursstríði gagnvart íbúum hverfisins.

„Mörg okkar sem búum í hverfinu upplifum eins og borgin sé í einhverju PR-stríði við okkur að reyna að troða þessum byggingum upp við Bústaðavegin. Það er gríðarleg reiði í mjög mörgum sem geta afar illa sætt sig við þetta,“ sagði Ólafur, sem kveður íbúana finna hugmyndunum flest til foráttu, enda séu þær algjörlega vanhugsáðar að þeirra mati. „Fólki finnst tillögurnar vera ljótar, þrengja mjög að hverfinu og breyta ámynd þess.“

Þá sagði Ólafur íbúana mjög

ósátta við hvernig staðið sé að málinu og sakar borgaryfirvöld um útúrnsúninga.

„Það er talað um eitthvert íbúalýðræði en 99 prósent okkar heyra fyrst af þessu þegar þetta er kynnt tilbúið. Þegar síðan allt logar á íbúasíðunni okkar vegna þess hversu mörg okkar eru ósátt, kemur fulltrúi borgarinnar fram og segir að það sé bara gamalt fólk yfir sextugu sem sé á móti þessum nýjungum – sem er ekki á nokkurn einasta hátt rétt, fyrir utan hversu ósvifið það er,“ sagði Ólafur.

Að sögn Ólafs hugðust þeir sem eru andvígir áformunum leggja það til á íbúafundinum í gærkvöldi að frestur til athugasemda yrði enn lengdur. „Ég held að það væri lang eðlilegast að fá þessu frestað og að síðan verði bindandi íbúakosning um þessar tillögur,“ sagði Ólafur.

Eyþór kveðst telja öruggt að í vor verði kosið um hvort haldið verði áfram að þetta byggð með því þrengja að umferðaræðum og grónum hverfum, eða hvort það

eigi að opna Reykjavík og fara í uppbyggingu á nýjum svæðum, eins og á Keldum.

„Þarna er ekki verið að hlusta nægilega á vilja fólks,“ segir Eyþór. Fyrir fundinn kvaðst Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ekki eiga von á öðru en góðum fundi.

„Íbúasamtökin hafa verið endurleist vegna áhuga á þessu hverfaskipulagi, sem er mjög jákvætt. Við höfum mjög góða reynslu af samráði við íbúa á undirbúningsstigi vinnunnar við hverfaskipulag, sem segja má að byggji á óskum sem fram komu á fyrstu stigum,“ segir hann.

Dagur undirstrikar að það sem nú hafi verið kynnt séu vinnutillögur.

„Í kjölfar samráðs þá verður formleg tillaga mótuð og hún verður einnig kynnt og auglýst þegar þar að kemur. Fundarboðendur hafa metið það svo að það séu einkum breytingar við Bústaðaveg sem skiptar skoðanir eru um, en það verður fróðlegt að heyra sjónarmiðin,“ segir Dagur. ■

Fulltrúar meirihluta og minnihluta í borgarstjórn mættu á íbúafund í Réttarholtsskóla í gærkvöldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

JÓLIN ERU KOMIN

FK
FJARDARKAUP

*einstök
verslun*

SKANNAÐU OG
TAKTU ÞÁTT
Í JÓLAGJAFLEIKNUM

WWW.FJARDARKAUP.IS/JOL

FROM ICELAND WITH LOVE



STORMUR

HEILSUINNISKÖR

9.900 kr.

RAUÐIR, BLÁIR, LJÓSIR, BLEIKIR OG GRÁIR



kosy
WALK HAPPY

BYLTING FYRIR ÞREYTTA FÆTUR

Með NÍU svæða nuddinnleggi nærðu slökun og vellíðan sem dregur úr spennu og örvar blóðflæði. Heilsuinniskórnr eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir.



PRESSURE
POINTS



BYLTINGAKENNT 9 SVÆÐA NUDDINNLEGG ÚR LEDRI

DREGUR ÚR SPENNU
& EYKUR BLÓÐFLÆÐI

- 1 MJÓBAK & HRYGGUR
- 2 NÝRU & HNÉ
- 3 STUÐNINGUR VIÐ LANGBOGANN & MJÓBAK
- 4 LUNGU, HJARTA & FRAMRISTARBEIN
- 5 ENNISHOLUR
- 6 HÖFUÐ
- 7 HÁLS
- 8 AUGU
- 9 EYRU

DÚNMJÚKAR GJAFIR FYRIR ÞÁ SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM

BOSS
HUGO BOSS

20%

AFSLÁTTUR AF
SLOPPUM

LORD SLOPPUR

Nú 23.920 kr.

Verð: 29.900 kr.

LACOSTE CLUB SLOPPUR

Nú frá 21.520 kr.

Fullt verð frá: 26.900 kr.

20%

AFSLÁTTUR



TEMPRAKON ZONE SÆNG

Sæng með innbyggðri hitastýringu.
Fylling: Gæsadúnn og fjadrir. 135x200 cm.
Verð 59.900 kr.

47.920 kr. **JÓLAVERÐ**



TEMPRAKON ERGOMAGIC

Koddi með memory foam svampi og innbyggðri hitastýringu. Verð 26.900 kr.

21.520 kr. **JÓLAVERÐ**



JOOP RÚMFÖT CORNFLOWER

140x200 cm. 100% egypsk
bómull. Verð: 25.900 kr.

20.720 kr. **JÓLAVERÐ**



ELEGANTE RÚMFÖT BRILLIANT

140x200 cm. 100% egypsk
bómull. Verð: 28.900 kr.

23.120 kr. **JÓLAVERÐ**



DIMMA RÚMFÖT ÝMSIR LITIR

140x200 cm. 100% bómull.
Verð: 14.900 kr.

11.920 kr. **JÓLAVERÐ**



VEFVERSLUN

www.betrabak.is

OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

Betra
BAK

Mældu muninn á milli íslenskra kynslóða



Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur@frettabladid.is

Ungt fólk hefur áhyggjur af andlegri heilsu sinni og drekkur orkudrykki, en það eldra er hamingjusamt og drekkur áfengi. Þetta er meðal þess sem kemur fram í ítarlegri mælingu Prósentis á íslenskum kynslóðum.

SAMFÉLAG Ný mæling Prósentis sýnir reginmun á kynslóðum Íslendinga þegar kemur að afstöðu, áhyggjum og lífni fólks á sumum sviðum, en merkilega lítinn á öðrum. Til að mynda eru áhyggjur af andlegri heilsu langtum meiri hjá yngri kynslóðum en hjá þeim eldri, og er sá munur í tugum prósent. Hins vegar eru áhyggjur af líkamlegri heilsu nokkuð svipaðar.

„Við vildum meðal annars sjá hvernig þessi yngsta kynslóð sem er að koma upp er að hegða sér, til þess að fyrirtæki og stofnanir sem við vinnum með geti áttað sig betur á viðhorfi þeirra og vera betur í stakk búin til að uppfylla þarfir þeirra. Einnig höfum við fundið fyrir mikilli eftirspurn stjórnenda á íslensku kynslóðamælingunni hjá okkur,“ segir Trausti Heiðar Haraldsson, framkvæmdastjóri Prósentis.

Yngstu með mestar áhyggjur

Fyrst var unnið með rýnihópa til að móta spurningarnar sem lagðar voru fyrir fólk á öllu landinu í sumar og haust. Svörumum, um 1.600 talsins, vigtuðum með tilliti til kyns, búsetu og fleiri hluta, var dreift á fjórar kynslóðir: Z-kynslóðina (15 til 24 ára), Y-kynslóðina (25 til 40 ára), einnig betur þekktá sem aldamóta-kynslóðina, X-kynslóðina (41 til 56 ára) og Uppbyggingarkynslóðina (57 til 75 ára), sem á ensku kallast Baby Boomers.

„Athyglisvert er að mælingin sýnir mjög mismunandi mun út frá því sem spurt var um og veitir góða innsýn inn í hugarheim Íslendinga,“ segir Trausti.

Tæplega helmingur landsmanna, 40 til 45 prósent í öllum fjórum kynslóðunum, hefur litlar áhyggjur af líkamlegri heilsu sinni og í kringum fjórðungur hvorki né. Kynslóðamunurinn er lítill en athygli vekur að elsta fólkið hefur minnstu áhyggjurnar, aðeins 24 prósent hafa frekar miklar áhyggjur og 4 mjög miklar. Þessi hópur hefur hins vegar mestar áhyggjur af Covid-19, enda í mesta áhættuhópnum. 36 prósent 57 til 75 ára hafa miklar áhyggjur.

Konur hamingjusamari

Kynslóðabilíð er mjög skarpt þegar kemur að áhyggjum af andlegri heilsu. 43 prósent þeirra yngstu hafa miklar áhyggjur, en 31 prósent litlar. Til samanburðar hafa 15 prósent þeirra elstu miklar áhyggjur af andlegri heilsu sinni, en 62 prósent litlar. Konur hafa almennt meiri áhyggjur af heilsu sinni, líkamlegri og andlegri, einkum konur á höfuð-



Aldamóta-kynslóðin (Millennials) og Uppbyggingarkynslóðin (Baby Boomers) eru ólíkar, en eiga líka margt sameiginlegt.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



10%

þeirra elstu kaupa notuð föt en þriðjungur hinna yngstu.

borgarsvæðinu sem aðeins hafa grunnskólapróf.

Fjárhagsáhyggjur leggjast einnig þyngra á konur en karla. 33 prósent kvenna á aldrinum 41 til 56 ára hafa miklar áhyggjur af peningum samanborið við 22 prósent karla. Áhyggjurnar eru almennt minni hjá fólki með háskóla- eða iðnmenntun.

Þessi kynjamunur í áhyggjum endurspeglar hins vegar ekki hamingju fólks samkvæmt mælingunni, því að fleiri konur sögdust hamingjusamari en karlar. Munurinn var þó ekki mjög mikill og almennt séð mælist hamingja þjóðarinnar mjög hátt.

81 prósent elstu kynslóðarinnar er hamingjusamt en aðeins 3 prósent óhamingjusöm. Eini hópurinn þar sem fleiri mældust óhamingjusamir er karlar 25 til 40 ára með grunnskólapróf, það er 41 prósent á móti 35.



51%

yngstu kynslóðar drekkur orkudrykki en 3 prósent þeirra elstu.

Karlar drekka líka meira áfengi en konur, einkum eldri karlar. 37 prósent karla 41 til 56 ára drekka 4 glös eða meira á viku, en aðeins 15 prósent kvenna. Yngsti aldurshópurinn drekkur áberandi minnst og 40 prósent þeirra aldrei. Hjá yngsta hópnunum snerist hins vegar kynjahlutfallið við og karlar drekka minna.

Langflestir borða kjöt

Þegar spurt var um mataræði voru flestar grænmetisætur og grænkerar (vegan) í tveimur yngstu kynslóðunum, þó aðeins samanlagt 6 prósent í hvorri kynslóð. Grænkerar finnast varla á landsbyggðinni nema í yngsta aldurshópnum, 3 prósent. Hlutfall þeirra kjöttegunda sem fólk neytir er nokkuð svipað, á bilinu 84 til 95 prósent þegar um er að ræða fisk, alifugla-, lamba- og nautakjöt en á milli 75 til 79 prósent þegar kemur að svínakjöti.



74-87%

Íslendinga eru ánægð í vinnunni.


Þrátt fyrir að svo margir neyti dýrafurða hefur meirihluti landsmanna áhyggjur af umhverfismálum. 71 prósent 15 til 24 ára hafa áhyggjur af hlýnun jarðar, þar af 32 prósent mjög miklar.

Hlutfallið er hátt hjá eldri kynslóðum líka en lægst hjá 41 til 56 ára, 58 prósent. Þetta er einnig kynslóðin sem er sist viljug til þess að greiða meira fyrir umhverfisvænar vörur. 31 prósent sagði beinlínis nei við þeirri spurningu, en hlutfallið var á milli 23 til 26 prósent hjá hinum kynslóðunum.


Þegar kemur að trú mátti sjá yngri kynslóðirnar trúá langtum minna á æðri máttarvöld en eldri. 24 prósent 25 til 40 ára telja sig trúuð, en rúmlega tvöfalt fleiri, 49 prósent, eru þó í þjóðkirkjunni og 21 prósent í öðrum söfnuðum. Þriðjungur hinna elstu telur sig trúlausan en aðeins 11 prósent eru utan trúfélaga. ■

Niðurstöður úr nokkrum mælingum Prósentis


Telur þú þig trúaða(n) eða ekki trúaða(n)?




Hversu miklar áhyggjur hefur þú af andlegri heilsu þinni?




Hversu miklar áhyggjur hefur þú af líkamlegri heilsu þinni?



Hversu miklar áhyggjur hefur þú af fjárhag þínum?



Hversu mörg glös af áfengi drekkur þú á viku að jafnaði?



Höldum í gamlar hefðir, skötuveizluna heim!

Fiskibíllinn í samvinnu við Djúpið fiskvinnslu á Granda verður á ferðinni í desember með allt það sem þarf í hina fullkomnu skötuveizlu eins og þær gerast bestar.



Tökum skötupantanir fyrir einstaklinga, fyrirtæki, mótuneyti og félagasamtök.

Hægt er að leggja inn pöntun á panta@djupidfiskvinnsla.is og í síma 419 1550



Fyrir utan hina rómuð skötu, unna á gamaldags hátt af Djúpinu þá er Fiskibíllinn með hamsa, saltfisk og fleira girnilegt úr Djúpinu.

Fylgist með því FISKIBÍLLINN er á ferðinni!



Djúpið
FISKVINNSLA



Vilja aukna nálægð við viðskiptavinum sína

magdalena@frettabladid.is

Stafræna auglýsingastofan Sahara hyggst opna útibú í Orlando í Bandaríkjunum snemma á næsta ári. Davíð Lúther Sigurðarson, stofnandi og meðeigandi Sahara, segir að með opnun útibúsins vilji fyrirtækið vera í nálægð við sína helstu viðskiptavinum og auglýsingafyrirtæki. Þetta sagði hann í sjónvarpsþættinum Markaðinum sem sýndur var á Hringbraut í gærkvöldi.

„Við þurfum að þjónusta okkar viðskiptavinum og vera á sama stað og önnur stór auglýsingafyrirtæki erlendis. Fyrirtæki eins og Facebook, Instagram og öll þessi stóru fyrirtæki eru í Bandaríkjunum,“ segir Davíð og bætir við að með staðsetningunni fylgi aðgangur að hinum ýmsu miðlum sem ekki er unnt að fá á Íslandi.

„Við höfum fundið fyrir því síðustu fimm eða sex ár að við erum eftirbátur þegar kemur að aðgangi að auglýsingaplattformum. Þannig að við þurfum að fara nær þessum fyrirtækjum til dæmis bara með því að fá aðgang að miðlum á borð við Pinterest, TikTok og Spotify, en við höfum ekki aðgang að þessum miðlum hér á landi.“

Hann segir jafnframt að á undanförunum misserum hafi erlendum viðskiptavinum fyrirtækisins fjölgað og því þurfi að nýta þau tækifæri sem felast í opnun útibúsins. „Við



Við þurfum að þjónusta okkar viðskiptavinum og vera á sama stað og önnur stór auglýsingafyrirtæki erlendis.



Davíð Lúther Sigurðarson, framkvæmdastjóri og meðeigandi Sahara

Íslendingar þekkjum Orlando vel því margir hafa ferðast þangað. Þarna úti eru mörg frábær fyrirtæki og einnig góðir starfsmenn með mikla reynslu. Við verðum að nýta þetta tækifæri til að þjónusta okkar viðskiptavinum enn betur, hvort sem það er á Íslandi eða erlendis.

Aðspurður hvort erfitt hafi verið að fá rekstrarleyfi í Bandaríkjunum segir hann að ferlið hafi verið langt og strangt. „Þetta reyndist frekar erfitt og kom mér svolítið á óvart en þetta er allt upp á tíu núna og gengur vel.“ ■



Anna Kristín segir að það hafi verið mikil aukning í auglýsingum á rafrænu útimiðlum eða útiskiltum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Auglýsingastofur kalla eftir auknu samræmi í mælingum

Stjórnarmaður í Samtökum íslenskra auglýsingastofa segir að æskilegt væri að þriðji aðili kæmi að mælingum á áhorfi á auglýsingar í sjónvarpi. Síminn og Sýn hafa dregið sig út úr Gallup-mælingunum og segja fyrirtækin þær mælingar vera gallaðar.

magdalena@frettabladid.is

Samtök íslenskra auglýsingastofa (SÍA) kalla eftir auknu samræmi í mælingum á áhorfi á auglýsingar í sjónvarpi, en samtökin segja að erfitt geti reynst að bera saman upplýsingar úr mörgum áttum.

„Í mjög langan tíma fengum við virkilega góðar upplýsingar frá Gallup. Nú er hins vegar staðan sú að Síminn og Sýn hafa dregið sig út úr því samstarfi og hafa byrjað að safna eigin gögnum. Það hefur valdið því að erfitt getur reynst fyrir okkur auglýsingastofur fyrir hönd auglýsenda að finna samræmi í þessum upplýsingum,“ segir Anna Kristín Kristjánsdóttir, stjórnarmaður í SÍA og starfandi stjórnarformaður Hvíta hússins.

Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóri sölu hjá Símanum, segir að ákveðinn galli hafi verið á mælingunum hjá Gallup.

„Ástædan fyrir því að við fórum út í að mæla þetta á okkar vegum og drögum okkur út úr Gallup-samstarfinu er sú að þessar mælingar Gallup eru bæði gallaðar og stóru miðlunum í hag. Eftir því sem við höfum rannsakað þá fær Ríkisútvarpið alltaf betri niðurstöðu en það á skilið, meðan allir hinir litlu miðlarnir koma verr út úr mælingunum,“ segir Magnús og bætir við að mælingarnar sem Síminn standi fyrir nái til margfalt breiðari hóps.

„Síðan 2004 hefur Gallup framkvæmt svokallaðar PPM-mælingar sem stendur fyrir Portable People Meter. Í því felst að ákveðinn hópur fólks gengur með nokkurs konar símboda í beltinu. Það eru aðeins nokkur hundruð mælur á landinu og ekki margir á til dæmis Austurlandi, meðan við erum að mæla í gegnum 65.000 myndlykla. Okkar mælingar gefa einfaldlega betri mynd af stöðunni. Við náum líka með þessu móti að mæla ólínulega áhorfið betur, en þar er mikill vöxtur í sjónvarpstækjum.“

Freyr Tómasson, deildarstjóri viðskiptaþróunar hjá Sýn, segir ástæðuna fyrir því að fyrirtækið hafi ákveðið að fara í sínar eigin mælingar hafi í grunninn verið sú að þeir hafi viljað fá betri yfirsýn

Mikil aukning í auglýsingum á samfélagsmiðlum

„Það hefur verið mikil aukning í auglýsingum á samfélagsmiðlum undanfarið,“ segir Anna Kristín og bætir við að það sé það sem gerist þegar auglýsingastofurnar fái svo ósamrýmanlegar upplýsingar.

„Þá vilja auglýsendur fara leið sem sýnir sem bestar mælingar. Það hefur verið aukning hjá innlendu netmiðlum sem og rafrænu útimiðlum (útiskiltum), en aukningin er líka gífurlega mikil í erlendu miðlum. Það er mikilvægt að tryggja að þessar birtingatekjur fari ekki allar úr landi og því þarf aukið samræmi í þessum efnunum til að auglýsendur treysti innlendum gögnum sem snúa að innlendum neytendum.“



Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóri sölu hjá Símanum



Anna Kristín Kristjánsdóttir, stjórnarmaður í SÍA og starfandi stjórnarformaður Hvíta hússins

yfir áhorf á sjónvarpsefni hjá Sýn og gefa betri endurgjöf til auglýsenda.

„Við vitum að fleiri þúsund manns horfa á sjónvarpsefni Sýnar á hverjum degi í gegnum myndlykla, vefsíður, app og vef og sáum tækifæri til að nýta þau gögn enn betur til að meta betur hverjir eru að horfa,“ segir Freyr og bætir við að mælingar þeirra séu nákvæmari en PPM-mælingar Gallup.

„Það sem að við höfum fram yfir PPM er að við sjáum inni á hvaða heimili fólk er að horfa á sjónvarpsefni og með því að tengja okkar gagnapýði við þjóðskrá getum við einnig séð hvaða aðrir einstaklingar á heimilinu hafa mögulega horft á sjónvarpsefni. Þetta gefur okkur mikla innsýn í lýðfræði áhorfs, að við teljum með meiri vissu.“

Hann bætir við að Sýn sé með 30.000 myndlykla sem taka niður gögn á hverju degi.

„Það sem gerist einnig þegar þú ert með minna þýði eins og Gallup hefur verið að vinna með, þá eykur það líkur á skekkju, sérstaklega þegar áhorf er minna eins og til dæmis fyrir hádegi, en þá hafa PPM-mælarnir stundum ekki náð að greina áhorf á meðan við sjáum í gögnum okkar að fólk er vissulega að horfa.“

Anna Kristín bætir við að hún skilji á vissan hátt gagnrýni miðlanna og að mælingar Gallup séu á vissan hátt barn síns tíma.

„Gallup hefur í gegnum tíðina notast við svokallaðar PPM-mælingar þar sem fólk gengur með tæki sem mælir áhorf. Með breyttu áhorfi á sjónvarp er eðlilegt að skoða nýjar

leiðir til mælinga þar sem neysluhegðun hefur breyst mjög mikið. Það má heldur ekki gleyma að Gallup gerir fleira, eins og að standa fyrir neyslukönnunum, og það eru fleiri markaðsrannsóknafyrirtæki á markaðnum. Gagnrýni miðlanna er þó ekki óréttmæt og það er rétt að þessar mælingar ná ekki að endurspeglar allt áhorf, en greiningarnar sem Síminn og Sýn standa í endurspeglar aðeins ákveðið mengi og það þarf líka að taka tillit til þess,“ segir Anna og bætir við að það sé ekki gott fyrir neinn þegar allir vinna hver í sínu horninu.

„Það er áhugavert að fylgjast með hvernig Sýn í samstarfi við Data-Lab hefur þróað gervigreindartækni sem hjálpar til við að greina áhorf og nýtt sér tækni til að læra jafnóðum. Þetta er allt mjög spennandi, en óskandi fyrir auglýsendur að aðilar væru að vinna þetta í einhvers konar samstarfi.“

Í mörg ár var miðlægur grunnur þar sem þú fékkst allar neytendakannanir og slíkt. Þú gast líka treyst því að markaðsrannsóknafyrirtæki væri óháður aðili.“

Hún segir jafnframt að æskilegt væri að þriðji aðili kæmi að öflun þessara gagna. „Það sem við köllum eftir er samstarf. Það væri æskilegt að þriðji aðili kæmi að þessari upplýsingaöflun og það þarf að vera hlutlaus aðili sem kemur að þessu,“ segir hún og bætir við að þessi óreiða í upplýsingamálum yti undir að auglýsendur eigi erfðara með að taka ákvörðum um hvar sé rétt að birta miðað við þann markhóp sem horft er til hverju sinni. ■

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á **opticalstudio.is** og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK



FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA




ÍSLENSK VERÐBRÉF

Kynntu þér árangur og úrval ÍV sjóða á WWW.IV.IS


— síðan 1987 —

Öll jól eru bóka jól


Fallegar og áhugaverðar bækur á frábæru verði.




Borg bróður míns
4.899 kr. VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.



Þegar fennir í sporin
4.299 kr. VERÐ ÁÐUR 5.999 KR.



Guð leitar að Salóme
3.899 kr. VERÐ ÁÐUR 5.399 KR.




Kolbeinsey
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.




Tilfinningar eru fyrir aumingja
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Læknirinn í engla verk smíðjunni
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Dyngja
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Djúpið
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Launsátur
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.

Verðútvæla er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 13. desember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabren-



BAUHAUS®




**LAGER-
HREINSUN**

30%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU JÓLASKRAUTI OG JÓLALJÓSUM

MIDAB VIÐ ALMENNT
VERÐ



MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL. 8:00-19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00-18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00-18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800

Verð gildir frá fimmtudeginum 9. desember til og með sunnudeginum 12. desember 2021 á meðan birgðir endast.



Jólaglaðningur fyrir fyrstu 900 viðskiptavinina sem kaupa normannspín með gulum merkimiða

Pegar þú kaupir tréð færðu afhenta inneignarnótu að andvirði trésins. Inneignarnótuna getur þú notað við vörukaup 3. – 12. janúar 2022. Framvísa skal kassakvittun með inneignarnótunni. Hámark 2 stk. á hvern viðskiptavin.





Kaldbakur (1197 m), til hægri, er eitt hæsta fjallið við austanverðan Eyjafjörð og er syðstur tilkomumikilla Látrafjalla sem rísa upp af Látraströnd, og sjást svo vel frá Dalvík.

MYND/ÓMB

Orkumikill hvítabjörn



Tomas Guðbjartsson
hjartaskurð-
læknir og náttúru-
unnandi

Við miðjan norðanverðan Eyjafjörð er Kaldbakur, tignarlegt fjall sem ídulega er snævi þakið efst og speglast fallega í firðinum. Hann er jafnframt eitt hæsta fjallið við norðanverðan fjörðinn og tilheyrir svokölluðum Látrafjöllum sem teygja sig norður Flateyjarskaga og skilja að Fjörður frá Eyjafirði. Neðan Kaldbaks er Grenivík, snoturt kaup­tún með um þrjú hundruð íbúa.

Kaldbakur sést vel frá Akureyri og hefur löngum veitt norðlenskum rithöfundum og skáldum innblástur. Þannig kallaði Davíð Stefánsson frá Fagraskógi hann sitt „heilaga fjall“ og Hannes Pétursson hefur líkt honum við hvítabjörn sem liggur fram á lappir sínar. „Hann er úr grjóti og hryggur hans gnæfir í tæplega 1.200 m hæð yfir sjó. Einhver nefndi dýrið Kaldbak fyrir löngu. Kaldbakur tekur á sig hregg og svalvinda norðanáttar, og þess sér stað: túnin eru sæl með sig í Eyjafirði og lognið verður rjómaþykkt á innfirðinum. Í öllu logninu og veðurbliðunni heyrast hinir rödduðu samhljóðar í máli fólksins skýrar en annars væri!“

Tindur Kaldbaks var ein af sjö orkustöðvum á Íslandi sem sjáandinn Erla Stefánsdóttir heitin kortlagði, en hinar voru Snæfellsjökull, Mýrdalsjökull, Snæfell, Hlöðufell, Herðubreið og Hofsjökull sem var höfuðorkustöðin. Fyrrum var einnig sagt að Norðlendingar hafi farið upp á Kaldbak til að skyggjast eftir hafis, sem var þeirra verst óvinur og þeir óskuðu norður og niður ef til hans sást. Af tindinum er einstakt útsýni yfir allan Eyjafjörð, inn í Svarfaðardal og Hörgárdal, og á góðum degi glittir einnig í Skjálfanda, Mývatnsfjöll og jafnvel Herðubreið. Efst er varða sem hlaðin var af landmælingamönnum danska herforingjaráðsins árið 1914, og talin visir fyrstu landmælinga á Íslandi.

Kaldbakur er auðveldur uppgöngu og tekur gangan báðar leiðir í kringum 5 klst. Hann er einnig frábært fjallaskiðafjall en brekkurnar ofan Grenivíkur eru þægilegar uppgöngu og snjóflóðahætta lítil. Annar valkostur er að taka snjóbíl upp á tindinn, en síðla vetrar og á vorin er boðið upp á slíkar ferðir frá Grenivík. Oftast er skiðuð sama leið niður, en vant fjallaskiðafólk í góðu formi getur bætt við útúrdúrum niður í Fjörður eða norður að stórfenglegri Látraströnd við Eyjafjörð. Reyndar þarf þá að skinna aftur upp á hvítabjörnninn, en þar er jú orkustöð og batteriín hlaðin. Síðan er haldið áfram eftir hrygg bangsa niður að Grenivík. ■



Kaldbakur er frábært fjallaskiðafjall og þarna finna flestir brekkur við sitt hæfi.

MYND/ÓMB



Ólafur Már Björnsson
augnlæknir og
ljósmyndari



Það kemur ekki á óvart að Kaldbakur hafi veitt skáldum og málurum innblástur en í kringum þennan snævi krýnda bangsa er miðnætursólin óviða fallegri.

MYND/RÍKHARÐUR BERGSTAD JÓNASSON



Pakkaafsláttur 20%

Skíða, bretta og gönguskíðapakkar



Everest

Gleymt fólk



Sigmundur Ernir
Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það ríkir umönnunarkreppa á Íslandi. Harla efnuðu samfélagi hefur ekki enn tekist að skjóta skjólshúsi yfir margt af veikasta fólki þess, en fyrir vikið er því komið fyrir á hjúkrunarheimilum, langt fyrir aldur fram.

Þetta er áfellsdómur yfir ráðandi öflum og er algerlega á skjön við þær tyllidagaræður stjórn-málaforingja sem draga einatt upp glansmyndina af framsæknu, réttlátu og þróuðu þjóðfélagi sem skari fram úr í samanburði við önnur lönd.

Miðaldra fólk sem glímur við langvinna og erfiða sjúkdóma er enginn greiði gerður með þessu innihaldslausa rausi þegar núturlegur veruleikinn blasir við; því er ekki ætlaður staður við hæfi í íslensku velferðarkerfi – og má raunar þakka fyrir að fá inni á elliheimilum þar sem þjónusta er miðuð við elstu hópana í landinu.

Fréttablaðið hefur á síðustu dögum rætt við fjölda fólks í þessari stöðu, svo sem Margréti Sigríði Guðmundsdóttur, 59 ára, sem eftir margra mánaða heimilisleysi fékk loksins inni á hjúkrunarheimili, sem hún þakkaði fyrir í sjálfu sér, en hún óskar aftur á móti engum ungum einstaklingi sama hlutskiptis.

Hún glímur við taugasjúkdóminn MS og þarf að reíða sig á umönnun annarra. Skyldi það nú ekki vera nóg?

29. júlí 2021

Vísindamenn hafa fyrir margt löngu reiknað út framleiðslugetu jarðarinnar á súrefni, gróðri og dýrum, því kvika í heimi hér. Lengi fram eftir síðustu öld höfðu þeir ekki áhyggjur af ágangi mannsins á þessa lykilkætti í lífríki hnattarins. Það breyttist um 1980. Þá tók maðurinn jafn mikið til sín og jörðin gaf.

Núna, röksum 40 árum seinna, tekur mannkynið miklu meira til sín en jörðin ræður við. Í ár kláraði maðurinn ársframleiðslu jarðarinnar 29. júlí, en eftir það byrjaði hann að ganga á hana.

Ef fram heldur sem horfir mun þessi dagsetning færast framur, um tvo til þrjú daga á ári. Ástæðan er einkum offramleiðsla og sóun. Í sumum vöruflokkum er helmingnum hent. Og í sumum löndum er neyslan svo mikil, svo sem Sviss, að ef öll lönd jarðar neyttu jafn mikils, þyrfti mannkynið á þremur jörðum að halda.

En það er ekkert lát á sóuninni. Hún er knúin áfram af svokölluðum þróuðum ríkjum sem vilja sitt, heimta sitt. ■

”
En það er ekkert lát á sóuninni. Hún er knúin áfram af svokölluðum þróuðum ríkjum.

ÞÚ FÆRÐ JÓLAGJÖF
IÐNAÐARMANNINS
HJÁ OKKUR

ALIVE
SINCE 1877

HH
workwear

RUBIX

DALVEGI 32a
201 KÓPAVOGI
S. 522 6262
IS.RUBIX.COM

■ Halldór



■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is
arib@frettabladid.is

Forsetinn og samtalið

Uppfæra þurfti skýrslu úttektarnefndar ÍSÍ um KSÍ í gær, eftir að Magnús Gylfason, stjórnarmaður KSÍ, laug að nefndinni um kaffihúsaspjall sitt við eigin konu landsliðsmanns daginn eftir meint heimilisofbeldi. Forseti landsins blandast inn í skýrsluna, en eftir samtali Klöru Bjartmarz, framkvæmdastjóra KSÍ, og forsetans, lagði hún á, gekk að stjórninni og tilkynnti að hún væri farin og vissi ekki hvort hún kæmi aftur. En landsliðspjálari U-17 ára landsliðsins, Jörundur Áki Sveinsson, tók á sprett og elti framkvæmdastjórnann uppi og passaði að hún yrði sótt. Hvað sagði forsetinn eiginlega?

Álftanesbrúin

Það er engin tilviljun að þegar Kársnesingar opna Sky Lagoon, hipp og kúl stað sem er heitur meðal íbúa miðborgarinnar, fái þeir brú þannig að hægt sé að labba þangað á baðsloppnum úr Vesturbænum. Álftnesingar þurfa nú rækilega að leggja höfuðið í bleyti vilji þeir að brúin nái yfir til þeirra líka. Það dugur greinilega ekki að hafa öldulaug og almennilega vatnsrennibraut. Það er spurning hvort brúin birtist ekki skyndilega ef þeir hlaða í eina vegan-mathöll með hjólastíg? ■

Eigum við að virkja Grímsvötn?



Hallgrímur
Axelsson
verkfræðingur

Í þjóðsögum er sagt frá útilegumanni, sem Grímur hét og hafði stíð við hjá vötnum þeim, er síðan eru við hann kennd og kölluð Grímsvötn. Sagan segir að Grímur hafi orðið sekur vegna vígafarla og orðið að fara huldu höfði, en kona nokkur forspá vísaði honum að vötnunum og taldi að hann gæti lifað þar á veiðiskap. Grímur fór sem honum var ráðlagt til vatnanna og gerði sér þar laufskála úr skógi er þar var nógur og tók að veiða í vötnunum. En risi nokkur bjó ásamt dóttur sinni í helli eigi allskammt þaðan og stal hann veiði frá Grími. Lauk þessu svo að Grímur drap risann og tók saman við dóttur hans.

Merkilegustu eldfjöllin

Grímsvötn með Gjalp eru talin í áttunda sæti yfir merkilegustu eldfjöll allra tíma, samkvæmt lista Discovery Channel.

Úrkomusvæði Grímsvatna og Gjalpar er um 200 ferkílómetrar. Bráðið vatn frá yfirborði og bráð undir jöklinum vegna jarðhita safnast í vötnin og vatnsborð hækkar jafnt og þétt, þar til jökulisinn fyrir framan flýtur upp með jökulhlaupi í kjölfarið. Og þarna er um verulegt vatnsmagn að ræða.

Óvenjulegasta virkjun í heimi

Það er hægt að byggja Grímsvatnavirkjun. Göng inn undir jökulinn, göng gegnum bergið að vötnunum og lokuvirki þar. Þúsund sinnum hefur verið opnað fyrir vatnsrennsli undir stöðuvötnum og hægt að gera það í þúsundasta og fyrsta skipti. Tæknilega er þetta reikningsdæmi fyrir arkitekta, jarðfræðinga og verkfræðinga, hvernig verða mannvirkin og hvað kosta þau?

Síðan yrði unnin orka úr jöfnu streymi miðað við vatnshæð t.d. nálægt 1375 m.y.s. Stöðug orkuframleiðsla og engin hlaup síðan. Ef eitthvað kemur upp á í vötnunum yrði virkjunin stöðvuð, lokan í göngunum felld. Síðar þegar um hægist sett í gang aftur. Þetta yrði ein óvenjulegasta virkjun í heimi. ■

”
Þetta yrði ein óvenjulegasta virkjun í heimi.

VG valdar stöðuna býsna vel

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Sumir stjórnmalaskýrendur telja að VG hafi farið halloka í samningum stjórnarflokkanna um nýjan stjórnarsáttmála og uppstokkun ráðuneyta.

Til að komast að þessari niðurstöðu verða menn þó að horfa á VG eins og hún var. Þá má segja sem svo að VG hefði líklega fengið meira út úr því að taka Framsókn með í samstarf við Samfylkingu og Flokk fólksins.

Veruleikinn er hins vegar allt annar.

Flóknara dæmi

VG er ekki lengur róttækur flokkur nema í náttúruvernd. Fyrir fjórum árum náði hann þeirri stöðu að ráða hvernig ríkisstjórn yrði mynduð og hélt henni þrátt fyrir verulegt tap í kosningunum.

Þorri kjósenda VG er sáttur við kyrrstöðupólitik í efnahagsmálum. Atvinnulífið er hins vegar viðkvæmara fyrir henni. Að því leyti gæti Sjálfstæðisflokkurinn verið í þengri stöðu en VG eftir endurnýjun samstarfsins.

Ymsir telja að VG hafi fórnað drottingu með því að láta umhverfisráðuneytið af hendi til Sjálfstæðisflokksins og fallast á að orkumálin yrðu hluti af þeim pakka. En dæmið er aðeins flóknara.

Auðvelt þóf

Á sumum sviðum er löggjöf svo opin að ráðherra getur án lagaþreyinga og samráðs við samstarfsflokka breytt stefnunni í grundvallaratriðum. Heilbrigðisráðherra nýtti sér þetta á síðasta kjörtímabili.

Í orkumálunum getur ráðherra hins vegar ekki hreyft sig um hænuft án nýrra lagaheimilda og samkomulags við samstarfsflokka. VG hefur því fullkomið stöðvunarvald á þessu sviði, sem Sjálfstæðisflokkurinn hafði ekki í heilbrigðismálunum á síðasta kjörtímabili.

Ekki verður því annað séð en að VG hafi valdað þessa stöðu býsna vel. Þau þurfa ekki að hafa meira fyrir því að þæfa orkumálin en Sjálfstæðisflokkurinn hafði fyrir því að bregða fæti fyrir stjórnarskrármál forsætisráðherra á síðasta kjörtímabili.

Þverstæðan

Loftslagsmálin og orkumálin eru eitt stærsta viðfangsefni næstu ára. Þverstæðan í íslenskri pólitík endurspeglar með afar skýrum hætti á þessu málsviði.

Án orkuskipta ná menn takmörkuðum árangri í að koma í veg fyrir kolefnislosun. Og án nýrra virkjana verður lítið úr orkuskiptum.

Ungir umhverfissinnar gáfu Sjálfstæðisflokknum falleinkunn í loftslagsmálum fyrir kosningar. En VG kom út með láði.

Veruleikinn er hins vegar sá að VG er á móti nauðsynlegum virkjunum til þess að orkuskiptin geti átt sér stað. En leifarnar af gömlu stóriðjustefnunni gera það að verkum að Sjálfstæðisflokkurinn er tilbúinn til þess að virkja til þess að ná settum loftslagsmarkmiðum. Við erum á þeim tímapikti að

komast ekki hjá því að forgangsraða eða miðla málum milli náttúruverndar og loftslagsverndar. En VG getur það ekki.

Í raun og veru hefur VG því komið innri pólitískum veikleika í þessu efni yfir á Sjálfstæðisflokkinn.

Ábyrgðin

Mjög ólíklegt er að VG muni nota neitunarvaldið til þess að stöðva allar virkjanafarmkvæmdir.

En ákvarðanir verða dregnar á langinn og þær munu á endanum hvorki duga til þess að fullnægja kröfum um orkuskipti né til þess að ná framsæknum hugmyndum um að nota orku í ríkari mæli til verðmætasköpunar.



Náist loftslagsmarkmiðin ekki situr Sjálfstæðisflokkurinn uppi með ábyrgðina. En VG verður í skjóli.

Náist loftslagsmarkmiðin ekki situr Sjálfstæðisflokkurinn uppi með ábyrgðina. En VG verður í skjóli.

Að auki mun það reynast Sjálfstæðisflokknum erfitt ef hann getur ekki nýtt þetta kjörtímabil til þess að virkja fyrir nýja verðmætasköpun.

Viðsnúningur

Hætt er við að skilaboðin um fjölgun ráðuneyta fari illa í þorra kjósenda Sjálfstæðisflokksins. En útpensla báknsins og fjölgun ríkisstarfsmanna veldur forystu VG ekki erfiðleikum gagnvart kjósendum sínum.

Gagnrýni úr atvinnulífinu á ríkisfjármálastefnunna fyrir að

leggja ekkert af mörkum til þess að ná niður verðbólgu og verja lágvaxtaumhverfið, bitnar fyrst og fremst á Sjálfstæðisflokknum. Hún skemmir aftur á móti minna fyrir VG.

Spár um að utanríkisviðskiptin dragi hagvöxt niður eftir næsta ár, benda til þess að Sjálfstæðisflokknum hafi ekki tekist að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífsins nægjanlega vel. Það er auðveldara fyrir VG að segja að nóg sé til og við getum lifað á aukinni einkaneyslu.

Niðurstaðan er sú að líkur eru á að samstarfið á þessu kjörtímabili verði Sjálfstæðisflokknum erfiðara en VG. Það yrði viðsnúningur. ■

Lægsta meðalverðið er í Lyfjaveri

Samkvæmt nýlegri **verðlagskönnun ASÍ** kom **Lyfjaver best út** miðað við meðalverð fjölda vara í könnuninni.* Kynntu þér vöruúrvalið og lágt vöruverð á lyfjaver.is eða í ver slun Lyfjavers.



LYFJAVER

lyfjaver.is
Suðurlandsbraut 22

* Samkvæmt könnun Verðlagseftirlits ASÍ á lausasólulufjum og öðrum vörum þriðjudaginn 2. nóvember.

Aðkoma MAST og Fagraðs að blóðmerahaldi tóm tjara!



Ole Anton Bieltvedt
stofnandi og for-
maður Jarðarvina

30. nóvember var viðtal við Hrönn Ólafíu Jörundsóttur, forstjóra MAST, á Hringbraut, þar sem farið var ofan í saumana á blóðmerahaldinu og hinum hryllilegu hlíðum þess, en þetta dýranið Ísteka og fjölmargra bænda var loks komið svo skýrlega upp á yfirborðið – þökk sé erlendum dýraverndunarsamtökum – , að MAST gat ekki lengur leitt það hjá sér.

Meðal annars sagði forstjórinn, að það væri mat MAST, að hægt væri að framkvæma blóðtöku af fylfullum merum – reka blóðmerahald – án þess að ógna velferð dýranna. Þetta mat vakti furðu mína. Skorti forstjórann hér nauðsynlega þekkingu eða góða dómgreind?

Hvernig á að vera hægt, með góðu, að koma ótömdum, hálfvilltum hryssum, úr útigangi, sem búið er að rífa folaldið frá, inn í þröngan blóðtökubás, þar sem hryssan er njörvuð niður og höfuð strengt upp með reipum – staða dýrsins negld – til að hægt sé að opna slagæð á hálsi og tappa þar af blóði í 15 langar mínútur!? Heila eilífið fyrir dýrið.

Hvernig getur forstjórinn ímyndað sér, að þessi fjötrun ótaminnar hryssu og það ofbeldi, sem beita þarf dýrið, til að koma nál í háls og tappa 5 lítrum af blóði af því, geti farið fram með friði og spekt!?

Hræðsla og æsingur hryssunnar byrjar vitaskuld þá strax, þegar 2-3 mánaða folaldið er rekið frá henni, og má ætla, að skelfingin stigmagnist, þegar blóðtökumenn höggva aftur og aftur í sama knérunn, beita sama ofbeldinu, viku efir viku, í 8-9 vikur, ár eftir ár.

Árétta skal, að hér er langmest um hálfvilltar, ótamdar merar að ræða, sem eru í útigangi.

Auðvitað ætti forstjóranum að vera ljóst, að mannúðlegt og dýravænt blóðmerahald í þessu formi er ekki til!

Vafasamt framlag dýralækna

Þá vildi forstjóri MAST gera nokkuð með það, að dýralæknar væru alltaf við, við hverja einustu blóðtöku, eins og hún orðaði það.

Þeir voru þá líka við í öllum þeim tilfellum, þar sem gögn AWF og TSB dýraverndunarsamtakanna sýna misþyrmingar og ofbeldi við dýrin! Þessi athugasemd sýnir því



fremur, að ekkert er á þetta dýralæknakerfi að treysta, heldur en hitt, að viðvera og meint eftirlit og handleiðsla dýralækna komi hér að nokkru gagni.

Úrvinnsla MAST vandræðaleg

Þá segir forstjórinn þetta: „MAST er búið að hafa samband við (erlendu) dýraverndunarsamtökin, sem birtu umrætt myndefni, til að fá myndefnið, á hvaða bæjum þessar myndir voru teknar. Verið er að fara yfir, hvort tilkynningar (hverra?) um slæma meðferð hafi borizt MAST og hvernig hafi verið brugðist við þeim“.

Fyrir mér er það allt annað en uppbyggilegt að MAST skuli þurfa að nýta sér rannsóknir erlendra aðila til að átta sig á dýrahaldi, sem MAST sjálft á að hafa eftirlit með og bera ábyrgð á, að fari fram af mannúð, á grundvelli dýravelferðar og standist lög.

Aðkoma Fagraðs til litils sóma

Þann 25. apríl 2016 fór fram fundur í Fagraði um velferð dýra. Fundarboðandi var Þóra J. Jónasdóttir, dýralæknir gæludýra og dýravelferðar. Fundarstjóri var Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir. Aðrir fundarmenn voru meðal annars Katrín Andrésdóttir, fulltrúi Dýralæknafélagsins, dr. Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma og Jón Kalmann, fulltrúi Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Fagraðið gerði sér lítið fyrir og gaf grænt ljós á þann ófögnuð og það dýranið, sem sannast hefur

að blóðmerahaldið er, og allt þetta fólk hefði átt að vita, að svo sé, hefði það viljað eða reynt að kynna sér það.

Í raun hefði almenn skynsemi átt að duga við slíkt mat.

Bókunin var stutt og einföld: „Fagraðið er jákvætt gagnvart nýju leyfi með þeim fyrirvörum sem fram komu í umræðum, sbr. texta“.

Hér voru 4 dýralæknar og sérstakur fulltrúi Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands að verki! Hver hefði trúað svona vinnubrögðum upp á þetta mæta fólk, sem maður hefði haldið, að svo væri?

Lagagrundvöllur fyrir leyfisveitingu líka út í hött

20. júní 2016 gaf MAST svo út „Leyfi til blóðsöfnunar úr hryssum ...“ til Ísteka. Byggði MAST þetta leyfi á reglugerð nr. 279/2002, en sá galli er á gjöf Njarðar, að þessi reglugerð nær eingöngu til dýratilrauna.

Það vekur athygli, að það var Þóra J. Jónasdóttir, dýralæknir gæludýra og dýravelferðar, sem gaf út leyfið, en hún var líka fundarboðandi, þegar Fagraðið gaf grænt ljós á þessa óiðju.

Í 1. gr. reglugerðar 279/2002 stendur: „Markmið reglugerðarinnar er að tryggja velferð dýra sem notuð eru í tilrauna- eða visindaskyni eða alin í þeim tilgangi“.

Hvernig í ósköpunum er hægt að tengja saman dýratilraunir við stórframleiðslu á blóði, 170 tonn, 170.000 lítra, á ári!?

Hér reyndi virkilega á frjótt ímyndunarafli, sveigjanleika,

afstöðu og meðvirkni stjórnvalda, að mati undirritaðs.

Undirritaður spurði yfirlögfræðing MAST, hvort hann hefði veitt stjórn MAST leiðsögn, hvað varðar notkun þessarar reglugerðar við leyfisveitingu. Hann sagðist ekki minnast þess. Vildi að því er virtist hvergi að þessari lagatúlkun koma.

Önnur lög, nr. 55/2013, hefðu átt að koma með öllu í veg fyrir þessa leyfisveitingu, þessa óiðju, en 1. gr. þeirra hljóðar: „Markmið laga þessara er að stuðla að velferð dýra, það er að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meidsli og sjúkdóma, í ljósi þess, að dýr eru skyni gæddar verur“.

Og, hver á að sjá um framkvæmd þessara laga!? Sú stofnun heitir einmitt Matvælastofnun: MAST!

Nýr ráðherra

Í febrúar 2020, fyrir tæpum tveimur árum, veltum við, Jarðarvinir, upp þeim ófögnuði, sem blóðmerahaldið er, og skorudum á yfirdýralækni, stjórnendur MAST og ekki sízt á þáverandi landbúnaðarráðherra, Kristján Þór Júlíusson, að þessi óiðja yrði stöðvuð, m.a. annars út af því, að hún bryti í bága við lög.

Ráðherra gerði ekkert með málið, frekar en fjölmörg önnur dýraverndunar- og dýravelferðarmál. Var meira í öðru misgæfulegu.

Verður nú spennandi að sjá, hvernig nýr ráðherra tekur á þessu stórfellda dýraniðs- og hneyksli-máli, sem varpar skugga á okkur öll, víða um lönd, þessa dagana. ■



Verður nú spennandi að sjá, hvernig nýr ráðherra tekur á þessu stórfellda dýraniðs- og hneyksli-máli.

Lindt
LINDOR

Fullkomið
í veisluna



Ennþá meira úrval af listavörum



dream + create



Listverslun.is



Gagnlegar jólagjafir



Tilvalið fyrir jólaseriurnar



Mikið úrval af fjöltengjum



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Eru mannréttindi fyrir alla?



Kristín Þórðardóttir
félagsráðgjafi hjá
Reykjavíkurborg

Á morgun 10. desember er Alþjóðlegi mannréttindadagurinn og ástæða til að velta upp spurningunni: Eru mannréttindi fyrir alla?

Fólk sem glímir við heimilisleysi og vímuefnafíkn er alls konar, en oft er dregin upp frekar einhæf mynd af því fólk sem fellur undir ádurnefnda skilgreiningu. Af hverju ætli það sé? Er það þekkingarleysi á högum þessa fólks eða er það staðalmyndin sem fólk hefur úr bíómyndum eða bókum? Hér eru margar spurningar settar fram í því skyni að rýna í af hverju ofangreint fólk nýtur ekki sömu réttinda í okkar samfélagi eins og allir aðrir. En hverjir eru „allir aðrir“? Eru það þau sem stunda vinnu, stunda nám, borga skatta til samfélagsins, lenda ekki upp á kant við lögin, þurfa ekki að nýta samfélagslega sjóði og eru ekki húsnæðislaus? Það eru ekki margir í samfélaginu sem falla undir þessa upptalningu, einfaldlega vegna þess að fólk er alls konar og er í alls konar aðstæðum. Þú getur verið í vinnu en samt átt við áfengisvanda að stríða og þurft að fara í

meðferð, þú getur misst vinnuna, misst heilsuna, slasast, orðið fyrir áfalli og svo mætti lengi telja.

Ég vinn með fólk sem glímir við heimilisleysi og/eða glímir við fíknivanda. Við sem vinnum í þessum málaflökki vorum einstaklega glöð þegar Reykjavíkurborg setti fram stefnu í málaflöknum og ræðist í að kaupa 20 smáhýsi til að mæta þörfum þess hóps sem minna má sín í þjóðfélaginu. Við biðum með eftirvæntingu eftir að húsunum yrði komið niður um alla borg og að minnsta kosti 20 einstaklingar myndu fá þak yfir höfuðið. En hver varð raunin? Fólk í samfélaginu, samfélagi okkar allra, spyrnti niður fótum og mótmælti því að smáhúsin kæmu í þess hverfi. Húsin stóðu í eitt ár mannláus á meðan rifist var um staðsetningu þeirra. Á meðan dóu einstaklingar, sváfu úti, nýttu neyðarskýli eða bjuggu við ótryggar aðstæður og ofbeldi.

Mig langar að gefa ykkur innsýn í líf þessa fólks. Þau eru nefnilega alls konar eins og „við öll hin“. Þau eiga ekki rödd, þau berjast ekki fyrir sínum rétti, þau eiga ekki sinn málsvara, þau gera ekki kröfur, þau lifa í skömm. Af hverju lifa þau í skömm? Það er vegna þess að samfélagið lítur á þau sem óhreinu börnin hennar Evu með minni réttindi en við hin, þau hafa ekki sömu mannréttindi og „við hin“.

Við sem vinnum með heimilislausum þekkjum sögur þeirra, sorgir og þrár, vonir þeirra og væntingar



and drauma um betra líf. Því hana eiga þau öll sameiginlega, vonina um betra líf. Þau eru börn sem fengu aldrei tækifæri, þau eru börn sem ólust upp við ofbeldi og vanrækslu, neyslu foreldra, fátækt og jadarsetningu. Sum hver glímdu og glíma enn við geðrænan vanda sem hrakti þau út á jadarinn. Hvar var samfélagið þá til að grípa inn í? Flótti þessa barna var að deyfa sig, þeim var vísað úr foreldrahúsum, ólust jafnvel upp hjá föstureldrum, voru á stofnunum eða í öðrum úrræðum í barnaverndarkerfinu. Sum ólust þó upp við góðar aðstæður, eiga og áttu góða foreldra og traust heimili.

Þau börn glímdu við annað, til að mynda geðrænan vanda og leiddust út í fíkn í kjölfar þess. Eins og áður sagði þá er fólk í samfélaginu ekki einsleitur hópur.

Fólk sem glímir við heimilisleysi og/eða fíknivanda á foreldra, systkini, maka og börn eins og við öll hin. Þau eru elskuð og fólkinu þeirra þykir vænt um þau. Aðstandendum sárnar þegar almenningur talar niður til þeirra, vilja þau ekki sem nágranna eða vilja ekki vita af þeim. Sjá ekki manneskjuna á bak við brostin augu vonleysis og sorgar. Það er svo mikilvægt að almenningur geri sér grein fyrir að við getum



Engir af mínum skjólstæðingum vilja vera þar sem þeir eru.

öll lent í sömu aðstæðum, foreldrar eða systkin okkar eða börn. Reynum að setja okkur í þeirra spor.

Engir af mínum skjólstæðingum vilja vera þar sem þeir eru. Þau binda öll vonir við betra líf, þegar þau til dæmis fá húsnæði, skilning, virðingu og tækifæri á nýju lífi. Allar rannsóknir sýna okkur að þegar fólk fær húsnæði þá finnur það þörf hjá sér til að minnka neyslu og bæta líf sitt.

Ég þekki þessa einstaklinga, sum nota jú vímuefni, sum hafa beitt ofbeldi og brotið af sér í þeim ómurlegu aðstæðum sem þau þurfa að lifa í dags daglega. Sum nota ekki vímuefni, beita ekki ofbeldi eða fremja afbrot. Mörg þeirra sofa í bílakjöllurum, gístiskýlum, inni á fólk sem beitir þau ofbeldi, bílum sínum eða úti, jafnvel undir beru lofti. Þau eiga öll sína sögu, oftar en ekki með slóð áfalla. Ég skil vel að þau séu óstöðug, ógni, beiti ofbeldi, séu örvæntingarfull og hrædd. Ég myndi sjálf vera þar ef ég væri í þeirra sporum.

Munum að öll eigum við rétt á mannréttindum, sama hvað. ■

UNICEF – málsvari barna í 75 ár



Óttarr Proppé
formaður UNICEF
á Íslandi



Guðrún Hálfðanardóttir
varaformaður
UNICEF á Íslandi

UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, á 75 ára afmæli í ár. UNICEF var stofnað eftir seinni heimsstyrjöldina til að bregðast við áhrifum stríðsins á líf barna í Evrópu og sinnir í dag hjálparstarfi fyrir börn í yfir 190 löndum og landsvæðum,

þar sem unnið er að því að bæta líf barna og tryggja réttindi þeirra.

UNICEF er málsvari barna á heimsvísu og sinnir bæði langtímauppbyggingu og neyðaraðstoð, með það að markmiði að mæta þörfum allra barna, alls staðar. Brugðist er við náttúruhamförum og vopnuðum átökum, börnum og fjölskyldum á flotta veitt öruggt skjól, hreint vatn og næring. UNICEF kemur að bólusetningum hátt í helmings allra barna í heiminum gegn lífshættulegum sjúkdómum og hefur haft veruleg áhrif á að tryggja aðgengi stúlkna að menntun, á svæðum þar sem það þykir ekki sjálfsagt að stúlkur gangi menntaveginum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Á hverjum degi sjáum við árangur – árangur sem hefur bein áhrif á líf barna um allan heim. Þetta er okkar



Í stað framfara hefur staða barna versnað til muna.

helsti drifkraftur. Barátta UNICEF á þátt í að stórlega hefur dregið úr barnadauda á heimsvísu, meðal annars með bólusetningum, bættri heilsugæslu og meðferð við vannæringu. Margfalt fjölmennari hópur barna fær meðferð við HIV en áður og fleiri hafa aðgang að hreinu vatni nú en nokkru sinni fyrr. Aftur á móti stendur heimurinn, og um leið UNICEF, frammi fyrir sinni verstu heimskreppu í 75 ár: Skelfilegum áhrifum heimsfaraldurs á líf og rétt-

indi barna. Hætta er á að árangur síðustu áratuga sé í hættu, ekki síst hvað varðar fátækt, heilsu, næringu, aðgengi að menntun, barnavernd og geðheilbrigðismál.

Aldrei hefur þörfin fyrir verkefni UNICEF og samstarfsaðila verið jafn mikil. Í nýrri skýrslu UNICEF kemur fram að Covid-19 faraldurinn hefur valdið því að fjölmörg börn svelta, hafa misst úr skóla og hafa ekki lengur aðgang að heilbrigðisþjónustu. Í stað framfara hefur staða barna versnað til muna.

Um 100 milljónir barna hafa vegna farsóttarinnar bæst í hóp þeirra sem búa við fátækt. Þetta þýðir að á hverri sekúndu frá því um miðjan mars 2020 hafa hátt í tvö börn bæst í hóp þeirra sem eiga vart í sig og á. Farsóttin hefur einnig valdið því að það hefur reynt

þrautin þyngrt að sinna almennum bólusetningum. Það hefur skelfilegar afleiðingar fyrir stóra hópa barna sem ekki bara glíma við afleiðingar heimsfaraldurs heldur eiga einnig á hættu að veikjast alvarlega eða deyja af völdum sjúkdóma sem auðveldlega er hægt að koma í veg fyrir með bólusetningum.

UNICEF stendur fyrir varanlegum umbótum sem breyta heiminum þegar til lengri tíma er litið. Almenningur á Íslandi, ekki síst í gegnum Heimsforeldra, samstarfsfyrirtæki og stjórnvöld, hefur tekið þátt í þessari baráttu með UNICEF á Íslandi. Við kunnum ykkur öllum miklar þakkir fyrir. Við eigum mikið verk fyrir höndum en saman getum við og verðum við að byggja upp heim þar sem réttindi allra barna eru virt. ■



*Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum

20%
AFSL.

AF SKÍÐAPÖKKUM FRAM AÐ JÓLUM

Á að skella sér í brekkurnar í jólafríinu?

ÚTILÍF | *í jólaaskapi*



FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

FIMMTUDAGUR 9. desember 2021



Ferskt og gott fiski-taco slær í gegn.

Gott fiski-taco

starri@frettabladid.is

Léttur réttur sem gott er að njóta á adventunni milli þyngrri máltíða.

Fiski-taco
Fyrir fjóra

Fiskurinn

900 g þorskhnakki í bitum
1 ½ tsk. chiliduft
1 tsk. reykt paprika
½ tsk. hvítlauksduft
¼ tsk. salt
1 msk. ölfuolía

Sósan

½ bolli grísk jógúrt
1 ½ msk. límónusafi
½ tsk. hvítlauksduft
¼-½ tsk. sriracha-sósa
Smá salt

Meðlæti

8 litlar tortilla-kökur
½ litill rauðkálshaus. Rífið smátt
1 lærpera, sneidd niður
¼ bolli saxað kóriander
1 límóna, skorin í litla báta

Blandið kryddinu og kryddið fiski-bitana. Steikið fisk á pönnu við miðlungshita.

Setjið í skál jógúrt, límónusafa, hvítlauksduft, sriracha-sósu og salt. Útbúið meðlætið og setjið í nokkrar skálar. Hitið tortilla-kökur og berið fram ásamt fiskinum og sósunni. Setjið rauðkálið neðst, næst fiskbita, svo lærperuna, sósu yfir og að lokum kóriander. Smá límónusafa yfir. ■



Birna Magnúsdóttir í Selenu segir adventuna skemmtilega þegar viðskiptavinir koma í leit að jólagjöf handa konum í sínu lífi. MYND/ANNA GEIRLAUG ÁRNADÓTTIR

Kúrt í nýjum náttkjól um jólin

Það leynir sér ekki að jólin eru að koma í undirfataversluninni Selenu. Þar fæst margt svo undurfagurt í jólapakkann sem gleður allar konur, og lofar bæði vellíðan og kósí stundum. Líka heillandi skógjafir sem margir hafa fyrir sið á adventunni handa sinni heittelskuðu. **2**





Til hægri má sjá frábært úrval fallegra og léttra sloppa úr modal-velúr, bambus-velúr og bómullar-velúr. Til vinstri eru vinsælir baðsloppar úr blöndu af bómull og bambus, einstaklega mjúkir í fallegum litum.



Fjölbreytt úrval af fallegum náttfötum með áherslu á náttúru efni.



Kvenleiki og rómantík einkenna undirfötin frá Ewa Bien þar sem fara saman falleg form og einstakar blúndur.



Þessi fallegi gráblái litur er einn af nýjum litum vetrarins frá Panache. Hann má einnig finna í náttfatálinunni frá Nina von C og Coemi.

„Þar sem jólin eru tími kósíheita heima fyrir, með konfekt og góða bók í hönd, er fátt betra en að eiga góð náttföt til að hafa það sem notalegast yfir hátíðirnar. Að gefa falleg náttföt eða náttkjól er klassísk gjöf fyrir konur á öllum aldri og svo sannarlega jólagjöf sem hittir í mark,“ segir Birna Magnúsdóttir, eigandi undirfataverslunarinnar Selenu í Faxafeni.

Birna segir ákveðna tiskustrauma vera í náttfötum á milli ára.

„Í ár koma svört náttföt frá öllum merkjunum okkar í Selenu, og svart er nú einu sinni vinsælasti liturinn hjá okkur íslensku konunum,“ segir Birna.

„Að sjálfsögðu eru einnig ljósari litir í boði, því úrvalið er svo fjölbreytt hjá okkur og eitthvað fyrir alla,“ segir Birna og sýnir fjölbreytta liti, svo sem ljósbleika, dökkbleika, vínrauða, grá tóna, bláa tóna, rauða tóna og græna tóna, að ógleymdum svörtu náttfötunum.

„Við leggjum áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt úrval af náttfatnaði úr vönduðum náttúru efnum sem gæla við hörundið og veita einstaka vellíðan. Við þekkjum það svo vel

að fátt jafnast á við að kúra í nýjum náttkjól eða náttfötum um jólin,“ segir Birna brosmild.

Draumagjöfin fæst í Selenu

Desember er ákaflega skemmtilegur tími í Selenu.

„Þá er verslunin full af nýjum og fallegum vörum og mikil tilhlökkun hjá okkur starfsfólkinu að taka á móti viðskiptavinum í leit að fallegum gjöfum fyrir sína heitelskuðu eða konurnar í lífi sínu. Á adventunni fáum við liðsauka frá fyrrum starfsmönnum Selenu, sem finnst ómissandi að koma og taka þátt í jólastemningunni og aðstoða viðskiptavini við val á fallegum gjöfum. Það er nefnilega þannig að í Selenu fæst draumagjöfin,“ segir Birna í jólaskapi.

„Það er mjög gaman að sjá mörg kunnugleg andlit líta inn: Viðskiptavini sem hafa haldið tryggð við Selenu og þigga aðstoð okkar við að velja hina fullkomnu gjöf, sem við svo þökkum fallega inn þannig að fallegi jólapakkinn sé tilbúinn undir jólatréð.“

Frí gjafainnpökkun er einnig í boði fyrir viðskiptavini sem kjósa að versla í vefversluninni selenu.is. „Vefverslunin er frábær gluggi að



Glæsileiki og fallegar blúndur einkenna náttfötin frá þýska merkinu Nina von C. Þau koma í vínrauðu og grábláu og einnig hægt að fá náttkjóla í sömu línu með löngum ermum eða hlýrakjóla.



Stuttir satinnáttkjólar og kimonosloppar frá LingaDore eru sivalsæl jólagjöf og til í ýmsum litum og útfærslum.



Úrvalið af undirfötum í Selenu er stórglæsilegt, fallegir litir, frábær snið og fjölbreyttar stærðir frá undirfatamerkjunum Panache, Lingadore og Ewa Bien.



Dásamlega mjúk náttföt úr náttúru efnum Modal frá Cyberjammies eru á óskalista margra fyrir þessi jól, hægt er að velja um ýmsa liti og tvö mismunandi snið.

versluninni sjálfri og þar er hægt að skoða vörurnar og vörulýsingar í rólegheitum heima, og finna út hvað maður vill versla, hvort heldur sem viðskiptavinir koma til okkar í verslunina eða kjósa að panta í vefversluninni,“ greinir Birna frá.

„Ég vil líka minna á að við bjóðum fría heimsendingu heim að dyrum um allt land með Póstinum.“

Vinsælar skógjafir til kvenna

Úrval af undirfötum, náttkjólum, náttfötum og sloppum er fjölbreytt og glæsilegt í Selenu. Því ættu allir að finna eitthvað fallegt í jólapakkann, hvort sem það er fyrir ungar eða eldri konur.

„Undirföt eru alltaf vinsæl jólagjöf og í Selenu má finna frábært úrval af vönduðum og fallegum undirfötum fyrir öll tilefni og í fjölbreyttum stærðum. Við erum með gott úrval af litum og fyrir þessi jólin eru svartur, vínrauður, gráblár, miðnæturlár og antíkbleikur nýjustu litirnir í undirfatáflórinni,“ upplýsir Birna innan um glæsilegan undirfatnað í Selenu.

„Svo má ekki gleyma skógjöfunum vinsælu, því að gefa fallegt

” Að gefa fallegt undirfatnað í skóinn er hluti af jólahæfðinni hjá mörgum okkar viðskiptavina. Þeir vita að það er aldrei neitt mál að skipta ef stærðin passar ekki.

undirfatnað í skóinn er hluti af jólahæfðinni hjá mörgum okkar viðskiptavina. Margir vita upp á hár hvaða stærð skal velja eða treysta á okkur, og vita sem er að það er aldrei neitt mál að skipta ef stærðin passar ekki.“

Selenu undirfataverslun er staðsett í Bláu húsum við Faxafen, 108 Reykjavík. Sími 553 7355. Opíð alla daga til jóla, til klukkan 18 virka daga og til klukkan 17 um helgar. Boðið verður upp á lengri opnun þegar nær dregur jólum.



Kósi heimasett frá þýska merkinu Nina Von C er tilvalin gjöf, flottar leggings og hvít sið peysa, virkilega fallegt í jólapakkann.

FRÍ
 heimsending þegar
 verslað er fyrir **5.000,-**
 eða meira í vefverslun
ZIKZAKVERSLUN.IS

**FRÁBÆRT ÚRVAL
 AF SPARIFATNAÐI!**
 Krínglan - Glerártorg - ZIKZAKVERSLUN.IS



KJÓLL
9.990,-
 st. S-XXXI
 LEGGINGS
3.990,-
 st. S-XXXL



Bolur
5.990,-
 st. XS-XXXL



Kjöll
7.990,-
 st. S-XXXL



Kjöll
7.990,-
 st. S-XXXL



Kjöll
6.990,-
 st. S-XXXI



KJÓLL
7.990,-
 st. S-XXXL
 LEGGINGS
3.990,-
 st. S-XXXL

KLÚTAR
 Verð frá
3.990,-


TÖSKUR
 Verð frá
4.990,-



Kjöll
6.990,-
 st. S-XXXL



Skyrta
6.990,-
 st. S-XXXL



Kjöll
6.990,-
 st. S-XXXL

Í peysuna fyrir jólin

Það er alltaf gaman að klæða sig upp fyrir jólin, enda gefst þá einstakt tækifæri til þess að vera í sínu fínasta þússi án þess að fólk spyrji mann í sífelli hvort maður sé að fara eitthvert.

jme@frettabladid.is

Gamla klisjan „í kjólinn fyrir jólin“ gildir ekki um hátíðirnar í ár, því jólaflíkin 2021 er blessunarlega ekki þröngur kjóll sem þrengir að við át á reykum steikum. Það allra heitasta þessi jól fyrir dömunar er fallegt og áberandi pils eða buxur, parað saman við fallega peysu í yfirstærð. Það er eitthvað einstakt við það að setja saman mjög sparilegt pils við þykka og hlýja peysu. Við það myndast sérlega notalegt útlit, með sparilegu yfirbragði. Það ætti ekki að koma neinum á óvart að stóru peysurnar eru áfram í brennidepli yfir hátíðirnar, því ef faraldurinn hefur kennt okkur eitthvað þá þurfa þægindin ekki alltaf að víkja fyrir stílum eða öfugt.

Tískuhúsin stimpluðu duglega inn þessa skemmtilegu samsetningu á tískupöllum síðasta vor og pörðu óspart saman falleg pils með ýmsum mynstrum og fallegri áferð og þykkar, stórar og hlýjar peysur. Djúp v-hálsmál voru þá sérlega áberandi enda afar elegant. ■



Þetta guðdómlega gula dress var hluti af haust- og vetrarlinu Max Mara á tískuvíkunni í febrúar síðastliðnum í Milanó. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Peysurnar koma sterkar inn yfir hátíðirnar. Fatamerkið Maryling setur módelið í skyrtu undir peysuna, sem brýtur skemmtilega upp hálsmálið.



Jason Wu sýnir hér fallega peysu í yfirstærð með einu jólalegasta pils sem um getur, en pilsid er fagurlega skreytt Coca Cola glerflöskum.



Mergjað pils úr haust- og vetrarlinu Louis Vuitton. Bosmamikil stígvél undirstrika yfirstærðina á skemmtilegan hátt.

TARAMAR

Jólagjöfin

TARAMAR jólagjöfina
 má versla í Hagkaup og www.taramar.is
 Hagkaup Smáranum, Kringlunni, Garðabæ og Akureyri



CANADA GOOSE®



HITAVEITA Í JÓLAPAKKANN



SPORTIS.IS
520-1000

SPORTIS

SKEIFAN 11
108 REYKJAVÍK

Jakkaföt og jólapeysur eða jafnvel náttföt

Það eru engar reglur um hvernig á að klæða sig um jólin. Sumir vilja fylgja hefðum og klæða sig upp á, en aðrir vilja bara vera í náttfötum. Allt er leyfilegt.

sandragudrun@frettabladid.is

Um jólin og á adventunni er oft mikið um að vera og alls kyns viðburðir og veislur í gangi. Það getur oft verið erfitt að ákveða í hverju á að vera við mismunandi tilefni. Sumum finnst gaman að klæða sig í sitt finasta þúss við hvert tækifæri á þessum árstíma, meðan öðrum líður betur að klæðast einhverju þægilegu en þó snyrtilegu.

Jólapeysur eru á síðustu árum orðnar vinsæll klæðnaður á adventunni. Oft er haldinn jóla-peysudagur á vinnustöðum, vinir hittast og halda jólapeysupartí eða fjölskyldur skera út laufabraud saman í jólapeysunum sínum. Jólapeysur þurfa alls ekki að vera asnalegar og það er jafnvel hægt að klæða þær upp með töff jakka.

Sumir vilja halda í hefðir og klæðast sínu finasta þússi á aðfangadagskvöld og klæðast jakkafötum með bindi eða slaufu, sem er jafnvel enn hátíðlegra. Aðrir kjósa afslappaðri klæðnað eins og skyrty og betri buxur. Þá getur verið skemmtilegt að blanda saman mynstrum og litum fyrir þá sem vilja skera sig úr og eru djarfari í fatavali. Sumum þykir bara best að vera í náttfötum öll jólin. ■



Falleg jakkaföt og bindi eru klassísk jólaföt, vestið gerir fötin sparilegri.



Sumum líður einfallega best að vera í náttfötum öll jólin, það má.

Jólapeysur þurfa ekki að vera asnalegar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



» Sumum finnst gaman að klæða sig í sitt finasta þúss við hvert tækifæri á þessum árstíma.

Það er skemmtilegt að blanda saman mynstrum og litum. Þessi samsetning er afslöppuð en sparileg.

Allt í jólapakkann



Fylgdu okkur á Facebook



LAXDAL
ER Í LEIÐINNI

TRAUST Í 80 ÁR

Skoðið
laxdal.is

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Hægindastólar

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 9. desember 2021



„Við fylgjumst stöðugt með nýjungum frá framleiðendum okkar og fylgjum straumum og stefnum markaðarins,“ segir Svava Hólmarsdóttir verslunarstjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Erum mjög stolt af vöruúrvalinu okkar

Fjölskyldufyrirtækið Dorma selur ekki bara vönduð rúm heldur býður upp á mikið úrval af sófum og hæginda-stólum frá þekktum vörumerkjum. Dorma rekur tvær verslanir í Reykjavík og tvær á landsbyggðinni. [2](#)



Rúmgóður og fallegur hornsófi frá Dorma. Bonded leðurblandan er blanda af ekta leðri og gervileðri og brúni liturinn fer vel í stofunni eða sjónvarpsherberginu.

Dorma er tólf ára gamalt fjölskyldurekið fyrirtæki með mikinn metnað og sterka sýn, enda eru slagorð þess „Láttu drauminn rætast“. Fyrirtækið var stofnað árið 2009 og rekur í dag fjórar verslanir, tvær í Reykjavík og verslanir á Akureyri og Ísafirði. „Frá stofnun fyrirtækisins höfum við einsett okkur að vera leiðandi í að kynna gestum okkar nýjungar á rúnamarkaði ásamt því að sérhæfa okkur í sölu á viðurkenndum heilsudýnum og stillanlegum rúmum, sófum og hægindastólum,“ segir Svava Hólmarsdóttir verslunarstjóri hjá Dorma sem hefur starfað hjá Dorma í átta ár. „Við erum mjög stolt af vöruúrvalinu okkar, sem og af okkar duglega starfsfólki sem tekur vel á móti viðskiptavinum og hjálpar til við að láta drauminn rætast.“



Gott úrval af vönduðum hægindastólum í mörgum litum.



Dorma selur fallega sófa í miklu úrvali og í ólíkum litum.

Gott úrval hægindastóla

Þótt flestir landsmenn tengi Dorma vafalaust við rúm og skyldar vörur býður fyrirtækið upp á mikið úrval hægindastóla og sófa frá þekktum vörumerkjum. „Við höfum lagt mikla áherslu á að efla úrval okkar í hægindastólum,“ segir Svava. „Við teljum okkur vera orðin leiðandi á markaði þar sem við höfum breikkað úrvalið gríðarlega, bæði er varðar gæði og verð en þá höfum við einnig lagt mikla áherslu á lyftistöla sem hafa verið mjög vinsælir meðal eldri kynslóðarinnar.“

Vandaðir sófar

Sófarnir eru ekki síðri, en þeir fást af ýmsum stærðum og gerðum að sögn Svövu. „Dorma býður upp á mjög mikið úrval alls kyns tegunda af sófum. Við höfum unnið náð með sérfræðingum og samstarfsaðilum erlendis í að hanna fallegt vöruúrval sem hentar fjöldanum. Verðstigin hjá okkar spannar vítt svið, allt frá fráberri vöru á góðu verði, til þeirra sem vilja gera vel við sig í vandaðri vöru á hagstæðu verði.“



Stórir og fallegir fjölskyldusófar þar sem nóg pláss er fyrir alla.

Persónuleg og góð þjónusta

Viðskiptavinir Dorma geta búist við persónulegri og góðri þjónustu, segir Svava. „Við erum með gott þjónustuver sem sinnir öllum þörfum viðskiptavina okkar. Þá er okkar frábæra starfsfólk með langa starfsreynslu og góða þekkingu á vörum okkar. Það leggur sig fram við að veita persónulega og góða þjónustu sem byggir á þekkingu og upplýsingum frá öllum okkar framleiðendum.“

Nýjar vörur allt árið

Hvert ár er boðið upp á spennandi nýjungar í verslunum Dorma, sem vekja jafnan athygli viðskiptavina. „Við fylgjumst stöðugt með nýjungum frá framleiðendum okkar og fylgjum straumum og stefnumarkaðarins. Einnig hlustum við á viðskiptavini okkar og hverju þeir eru að leitast eftir hverju sinni. Sem dæmi eigum við von á nýjum sófum og hægindastólum fljótlega, en við erum alltaf með nýjar og ferskar vörur yfir árið.“

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Nánari upplýsingar á dorma.is.

Þitt náttúrulega umhverfi

EKENÄSET hægindastóll

34.950,-



STOCKHOLM innskotsborð

32.950,-/2 í setti

Verslun opin 11-20 alla daga
Skoðaðu alla afgreiðslutíma á [IKEA.is](https://www.ikea.is)





Leirbrúnir litir og hráleiki leika stórt hlutverk í jólaþemanu í ár hjá Stellu. Voffi lætur fara vel um sig á gólfinu þar sem horft er úr eldhúsinu.

Leirbrúnir litir og hráleikinn heilluðu

Aðventan er einn fallegasti tími ársins og margir halda mikið upp á aðventuna í ljósi þess að þá er hægt að skreyta og lifga upp á dimmasta skammdegið með fallegum jólaljósum og hlýjum hlutum sem gleðja augað.

sjofn@frettabladid.is

Bryndis Stella Birgisdóttir innanhúshönnuður, sem ávallt er kölluð Stella, er mikill fagurkeri og nýtur þess að hafa fallegt í kringum sig, sérstaklega á aðventunni. Hún heldur í þann sið að skreyta fyrir hverja adventu en á það til að skipta um þema og liti.

„Ég nýt þess að verja aðventunni með fjölskyldu og vinum. Hver jól er ég með ákveðið jólaþema sem breytist ár frá ári. Núna í ár lýsir jólaþemað í náttúrulegu ræturnar. Kanilstangir, hör, hráar greinar og silkifura eru efniviður sem falla undir þemað,“ segir Stella, sem nýtur hvernar stundar þegar hún setur upp adventuna.

Þegar Stella er spurð hvar hún hafi fengið innblásturinn að uppstillingunum segist hún hafa verið heilluð af ákveðnum litum sem hafi komið hugarfluginu af stað. „Leirbrúnir litir og hráleikinn heilla mikið og voru kveikjan að uppstillingunum,“ segir Stella, sem hefur næmt auga fyrir fallegum og frumlegum uppstillingum sem fanga augað.

„Hlutir sem koma úr ólíkum áttum mynda eina heild þegar þeim er raðað rétt saman. En ég nota vasa, luktir og potta sem ég hef átt til margra ára sem hluta af þemanu,“ segir Stella og finnst skipta máli að geta nýtt þá hluti sem þegar eru til staðar og það þurfi alls ekki að kaupa allt nýtt.

Stella leggur mikla áherslu á samveruna um jólin. „Jólin eru fyrst og síðast kærkominn tími til að styrkja fjölskylduböndin og létta okkur lífið í svartasta skammdeginu. Kertaljós, grennilmur og nærvera vina og fjölskyldu er það sem nærir sálina. Jólahátíðin minnir okkur á sigur ljóssins yfir myrkrinu.“ ■




Eldhúsið er glæsilegt, en hægt er að loka því alveg.



Bryndis Stella Birgisdóttir innanhúshönnuður, sem ávallt er kölluð Stella, er mikill fagurkeri og nýtur þess að hafa fallegt í kringum sig þar sem einfaldleikinn er í fyrirrúmi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Stofan er mjög rúmgóð og nýtist vel.



Glæsilegt baðherbergi hjá Stellu.



Leirbrúna tauservítturarnar koma vel út á hátíðarborðinu þar sem svart, grænt og kanill koma við sögu, á móti ljósum litum.



Sófi og mismunandi hægindastólar. Skemmtilegt að brjóta upp stílinn.



Á efri hæðinni, sem er að hluta undir súð, er gott rými.



Jólaskrautið er lágstemmt en hlýlegt og nýtur sín vel hjá Stellu.

TAXFREE

8. - 13. DESEMBER

ALLAR VÖRUR Á TAXFREE TILBOÐI*

* Taxfree tilboðið gildir af öllum vörum, nema frá IITTALA, BITZ, SKOVBY og sérpöntunum.

Afsláttur jafngildir 19,35% afslætti. Gildir ekki sem viðbótarafsláttur af áður niðursettum verðum. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



Sendum frítt með Póstinum í póstbox, pakkaport og DROPP ef keyptar eru smávörur fyrir 4.900 kr. eða meira.



Reykjavík
Bíldshöfði 20

11 - 18 virka daga
11 - 17 laugardaga
13 - 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1

11 - 18 virka daga
11 - 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100



HÚSGAGNA
HÖLLIN

Sveitakot með einstakri hlýju og rómantik

Ein af vinsælum jólamyndum er án efa The Holiday, sem margir leggjast yfir ár eftir ár til að fá í sig jólastemningu. Það er ekki síst litla kotið í ensku sveitinni sem gerir myndina rómantíska og hlýlega.

elin@frettabladid.is

Litla enska kotið sem í myndinni nefnist Rosehill Cottage, er því miður ekki til í alvöru. Það var sviðsett og útveggirnir byggðir í hlíð, nálægt enska þorpinu Shere. Hönnuður myndarinnar, Jon Hutman, hafði leitað lengi að svipuðu húsi á Englandi sem þó mátti ekki vera of langt frá London. Krúttlegasta og minnsta húsið fann hann nálægt National Trust, en það var einangrað og í meira en fjögurra stunda akstursfjarlægð frá London. Ef þau hefðu notað það hefði það orðið of dýrt, þar sem leikararnir voru staðsettir í höfuðborginni. Úthliðar Rosehill Cottage voru því búnar til og rifnar eftir að tókum á myndinni lauk.

Innblástur að hönnun hússins var fenginn frá hinu raunverulega Honeysuckle Cottage, sem er staðsett í þorpinu Holmbury St. Mary nálægt Dorking. Rosehill, hið skáldaða hús í myndinni, sem var heimili Iris Simpkin, leikinnar af Kate Winslet, var byggt nálægt Shere, sem er bær staðsettur um 40 mínútur fyrir utan London. Atriði úr bænum voru raunar tekin



upp á tveimur stöðum, Shere og Godalming.

Kvikmyndateymið fékk góða aðstoð við að byggja Rosehill sem síðar reyndist verða rómantískur staður með mikinn sjarma og karakter. Innréttingar í húsinu voru hins vegar gerðar í Kaliforníu. Allt svo notalegt og skapaði fullkomna innlifun áhorfandans á litlu, ensku sveitahúsi. Bjálkar í lofti og arineldur, ósamstæð húsgögn sem virkuðu vel saman. Upphaflega átti að nota nútímaleg húsgögn en frá því var horfið þar sem þau hefðu ekki skapað sömu stemningu. Húsið mátti þó ekki

vera ömmulegt, þar sem ung kona var búsett í því.

Eldhúsið var til dæmis afar heillandi með máluðum steinveggjum og himinbláum skápum, opnum hillum og bláu og hvítu matarstelli.

Þeir sem ætla að gera sér ferð til Shere til að skoða húsið verða fyrir vonbrigðum því það finnst ekki. Hins vegar er Shere einkar fallegur staður, friðsælt þorp í Guildford í Surrey sem er í raun vinsæll ferðamannastaður. Þarna búa um 4.000 íbúar og í þorpinu má sjá krár sem koma fyrir í myndinni eins og Hvíta hestinn og William Brau. Í

Sena úr The Holiday þar sem Cameron Diaz, sem lék Amanda Woods, labbar hér út frá Rosehill Cottage.



Eldhúsið var ekki síður skemmtilega hannað.



bænum er auk þess kirkja frá 12. öld. Áin Tillingbourne rennur í gegnum þorpið. Þorpið Shere hefur verið notað í nokkrum frægum bíómyndum auk The Holiday og má þar nefna Four Weddings and a Funeral (1994), Bridget Jones: The Edge of Reason (2004) og The Wedding Date (2005). ■

Kósi andrúmsloft var skapað í stofunni án þess að gera hana ömmulega.



Teg. ALEX



Teg. WILLJAM



Teg. Charles



ELITE hvíldarstólar

3 tegundir
3 möguleikar
Anelin leður allan hringinn
3 litir



Teg. CHARLES



Teg. WILLJAM



Opið virka daga
11-18
laugardaga
11-15

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN



Frábærar gæsadúnsængur og koddar úr hvítum gæsadún



Excellent Warm Dúnsæng

140x200cm 860gr. Kr.64.700.-

Superior Koddi

Mjúkur 50x70cm. 410gr. Kr.25.300.-

Þéttur 50x70cm. 550gr. Kr.32.000.-

Hágæða sængurfatnaður frá
Georg Jensen Damask, Gant Home og DUX



GANT Sængurverasett

Sængurver 140x200cm.

Koddaver 50x70cm.

Verð frá kr.32.800.-

DUXIANA
Ármúla 10
S. 568-9950
duxiana.is

DUXIANA®

Hápróaður svefnbúnaður



Eames hægindastóllinn á heimili í Kaupmannahöfn. MYND/ADSEND

Innblástur út íþróttum

elin@frettabladid.is

Það getur verið erfitt að finna góðan hægindastól. En hvað er það sem gerir góðan stól? Hann þarf að vera þægilegur að sitja í en að sama skapi þarf hann að vera fallegur í stofu. Til eru nokkrir frægir stólar sem setja punktinn yfir i-ið í stofunni. Þeirra á meðal er Eames hægindastóllinn.

Eames hægindastóllinn eftir Charles og Ray Eames er sagður vera í sérflokk þegar kemur að slíkum stólum. Hann var hannaður árið 1956 og þótti strax vera mikill klassi yfir honum. Hönnuðirirnir vildu gera klassíska hönnun og markmið þeirra var að gera enn þægilegri stól en áður hafði þekkt. Innblásturinn kom frá hafnaboltahanska. Þessi stóll biður mann að setjast niður með góða bók í hönd og gleyma öllu öðru í kringum sig. ■



Uppblásnir stólar voru það heitasta í stuttan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Uppblásinn unglingsdraumur

sandragudrun@frettabladid.is

Uppblásanlegir hægindastólar komust í tísku seint á 10. áratugnum og varla var til það unglingsherbergi sem ekki skartaði slíkum stól. Stólarnir voru oft í skærum litum og pössuðu vel við lavalampann sem lýsti upp herbergið. Í Bandaríkjunum urðu stólarnir vinsælir meðal háskólanema sem áttu litla peninga og lítið pláss fyrir húsgögn. Auðvelt var að flytja stólana milli staða og þeir voru líka góður kostur þegar rýma þurfti heimavistina fyrir sumarfrí. En þægilegir voru uppblásnu stólarnir ekki. Ef sest var í þá var ekki auðvelt að standa upp og fót þess sem sat urðu rafmögnuð. Jafnskjótt og stólarnir poppuðu upp í verslunum hurfu þeir. Eftir aldamótin voru þeir alls ekki eftirsóknarverðir lengur, enda höfðu unglingsarnir sem áttu þá fullorðnað og uppgötvað að uppblásanlegir stólar sem springa af minnsta tilefni eru ekki hentugustu húsgögnin. ■

Heimsins þægilegasti hægindastóll

thordisg@frettabladid.is

Þegar hægindastóllinn 6250 kom fyrst á markað, varð hann fljótt þekktur sem þægilegasti stóll í heimi. Það var breski húsgagnaframleiðandinn G Plan sem tefldi honum fyrst fram á markaðinn árið 1962, en fyrirtækið var stofnað árið 1898 og hefur að markmiði að skapa yfirmáta glæsilega og þægilega stóla og sófa.

Stóllinn 6250 er einkar virðulegur ásýndar, djúpur, víður og

mjúkur, og með skemli í stíl veitir hann hámarksslökun. Þá er hann bæði á snúningsfæti og hægt að rugga honum.

G Plan-hægindastóllinn var áberandi í kvikmyndum og sjónvarpi á sjöunda áratugnum. Hann G Plan 6250 er stórglæsileg mubla. Það er eftir að hafa sést sem stóll skúrksins Blofelds í James Bond-myndinni You Only Live Twice árið 1967.



Þá sást hann líka í Bitlamyndinni Help! frá árinu 1965 þar sem John Lennon lét fara vel um sig í 6250-stól í húsi Bitlanna og lék þar á gítar.

Framleiðslu 6250 var hætt árið 1982 en þrjátíu árum seinna, eða árið 2012, ákvað G Plan að endurvekja hönnun gamla hægindastólsins og kalla hann The Sixty Two. Hver

einasti stóll er handgerður í húsgagnaverksmiðju G Plan í Melsham á Englandi og hannaður til að standast tímans tönn.

Stóllinn var upphaflega bólstraður í svörtum vínlyt en fleiri litir komu síðar til sögunnar og fæst hann nú í tugum mismunandi áklæða og lúxusleðurs. The Sixty Two er afar státsleg mubla og þykir hinn fullkomni gríðastaður þegar fólk vill njóta dekurs, vellíðunar og næðis með eigin hugsunum eða góðri bók. ■



MODULAX HÆGINDASTÓLAR
BELGÍSK HÖNNUN OG ÞÆGINDI Á HVERT HEIMILI

Sæktu Modulax appið á modulax.be og skoðuðu hvernig stóllinn lítur út á þínu heimili

EINSTÖK ÞÆGINDI OG SLÖKUN um jólin



PANDORA

RAFSTILLANLEGUR

Verð 249.990.-

ZERO GRAVITY

FRÁBÆR VERÐ

RAFSTILLANLEGIR HLEÐSLUSTÓLAR

- 3-MÓTORA HÆGINDASTÓLL
- HANDVIRK OG ÞÆGILEG HÖFUÐPÚÐASTILLING 42°.
- INNBYGGÐ HLEÐSLURAFHLAÐA SEM ENDIST 250 SINNUM FYRIR ALLA MÓTORA.

EIN HLEÐSLA ENDIST Í MÁNUÐ

IRIS
RAFSTILLANLEGUR
Verð 239.990.-

ZERO GRAVITY



JAMES

STÓLL MEÐ SKEMLI
Verð 169.990.-



POSEIDON
RAFSTILLANLEGUR
Verð 269.990 kr.-



APOLLO
RAFSTILLANLEGUR
Verð 269.990.-

ALLA MODULAX STÓLA ER HÆGT AÐ SÉRPANTA SEM LYFTUSTÓLA

STILLINGAR

Svefn & heilsa

★★★★★

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu



BALDURSNES 6 - AKUREYRI



VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233

BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is



UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.



That's Me - Hneppt Jakkapeysa
Stærðir 38-52
Verð 23.980 kr

1024x1024 =
STUDIO Dina Kjöll
Stærðir 38-56
Verð kr. 12.980

GOZZIP Alberta kjöll
Stærðir 42-56
Verð kr. 22.980

STUDIO Hilda shiffon ponsjó
Stærðir 36-52
Verð kr. 9.980

STUDIO Agnes tunika með áfastri slá
Stærðir 38-56
Verð kr. 15.980

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZÉZE
Nordic

OPHILIA



MOLLY JO blámynstraður sparikjöll
Stærðir 38-46
Verð kr. 32.980

SANDGAARD Helsinki síð peysa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 36-54
Verð kr. 13.980

GOZZIP Dorit síð þrjóna peysa
Fæst líka í Camel
Stærðir 38-56
Verð kr. 16.980

STUDIO Amanda opin peysa
Stærðir 38-56
Verð kr. 16.980

GOZZIP Ali úlpukápa
Stærðir 38-56
Verð kr. 36.980

SYBEL+

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

tamaris

GOZZIP

Handberg

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



Yest/YESTA - Peysukjöll
Fæst líka í Navybláu
Stærðir 38-58
Verð 10.980 kr

GOZZIP Monica pleðurjakki
Stærðir 40-56
Verð kr. 22.980

LASESSOR Varnamo silkiklútur
Fæst líka í vínrauðu
Verð kr. 6.990

YIWU DANLEY - flísfóðruð húfa með skyggni
Fleiri litir til
Verð kr. 4.990

Jana Lokaðir Inniskór
Stærðir 37-42
Verð kr. 11.990

Verzlunin Belladonna



belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Villibráðargjafakörfur og spennandi jólabúð

Silli kokkur er verðlaun-
aður villibráðarkokkur. Frá
fimmtudegi til laugardags
frá 12-20 verður opið hús í
jólabúð hans á Kársnesbraut
112. Þá geta gestir og gang-
andi smakkað villibráðar-
kræsingar af bestu gerð.

Fyrir tveimur árum hlaut Sigvaldi
Jóhannesson, betur þekktur sem
Silli kokkur, gullverðlaun Asksins
fyrir gæsakæfuna sína, gæsaborg-
arinn hans var valinn besti götubiti
ársins 2020 og hreindýraborgarinn
vann götubita ársins 2021. Silli er
mikill veiðimaður og framleiðir
fjölbreyttar vörur úr villibráð.

Það er orðin hefð hjá Silla og
eiginkonu hans, Elsu Blöndal Sig-
fúsdóttur, að opna eldhúsið sitt
upp á gátt á adventunni og bjóða
gestum að smakka dýrindis villi-
bráð auk fjölbreytts meðlætis.

„Við kaldreykjum bráðina og
erum með sjö tegundir af reyktum
og grófum gæsabringum. Við
erum líka með andabringur og
sjöfugl. Svo framleiðum við með-
læti eins og sultaðan rauðlauk og
sultaðan jólaluauk með eplum og
trónuberjum til að nefna eitthvað,
einnig erum við með hindberja-
súkkulaði vinaigrette, bláberja
vinaigrette og fleiri bragðtegund-
ir,“ segir Elsa og bætir við að margir
komi í heimsókn til þeirra ár eftir
ár til að smakka góðgætið sem Silli
töfrar fram.

Opið hús um helgina

Í ár hafa hjónin ásamt börnum
þeirra, Grétari Jóhannesi og Petrósu
Maríu, opnað verslun á Kársnes-



Silli kokkur býr til gjafakörfur með girnilegum réttum úr villibráð.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

braut 112 þar sem hægt er að skoða
úrvalið af þeim rúmlega 30 vörum
sem Silli hefur búið til, sem og úrval
frá öðrum smáframleiðendum eins
og Lindarbrekku, Holti og heidum,
Rjómabúinu Erpsstöðum og síðan
fallegt handverk frá Uglu hand-
verki.

„Við verðum með opið hús í
búðinni á fimmtudag, föstudag og
laugardag frá klukkum 12-20. Þar
verður hægt að smakka vörurnar
okkar og fólk getur svo valið hvað
það vill í jólamatinn,“ segir Silli.

Silli býr til hefðbundna rétti úr
villibráðinni, en hann hefur líka
gaman af að prófa sig áfram með
nýjar útfærslur. Hann hefur meðal
annars búið til anisgæs, sem er
reykt gæsabringa með eftirkeim
af lakkrís og nýtt með henni í ár
er peru-lakkrís vinaigrette og

jólægæsabringu sem er marineruð
í hvítvíni eplum og kanil og er
þurrkuð og kaldreykt. Elsa, konan
hans, segir að stundum haldi hún
að hann sé ekki með öllum mjalla
þegar hann stingur upp á nýjum
útfærslum.

„Eins og kaldreyktri barbeque-
gæsabringu. Hún reyndist svo
algjört lostæti, skorin í þunnar
sneiðar og borðuð eins og snakk,
eða því nýjasta: „bauninni“ en það
er grafin og kaldreykt gæsabringa
sem hefur verið grafin meðal ann-
ars með kakóbaunum frá Madaga-
skar sem við fáum hjá Omnom,“
segir hún hlæjandi.

Girnilegar jólakörfur

Í búðinni á Kársnesbrautinni er
einnig hægt að skoða úrval af villi-
bráðarjólakörfum sem innihalda



Pau hjónin reka líka matarvagn sem er á ferðinni á adventunni. MYND/ADSEND

bland af því besta af villibráðar-
réttum Silla auk spennandi með-
lætis.

„Jólakörfurnar hafa verið mjög
vinsælar hjá fyrirtækjum sem
jólagaðir til starfsfólksins, en við
seljum þær líka til einstaklinga.
Gjafakörfurnar eru spennandi val-
kostur sem hittir í mark,“ segir Silli.

Hjónin Silli og Elsa reka einnig
veislupjónustu, en þar sem lítið
hefur verið um veislur undanfarið
hafa þau einnig rekið matarvagn

til að fleiri eigi möguleika á að
smakka góðgæti úr villibráð.
Vagninn verður á ferðinni fyrir
jólin og hægt verður að fylgjast
með ferðum hans á Facebook-síð-
unni sillikokkur.is matarvagn. ■

Nánari upplýsingar um gjafakörf-
urnar og vörurnar má finna á silli-
kokkur.is. Opnunartími jólabúðar-
innar er auglýstur á Facebook
síðunni sillikokkur.is.

Ástfangin og glæsileg á rauða dreglinum

Stjörnuþarið Zendaya og
Tom Holland heilluðu
fjölmíðla upp úr skónum
í myndatöku til að kynna
Spider-Man: No Way Home
um helgina. Þau töluðu um
samband sitt og voru sér-
lega glæsileg, en fót Zendaya
voru greinileg skirskotun í
vefi Köngulóarmannsins.

oddurfreyr@frettabladid.is

Leikararnir Tom Holland og
Zendaya eru á fullu að kynna
nýju Spider-Man myndina, sem
verður frumsýnd 17. desember. Um
síðustu helgi mættu þau saman í
myndatöku í London sem var hluti
af kynningu myndarinnar og gáfu
fjölmíðlum um leið smá innsýn í
samband sitt, sem þau héldu lengi
leyndu.

Zendaya mætti í fötum frá Alex-
ander McQueen, sem voru greini-
lega með vísun í vefi Köngulóar-
mannsins, en hún er vön að vera
í klæðnaði sem hefur skirskotun
til kvikmyndanna sem hún er að
kynna. Tom Holland var sjálfur
í leðurjakka, hnepptri skyrtu og
svörtum buxum frá Celine, en Law
Roach er stílisti þeirra beggja.

Þarið geislaði af gleði og þau áttu
erfitt með að slíta augun hvort af
öðru. Þau röbbuðu við fjölmíðla
um alla athyglina sem samband
þeirra fær og voru sammála um að
vera ekki sérlega hrifin af henni.

Í nóvember sögðu þau við tísku-
tímaritið GQ að það hefði ekki
verið ætlunin að greina frá sam-
bandi þeirra opinberlega, en upp
komst um það í júlí þegar myndir
náðust af þeim að kyssast. Zendaya
sagði að áhugi fólks á sambandinu
væri „frekar skrittinn og furðulegur
og ruglandi og óþægilegur“ og
Holland sagði um kossafleðnið sem
náðist á mynd að einn af ökostum



Föt Zendayu, sem eru eftir hönnuðinn Alexander McQueen, voru greinileg vísun í vefi Köngulóarmannsins, en Tom Holland var í fatnaði frá Celine.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Stjörnuþarið Zendaya og Tom Holland gat varla lítið hvort af öðru í myndatökunni um síðustu helgi. Þau töluðu við blaðamenn um hve mikilvægt það hefði verið að styðja hvort annað við gerð Spider-Man þrileiksins.

Zendaya mætti í fötum frá Alexander McQueen sem voru greinilega með vísun í vefi Köngulóarmannsins.

frægðarinnar væri að geta ekki
haft stjörn á því hvað þau gera
opinbert. Þeim fannst eins og þau
hefðu verið rænd einkalífínu.

Hjálpaði Holland að höndla frægðina

Þau töluðu líka um stuðninginn
sem þau hafa veitt hvort öðru við
gerð þrileiksins um Köngulóar-
manninn. Holland byrjaði á því
að slá Zendayu gullhamra og tala
um hvað hún liti fallega út, eins og
alltaf, og að hún væri vitur eins og
ugla. Zendaya sagði sjálf að hún
væri gömul sál og fólk kallaði hana
oft ömmu, sem henni þætti ekkert
slæmt.

Holland sagði líka að stuðningur
og félagsskapur Zendayu í gegnum
gerð kvikmyndanna um Spider-
Man hefði skipt hann miklu máli,
ekki síst þar sem þau voru að
miklu leyti að ganga í gegnum
það sama. Hann sagði líka að það
hefði gjörsamlega breytt lífi hans
að verða Köngulóarmaðurinn, því
persónan er svo vel þekkt um allan
heim og það hefði verið ótrúlega
gagnlegt að geta fengið ráð og
aðstoð frá Zendayu, sem hefur sjálf
langa reynslu af því að vera fræg,
en hún sló fyrst í gegn á Disney-
sjónvarpsstöðinni.

Zendaya tók undir mikilvægi
þess að veita hvort öðru stuðning
og vera til staðar fyrir hvort annað
þegar eitthvað bjatar á. Hún
sagðist líka hafa haft samkennd
með Holland, sem varð ofurfrægur
á mjög skömmum tíma, á meðan
hún bjó að því að verða fræg hægt
og rólega. Hún hjálpaði honum því
að fóta sig á frægðarbrautinni. ■



Í HÁTÍÐAR- SKAPI MEÐ DEL MONTE

Ómissandi í
forréttinn,
aðalréttinn og
baksturinn



Skrautlega klæddir verðlaunagestir

Síðasta þriðjudag fór People's Choice Awards-hátíðin fram í Santa Monica í Bandaríkjunum. Fjöldi stjarna og gesta mætti í vel völdum flikum við hæfi.

starri@frettabladid.is

People's Choice Awards var haldin síðasta þriðjudag í Santa Monica í Bandaríkjunum. Ólíkt flestum stærri hátíðum í tónlistar- og kvikmyndabransanum er það almenn-

ingur sem velur verðlaunahafana og er hátíðin fyrir vikið frjálsglegri og skemmtilegri, að margra mati.

Hátíðin fór fyrst fram árið 1975 og breytast verðlaunaflokkar oft á milli ára. Meðal verðlaunahafa í ár má nefna Dwayne „The Rock“ Johnson, Scarlett Johansson, Christina Aguilera, Simu Liu, Kim Kardashian, Halle Berry og Tom Hiddleston.

Stjörnurnar og aðrir gestir mættu að sjálfsgöðu í sínu finasta þússi. Skoðum nokkra vel valda gesti. ■



Leikarinn Dwayne Johnson mætti í þægilegum fatnaði meðan söngkonan Christina Aguilera mætti öllu litfegurri.



Leikarinn og grínistinn Echo Kellum var léttklæddur.



Laverne Cox mætti í þessum fallega fjólubláa kjól. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Halle Berry var glæsileg að vanda.



Samfélagsmiðlastjarnan Dorothy Wang.



Leikarinn Jack Quaid mætti vel röndóttur til leiks.

HLÝJAR JÓLAGJAFIR

HANDA ALLRI FJÖLSKYLDUNNI

FELÐUR

VERKSTÆÐI

Verslun | Snorrabraut 56, 105 Reykjavík | 588 0488 | Vefverslun á Feldur.is

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbodsvetur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



Audi A3 Sportback e-Tron Hibryd. 8/2017 Modelár 2018. Ekinn aðeins 40 þús.km. Sportsæti. Panorama glerþak. 17" álfelgur. Sjálfskiptur. LED ljós. Ofi. Lækkað verð aðeins 3.990.000,-



Nýr 2021 Nissan Leaf e+ 62 kWh Tekna 3ja ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Með öllu sem hægt er að fá í þessa bíla. Reykgrár - hvítur og Dökkgrár. 800.000 undir tilboðsverði umboðs á aðeins 4.990.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

Nympha-dora

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

Rafvirkjun

Lampa og ljósakrónu viðgerðir & almenn rafvirkja vinna. Jens G. Löggiltur rafvirkji s: 778-7171

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá byli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

3ja ára

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir dióðljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.



FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



job


Finum draumastarfið saman

Erum við að leita að þér?

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir, mótörhjóna og snjósléðasæti. Húsbilaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bærustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is



LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagn.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is



Varahlutir í lyftara



- Toyota
- Hyster
- Yale
- Jungheinrich
- Ofi.

Vertu vinar okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

hagvangur.is



HAGVANGUR

POP-SECRET

ÖRBYLGJUPOPP

LEYNDARMÁLID
ER Í BRAGÐINU



369,5

Lewis Hamilton og Max Verstappen leiða keppnina um heimsmeistaratitil ökuþóra með 369,5 stig hvor. Næsti maður, Valtteri Bottas, er með 218 stig.

47

Alls eru 47 ár liðin síðan tveir ökuþórar voru síðast jafnir fyrir lokakappaksturinn. Þá voru Emerson Fittipaldi og Gianclaudio Regazzoni jafnir með 52 stig fyrir loka-keppnina.

7

Hamilton hefur unnið sjö heimsmeistaratitla ökuþóra. Með sigri um helgina yrði hann sigursælasti ökuþór allra tíma og tæki fram úr Michael Schumacher.

17

Verstappen hefur sautján sinnum endað á verðlaunapalli en Hamilton sextán sinnum.

5

Hamilton er sigursælasti ökuþór allra tíma á brautinni í Abú Dabí. Ökuþórinn hefur fimm sinnum unnið í tólf ára sögu keppinnar en Verstappen vann keppnina á síðasta ári.



Úrslitin ráðast á síðustu metrunum

Í annað sinn í sögu Formúlu 1 er allt jafnt fyrir lokakappaksturinn, sem fer fram um helgina. Lewis Hamilton er kominn með örlögin í eigin hendur á ný og getur orðið sigursælasti ökuþór allra tíma, en í vegi hans stendur hinn óttalaus Max Verstappen.

kristinnpall@frettabladid.is

FORMÚLA 1 Um helgina fer fram lokakeppnin í Formúlu 1 þetta árið og í annað sinn í 72 ára sögu keppinnar er allt jafnt fyrir lokakappaksturinn. Max Verstappen hefur verið með pálmann í höndunum undanfarnar vikur, en nú er breski ökuþórinn Lewis Hamilton kominn upp að hlið hans með því að vinna

síðustu þrjár keppnir. Sá þeirra sem kemur fyrir í mark á brautinni í Abú Dabí um helgina innsiglar um leið meistaratitilinn. Ef svo ólíklega fer að þeir endi jafnir um helgina verður Verstappen meistari á grundvelli þess að hann hefur unnið fleiri keppnir á þessu tímabili.

Undanfarin ár hafa Hamilton og Mercedes verið í sérflökki. Hamilton hefur unnið sex heimsmeistaratitla ökuþóra á síðustu sjö árum, en eina árið sem hann missti af titlinum var það liðsfélagi hans, Nico Rosberg, sem rétt hafði sigur. Fyrir rúmu ári síðan virtist ekkert fá Hamilton stöðvað, hann jafnaði met Michaels Schumacher yfir flesta heimsmeistaratitla ökuþóra með sjöunda meistaratitli sínum og bætti um leið metið yfir flesta sigra í Formúlu 1.



Þó að Hamilton og Verstappen hafi deilt hafa þeir sýnt hvor öðrum mikla virðingu þegar í mark er komið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Eigum Jóla peysur & kjóla, jakka & skyrtur vertu vel hirtur, fyrir jólin

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Á þessu ári hefur Hamilton hins vegar þurft að berjast fyrir hverju stigi og virtist vera að missa titilinn úr greipum sér, þegar Verstappen náði 21 stigs forskoti á Hamilton með sigri í kappakstrinum í Mexíkó. Hamilton hefur hins vegar sýnt það að hann gefst ekki upp og er kominn aftur með örlögin í eigin hendur.

Toto Wolff, liðsstjóri Mercedes, gaf það til kynna að svo gæti farið að úrslitin réðust í árekstri milli efstu manna líkt og hefur áður gerst, en Wolff sakaði Verstappen um að valda vísitandi árekstri þeirra á milli í ítalska kappakstrinum í ár. Það verður því rafmögnum spennu frá fyrsta hring að þeim síðasta í Sameinuðu arabísku furstadæmunum um helgina. ■



Öryggisbúnaðurinn bjargaði lífi Hamilton þegar bilarnir lentu saman á Ítalíu.

Eru jólagjafirnar klárar?



ANDI
69.995 KR.

DÚNÚLPA, ÖLL KYN
TIL Í FLEIRI LITUM



HRÍÐ
59.995 KR.

DÚNÚLPA, ÖLL KYN
TIL Í FLEIRI LITUM



LÆGI
37.995 KR.

DÚNVESTI, ÖLL KYN
TIL Í FLEIRI LITUM



KYLJA
47.995 KR.

DÚNÚLPA, ÖLL KYN
TIL Í FLEIRI LITUM



DOFRI
24.995 KR.

HLÝ & SLITSTERK ÚLPA,
BÖRN, TIL Í FLEIRI LITUM



LJÓN
29.995 KR.

DÚNÚLPA, BÖRN
TIL Í FLEIRI LITUM

CINTAMANI

Við þekkjum tilfinninguna

Austurhraun 3 - Garðabæ | cintamani.is



blómavali HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

Jólatrén eru komin

Sérvalin, falleg jólatré í fyrsta
gæðaflokki í Blómavali

20%

afsláttur

Normannspinur, íslensk stafafura,
íslenskt rauðgreni og gervijólatré

Gildir til sunnudags á meðan birgðir endast
Opið í Skútuvogi til kl. 20

Allt jólaskraut
25%
afsláttur

Sértilboð

Normannspinur, standard flokkur

Normannspinur

Standard flokkur
Allar stærðir, eitt verð

3.990 kr
~~5.990~~ kr

Stærðir: 150-240 cm
Meðan birgðir endast



Bestu þakkir til allra þeirra sem vottuðu samúð og hlýhug sinn við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Kristínar Þorsteinsdóttir
Strikin 12, Garðabæ.

Fjölskyldan þakkar starfsfólki krabbameinsdeildar Landspítalans fyrir hlýja og góða umönnun.

Þóroddur Jónsson og fjölskylda.



Frænka okkar,
Guðrún Margeirsdóttir
hjúkrunarfræðingur,
sem lést á hjúkrunarheimilinu Eir
1. desember, verður jarðsungen frá
Grafarvogskirkju mánudaginn
13. desember kl. 13.

Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur vera viðstaddir. Athöfninni verður streymt á Youtube-síðu Grafarvogskirkju.

Aðstandendur hinnar látnu.



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu okkar,

Jónu Guðrúnar Kortsdóttur
Fröðengi 7, Reykjavík.

Starfsmönnum á Landakoti, deild L5, eru færðar sérstakar þakkir fyrir ljúfmennsku og góða umönnun.

Guðmundur A. Guðmundsson
Ingibjörg H. Guðmundsdóttir **Jón Ólafur Halldórsson**
Guðbjörg G. Guðmundsdóttir **Sigurður J. Eliasson**
Ágústa Katrín Guðmundsdóttir **Lárus S. Guðmundsson**
Guðrún Guðmundsdóttir
og fjölskylda.



Ástkær móðir, amma, langamma og langalangamma,

Steinunn Loftsdóttir

lést á Landspítalanum 25. nóvember 2021. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey, samkvæmt ósk hennar látnu.

Guðrún G. Matthíasdóttir
Reynir Pétur Steinunnarson
Kristinn L. Matthíasson
Ása Þ. Matthíasdóttir
Erla G. Matthíasdóttir
Matthildur Sonja Matthíasd.
Ásdís Matthíasdóttir
Sigga Dóra Matthíasdóttir
barnabörn og langömmubörn.

Baldur Jónsson
Droplaug G. Stefánsdóttir
Örn Ingólfsson
Kristinn Valdemarsson
Hörður Sigurgeirsson
Árni Georgsson



Stefnt er að því að hefja formlega vettvangsúttekt á sundlaugum sumarið 2023, en nú þegar er stofnunin byrjuð að kanna einstaka laugar á borð við Gljúfrolaug í Grýtubakkahreppi.

MYND/ADSEND

Jóladagatal fullt af fornleifum

Fornleifastofnun Íslands heldur úti jóladagatali þar sem starfsemi stofnunarinnar á árinu er tekin saman.

arnartomas@frettabladid.is

Á undanförunum árum hefur sú hefð myndast hjá Fornleifastofnun Íslands að gefa út jóladagatal í gegnum Facebook-síðu stofnunarinnar. Þar má finna myndskreyttar færslur í aðdraganda jólanna sem gefa innsýn í fjölbreytileg verkefni stofnunarinnar.

„Við byrjuðum á þessu fyrir nokkrum árum og fengum góð viðbrögð,“ segir Elín Ósk Hreiðarsdóttir hjá Fornleifastofnun. „Þetta er góð leið til að sýna hvað við höfum verið að gera, því þótt við séum ansi virk á sumrin við að deila myndum af vettvangi þá dettur botninn aðeins úr því á veturna. Þess vegna er þetta kjörinn tími til að líta um öxl.“

Viðfeðmt viðfangsefni

Elín segir vetrarmánuðina, sér í lagi þá myrkustu og köldustu, mestmegnis nýtt í úrvinnslu. Í gær voru þau þó að klára fornleifaefirlit með framkvæmdum við Vesturgötu þar sem verið er að skipta um lagnir.

„Í miðbæ Reykjavíkur er mikið um minjar, allt frá landnámi og síðari tíma, og því er gerð krafa um að framkvæmdir séu vaktadar af fornleifafræðingum og minjar rannsakadar ef þær skyldu koma



Sylgja úr kumli frá Ingiriðarstöðum.

MYND/ADSEND



Í laganna skilningi er miðað við að fornleifar séu hundrað ára eða eldri en við höfum líka verið að skoða eitt og annað sem nær fram á miðja tuttugustu öld.

í ljós,“ segir Elín. „Það eru þannig ýmis verkefni, sérstaklega framkvæmda-tengd, sem teygja sig inn í veturinn.“

Verkefni stofnunarinnar sem gert er grein fyrir í dagatalinu eru af fjölbreyttum toga, en þar má meðal annars finna rannsóknir á sundlaugum landsins, skráningu á fornleifum í Hrunamannahreppi og greiningu haugfjár úr kumla-teig á Ingiriðarstöðum.

„Við höfum auðvitað áhuga á allri Íslandssögunni og það yngsta sem við erum að skrá og grafa upp eru minjar frá 19. og 20. öld,“ segir Elín. „Í laganna skilningi er miðað við að fornleifar séu hundrað ára eða eldri en við höfum líka verið að skoða eitt og annað sem nær fram á miðja 20. öld eins og sundlauga-verkefnið er dæmi um!“ ■



Hinsta ósk

Við aðstoðum þig við gerð viljayfirlýsingar um útför þína af nærgætni og virðingu – hefjum samtalið.

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kolbrún Valdimarsdóttir

lést á dvalarheimilinu Lundi á Hellu laugardaginn 27. nóvember. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 10. desember kl. 14.00.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að styrkja dvalarheimilið Lund á Hellu: 0308-13-300709, kt. 440375-0149.

Í ljósi aðstæðna verða einungis ættingjar og nánir vinir viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni: <https://fb.me/e/13XNulTgF>

Katrin Leifsdóttir
Valdis Leifsdóttir
Grétar Steinn Leifsson
Kristín Erna Leifsdóttir
Sigrún Björk Leifsdóttir
Sigurlaug Hanna Leifsdóttir
og fjölskyldur.

Jón Pálmi Pálsson
Oddur Helgi Jónsson
Guðfinna Guðmundsdóttir
Baldur Ólafsson
Óskar Kristinnsson
Guðmundur Örn Ólafsson



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

Svanhildur Svansdóttir

Jörfalind 10, Kópavogi,

lést á hjartadeild Landspítalans þann 2. desember. Útförin fer fram frá Lindakirkju þann 14. desember kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Góðvild, stuðningsfélag langveikra barna.

Fjölskyldan færir starfsfólki Landspítalans innilegar þakkir fyrir hlýja og góða umönnun.

Vegna aðstæðna í samfélaginu verða einungis nánustu aðstandendur og þeir, sem er boðið, viðstaddir útförina. Streymt verður frá útför á: lindakirkja.is/utfarir

Svanur Þorsteinsson
Hulda Björk Svansdóttir **Sævar Rafn Guðmundsson**
Gisli Svanur Svansson **Sigríður Björk Halldórsdóttir**
Erla Svansdóttir **Gunnar Már Jóhannesson**
Þórir Svansson **Matthildur Þórarinsdóttir**
barnabörn.

Starfsfólk
Bókmenntaverðlaun
2021
bókaverslana

TIL HAMINGJU, HÖFUNDAR,
MEÐ BÓKSALAVERÐLAUNIN!



1.

ÍSLENSK SKÁLDVERK




2.

ÍSLENSK SKÁLDVERK



1.

ÞÝDD SKÁLDVERK



1.

ÆVISÖGUR



1.

UNGMENNABÆKUR




3.

UNGMENNABÆKUR



2.

ÍSLENSKAR BARNABÆKUR



3.

ÍSLENSKAR BARNABÆKUR




2.

FRÆÐIBÆKUR
BESTA BÓKARKÁPAN



1.

LJÓÐ



3.


LJÓÐ



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið til 19 alla daga til jóla | www.forlagid.is

Veðurspá Fimmtudagur



Austlæg átt 5-13. Snjócoma, slydda eða rigning með köflum, einkum sunnan- og austanlands, en úrkumulitíð um landið norð-vestanvert. Hiti um frostmark. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 fet
- 5 ringulreið
- 6 í röð
- 8 hálfbirta
- 10 íþróttafélag
- 11 þráður
- 12 tágur
- 13 mögl
- 15 ávöxtur
- 17 póll

LÓÐRÉTT

- 1 strengja
- 2 kosning
- 3 ríffla
- 4 flónskur
- 7 sást
- 9 mola
- 12 hrikt
- 14 þar til
- 16 tvíhljóði

1	2	3	4		
5			6	7	
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 skref, 15 skaut, 12 bást, 13 kross, 15 aanaa, 17 skaut, 12 bást, 13 kross, 15 aanaa, 17 skaut, 12 bást, 13 kross, 15 aanaa, 17 skaut.

Magnus Carlsen (2855) átti leik gegn Ian Nepomniachtchi (2782) í tíundu einvígisskákinni um heimsmeistaratitilinn í gær.

8. c3. Hvítur hefði getað leikið 8. Be3 með smá frumkvæði. Með 8. c3 drepur allt líf í stöðunni. Skákin endaði jú með jafntefli í 41 leik í afar litlausri skák. Heimsmeistarinn hefur nú 6½ vinning gegn 3½ vinningi áskorandans. Þarf aðeins 1 vinning í síðustu fjórum skákum til halda heimsmeistaratitlinum. Fridagur er í dag. Ellefta skákin fer fram á morgun.

www.skak.is: Heimsmeistaraeinvígið.

Sudoku

1		6						3
3	2				1	5		
7	4	5	9					
		5	1	8	4			
2		1						7
6	3	8		2	1			
	9						6	
	6	7			8			
			6	4	2	9		

3			2				8	4
		6	5				3	2
2			8					
5		3		1				
	1					9		
8		2						1
9	3						5	
7			5					
	2			3	7			9

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Geljan



Barnalán



ÆSISPENNANDI FJÁRSJÓÐSLEIT

Síðasta bókin í þrileik Snæbjörns Arngrímssonar um vinina í Álftabæ. Fyrri bækurnar hafa hlotið mikið lof og báðar verið verðlaunaðar.

“... skemmtileg barnabók sem minnir mann á öll þau ótal mörgu ævintýri sem leynst geta í bakgarðinum.”

HÓLMFRÍÐUR MARÍA RAGNHILDARDÓTTIR MORGUNBLAÐIÐ



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39
Opíð til 19 alla daga til jóla | www.forlagid.is



JÓLIN HLJÓMA BETUR MEÐ SAMSUNG HEIMABIÓI

SAMSUNG The Frame á jólatilboði



Breyttu sjónvarpinu þínu í myndasafn með fallegum listaverkum, öll vinsælu snjöllu sjónvarpsforritin, veggfesting og One Connect box fylgir með, því aðeins ein snúra í sjónvarpið. Nýtt útlit, en nú er það örþunnt og hangir alveg upp við vegg! Til í stærðum frá 43" til 75".

The Frame verð:

Stærð 43" - kr. 159.900,- Stærð 50" - kr. 199.900,-
Stærð 55" - kr. 219.900,- Stærð 65" - kr. 279.900,-
Stærð 75" - kr. 419.900,-

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 OG AKUREYRI

SAMSUNG

Til að fá fullkomið hljóð þarftu bara hljóðstöng. Tímalaus hönnun hljóðstangarinnar hefur verið betrubætt af Kvadrat og sameinar náttúrulega þætti með vídd og endingu. Áferð og útlit hátalarans blandað við háþróaða tækni haldast í hendur við tilfinningu hljóðsins sem fyllir allt herbergið.



Soundbar S67 kr. 69.900,-

Glæsilegt heimabío sem stillir hljóðið í samræmi við herbergið.


Dolby ATMOS
Surround sound
Q-Symphony
Space Fit Sound+



Soundbar Q710A kr. 79.920,- á jólatilboði

Glæsilegt heimabío sem stillir hljóðið í samræmi við herbergið.

Dolby ATMOS
Surround sound
Q-Symphony
Space Fit Sound+



Soundbar Q910A kr. 135.915,- á jólatilboði

Hátíðaveisla

1.998
kr./kg

Norðlenskt
kofareykt



1.398
kr./kg

þarf ekki
að sjóða



Bónus hamborgarhryggur
nýreyktur m/beini

1.798
kr./kg

þarf ekki
að sjóða



Bónus hamborgarhryggur
nýreyktur úrbeinaður

Kjarnafæði kofareykt
hangilæri
m/beini

2.498
kr./kg

Norðlenskt
kofareykt



Kjarnafæði kofareyktur
hangiframpartur
úrbeinaður

3.598
kr./kg

Norðlenskt
kofareykt



Kjarnafæði kofareykt
hangilæri
úrbeinað

1.598
kr./kg


Norðlenskt
kofareykt



Kjarnafæði kofareyktur
hangiframpartur
m/beini - bitar

BÓNUS

Topp 10 listinn í Bónus



1



2



3



4



5



6



7



8



9



10



2.798
kr./kg



798
kr./kg



398
kr./pk.

97 kr.
afsláttur

Norðlenska fjalla hangilæri
úrbeinað

Stjörnugris grísabógur
af nýslátruðu

Myllan heimilisbrauð
770 g í pk. - verð áður 495 kr.



198
kr./kg



395
kr./pk.




698
kr./pk.

Ferskt rauðkál
frá Hollandi

Driscoll bláber
250 g í pk.

Driscoll jarðarber
400 g í pk.



Listamaður listamannanna



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Nú stendur yfir sýning á grafíkverkum eftir Dieter Roth í BERG Contemporary galleríinu á Klapparstíg 16. Sýningarstjóri er Ingibjörg Jónsdóttir.

Verkin, sem voru unnin á árunum 1971-1995, voru valin saman af Ingibjörgu og Birni Roth, syni listamannsins og nánasta samstarfsmanni. Ingibjörg segist mjög þakklát Birni fyrir samvinnuna. „Þegar sú hugmynd vaknaði að ég gæti fengið sýningu með verkum Dieters í galleríið fannst mér það stórkostlega spennandi,“ segir Ingibjörg.

Um áhrif Dieters segir Ingibjörg: „Dieter var eitt af stóru nöfnunum í listasögu seinni hluta síðustu aldar. Hann var það sem kallast listamaður listamannanna og hafði mikil áhrif á sér yngri listamenn. Hann var gífurlega frumlegur, fjölhæfur og afkastamikill. Vann og gerði tilraunir í alla hugsanlega miðla og efni. Sú listræna nýlunda sem hann kom fram með var einstök. Hann teiknaði, málaði, gerði bókverk, skúlptúra, innsetningar og vídeóverk. Hannaði skartgrip, leirgrip og mynstur fyrir textíliðnaðinn. Afköstin voru slík að það sem hann skildi eftir sig í hverri einstakri grein teldist ríkulegt lífsverk. Það sem einkennir þennan mikla afrakstur er frumleiki, næmni og mikil listræn gæði. Ég hef í gegnum tíðina séð margar sýningar á söfnum víðs vegar um heiminn með verkum Dieters og minnst þess ekki að hafa nokkurn tímann séð verk eftir hann sem ekki hefur verið innihaldsríkt og snert mig á einhvern hátt.“

Vatnaskil á Íslandi

Dieter fæddist í Þýskalandi 1930. „Í stríðinu var honum komið til Sviss, þangað sem foreldrar hans flytja að stríðinu loknu. Sextán ára gamall hefur hann nám í auglýsingateiknun með það fyrir augum að mennta sig í fagi sem fengi náð fyrir augum foreldranna, sem vildu að hann legði stund á hagnýtt nám, en sá einnig að þannig gæti hann fundið leiðir inn á lendum listarinnar. Samhliða náminu tekur Dieter einkatíma hjá teiknararum Eugen Jordi sem reyndist einn mikilvægasti kennari Dieters á þessum fyrstu árum. Hann þróar þarna jöfnum höndum færni sína í grafískri hönnun og sjálfstæðri listrænni sköpun,“ segir Ingibjörg.

„Örlögin haga því þannig að um 1960 flytur Dieter til Íslands,



Ingibjörg Jónsdóttir er sýningarstjóri en myndirnar eru frá árunum 1971-1995.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Sýningin á verkum Dieters Roth stendur til 23. desember.

hann býr hér alfarið í nokkur ár og er viðloðandi landið upp frá því. Á Íslandsárunum verða ákveðin vatnaskil í formlegri nálgun hans að listinni.“

Ingibjörg segir að grafíkin hafi verið eins og rauður þráður í gegnum allan hans feril. „Dieter vinnur í allar þekktar aðferðir sem notaðar hafa verið í gegnum aldirnar og leggur sig einnig fram við að ná tökum á nýjum leiðum í prentækni ásamt því að þróa sínar eigin aðferðir. Dieter vann oft með prentverkstæðum í Sviss, Þýskalandi og víðar, stundum í samvinnu við aðra þekktu listamenn. Á þessari sýningu eru dæmi um það, en hann

vann þrjár myndir sem hér eru í samvinnu við breska listamanninn Richard Hamilton, þeir hófu einmitt samskipti á Íslandsárum Dieters, en þessar myndir eru þó gerðar síðar. Einnig er á sýningunni mynd sem hann vann í samvinnu við austurríska malarann Arnulf Rainer.“

Leikur í myndunum

Spurð hvað listamaðurinn sé að fast við í verkum sínum, segir Ingibjörg: „Mér er aldrei vel við að gera fólki, hvorki listamönnum né öðrum, upp hugsanir. Ég geri þó ráð fyrir að Dieter hafi verið að fast við sjálfan sig og ef til vill sjálfan sig í samhengi við heiminn. Það er venjulega eitt af því flóknasta sem nokkur maður tekur sér fyrir hendur. Hér er til dæmis sjálfsmynd þar sem hann ummyndar sjálfan sig í blómapott. Það er líka oft talsverður leikur í myndunum, hann hefur ekki tekið sjálfan sig, frekar en annað, of hátiðlega.“

Dieter var fulltrúi Sviss á Feneyjartvíæringnum árið 1982. Verk eftir hann er að finna í mörgum helstu söfnum, til dæmis Tate í London, MoMA í New York, Þjóðlistasafninu í Washington og Hamburger Bahnhof í Berlín. Dieter lést árið 1998. Arfleifð Dieters hefur verið viðhaldið og flutt áfram í gegnum skapandi starf sonar hans, Björns Roth. ■



Það sem einkennir þennan mikla afrakstur var frumleiki, næmni og mikil listræn gæði.

Barstólar fyrir heimilið

Sjá nánar á patti.is



SF-4036

SF-4050

SF-40215

SF-4045

Sófar • Rúm • Stólar • Borð • Hægindastólar

Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is



Styrmir Örn listamaður. MYND/ADSEND

Jólaög á stálpönnu

kolbrunb@frettabladid.is

Næstkomandi laugardag, 11. desember klukkan 15, verður opnuð sýning í Y gallery sem er staðsett á gömlu Olís-bensinstöðinni í Hamraborg 12 í Kópavogi.

Á sýningunni sýnir Styrmir Örn Guðmundsson röð skúlptúra sem hann brýtur saman úr messing. Málmurinn er beygður í skutlur, pípur og fljúgandi loftaflshluti. Á sunnudag klukkan 17 verður svo listamaðurinn með gjörning þar sem hann spilar jólaög á stálpönnu. ■

Líf innflytjenda

kolbrunb@frettabladid.is

Myndlistarmaðurinn Lukas Bury sýnir röð málverka sem vísa í heimili pólskra innflytjenda á Íslandi.

Sýningin They have no pictures on the walls, verður opnuð laugardaginn 11. desember klukkan 14 í Rým, Völvufelli 13-21.

Sýningin veitir einstaka innsýn í persónulegt líf innflytjenda og sýnir íslenskt samfélag frá óvæntu sjónarhorni.

Titill sýningarinnar vísar í óformlegt spjall sem listamaðurinn átti við íslenska kunningjaku sína, sem hafði orð á því að það hefði komið henni á óvart að sjá engar myndir á veggjum heimila pólskra innflytjenda, sem sumir hverjir hefðu búið á Íslandi í fleiri ár. „Orð hennar vöktu mig til umhugsunar,“ segir listamaðurinn. Sýningin stendur til 19. desember. ■



Myndlistarmaðurinn Lukas Bury.

MYND/ADSEND


Núningur veruleika og skáldskapar

BÆKUR

Einlægur önd

Eiríkur Örn Norðdahl
Fjöldi síðna: 283
Útgefandi: Mál og menning

Porvaldur S. Helgason



Þegar ég stundaði nám í ritlist við Háskóla Íslands fór ég eitt sinn með samnemendum mínum í skáldaferð til Eiríks Arnar Norðdahl á Ísafjörð. Margt af því sem gerðist í þessari ferð hefur fallið í gleymiskunnar dá, en ég minnst þess þó að eitt verkefnið sem Eiríkur lagði fyrir okkur ritlistarnemana var að skrifa einn sannleika og eina lygi með verkfærum skáldskaparins. Þetta rifjaðist upp fyrir mér við lestur nýjustu „skáldsögu“ Eiríks Arnar sem fjallar bæði um mörk hins sanna og ósanna, sem og ritlistarkennslu.



Bókin dansar á mörkum sjálfsháðs og sjálfsupphafningar sem rímar fullkomlega við ringulreið samtímans.

Bókin, sem ber titilinn Einlægur önd, er eins konar skáldævisaga eða kannski frekar skáldsaga með ævisögulegu ívafi. Höfundur gerir raunar í því að ögra mörkum þessara forma og tvískunningurinn gerir vart við sig strax á titilsíðum bókarinnar, sem eru tvær. Á þeirri fyrri er titillinn ritaður sem Einlægur önd – ævisaga, en á þeirri seinni sem Eiríkur Örn – skáldsaga. Höfundur notar raunverulega atburði og staðreyndir úr sínu eigin lífi í bókinni en fer frjálsglega með. Aðalpersóna bókarinnar heitir vissulega Eiríkur Örn Norðdahl og er rúmlega fertugur rithöfundur frá Ísafirði sem gengur með harðkúluhatt á höfði. Flest annað er þó skáldað, þar með talið nöfnin á börnum og eiginkonu Eiríks, en slíkt mun þó sennilega ekki vera ljóst þeim lesendum sem þekkja ekki til Eiríks persónulega.

undinum hafi verið slaufað fyrir það. Þetta er sennilega skýrasta dæmið um það hvernig Eiríkur Örn „rannsakur núning veruleika og skáldskapar“ og leikur sér að mörkum sannleika og lygi í Einlægur önd.

Súr bræðingur af meta-narratívu Höfundur nýtir sér einnig frásagnartækni dæmisögunnar og skapar eins konar hliðarveruleika innan hliðarveruleika skáldsögunnar, með sögunni af Felix Ibaka frá Arbitreu sem persónan Eiríkur Örn hefst handa við að skrifa. Hlutirnir flækjast þó til muna þegar dæmisagan fer að blandast söguheimi skáldsögunnar, sem aftur blandast raunheimi lesenda svo úr verður dásamlega súr bræðingur af meta-narratívu sem mun láta jafnvel færustu bókmenntafræðinga klóra sér í hausnum. Þótt undirritaður hefði vissulega verið til í að stytta kaflana um Felix frá Arbitreu örlítið, þá eru heildaráhrifin svo skemmtilega galsafull að maður verður að fyrirgefa höfundu tilraunamennskuna, þótt hún sé vissulega bæði ruglingsleg og langdregin á köflum.

Einlægur önd er sennilega ekki allra en undirrituðum fannst hún þó bæði skemmtileg og spennandi. Bókin dansar á mörkum sjálfsháðs og sjálfsupphafningar, sem rímar fullkomlega við ringulreið samtímans. Þá verður það að teljast jákvætt að stærsta bókaútgáfa landsins, Forlagið, skuli taka áhættuna á að gefa út svo tilraunakennt og krefjandi verk. Stærsta spurningin er þó hvort bókin muni rata til hins almenna lesanda, eða bara okkar bókmenntanördanna. ■

NIÐURSTADA: Skemmtilegt og galsafullt verk þar sem höfundur dregur bæði sjálfan sig og samfélagið sundur og saman í beittri ádeilu.

Bókin gerist í fyrstu bylgju Covidfaraldursins og segir frá því þegar Eiríkur Örn neyddist til að flytja frá Ísafirði í söllinn í höfuðborginni, til að geta eytt tíma með börnum sínum í kjölfar skilnaðar. Í Reykjavík tekur Eiríkur að sér það verkefni að stýra ritlistarnámskeiði á netinu fyrir norska ritlistarfyrirtækið Fiktiv, eins konar afbökun á sænska hljóðbókarísanum Storytel.

Fyrirgefning og útskúfun

Einlægur önd varpar upp ýmsum áhugaverðum hugleiðingum um eðli og hlutverk skáldskapar í borgaralegu samfélagi. Þessar hugleiðingar birtast gjarnan í formi fyrirlestra sem Eiríkur Örn heldur fyrir nemendum sína sem eru í senn heimspökilegir, kómískir og yfirdrífir.

„Allar fagurbókmenntir sem standa undir nafni rannsaka núning veruleika og skáldskapar, lyga og sannleika annars vegar; og núning síðlegrar breyttni og síðlausrar breyttni hins vegar,“ segir Eiríkur Örn í einum fyrirlesturinum og gæti sú fullyrðing vel staðið sem lýsing á skáldsögunni. Einlægur önd spyr áleitinna spurninga um hlutverk fyrirgefningar og útskúfunar í nútímasamfélagi og kemur inn á ýmis eldfim umfjöllunarefni sem hafa verið í deiglu undanfarið, á borð við slaufunarmenningu og hvort hægt sé að aðskilja listina frá listamanninum. Í söguheimi bókarinnar lenti Eiríkur Örn í því að vera „slaufað“ fyrir leikritið/skáldsöguna Hans Blær og ósæmilega hegðun sem hann sýndi af sér í frumsýningarpartíi. Í raunveruleikanum voru þessir atburðir ekki alveg jafn hispurlausir, því þótt leikritið Hans Blær hafi vissulega vakið umtal á sínum tíma, er langt frá því að höf-

VINNINGASKRÁ

12. flokkur 2021
 Útdráttur 7. desember 2021

HAPDRÆTTI
 Hapdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalandi

AÐALVINNINGUR kr. 5.000.000					AUKAVINNINGAR kr. 100.000				
67322					67321	67323			

PENINGAVINNINGAR kr. 500.000									
1288	5798	26531	31152	31706	37221	37705	41472	43630	65065




PENINGAVINNINGAR kr. 100.000														
404	5729	10360	14134	18346	24094	31646	38235	49607	53159	57894	64356	66941	72349	78434
697	6357	11573	14242	20290	24641	32994	39185	49718	53820	58848	65152	67392	74843	79566
1468	7056	11912	14307	20665	25057	33143	40094	50312	54233	60403	65262	67494	75625	
2238	7220	12126	15880	20675	26273	33569	40961	51024	54745	61210	65327	68512	76695	
3696	7812	12263	16002	22109	27331	35216	41125	51714	54929	61565	65615	69105	77611	
3877	8152	12586	16077	22308	27619	37095	42626	51868	56254	62351	65942	72035	77649	
4840	9001	13587	16435	22987	29160	37992	44625	52873	56915	63303	66194	72049	78386	

PENINGAVINNINGAR kr. 50.000																
8	2930	8028	14932	18918	21786	25903	33077	39695	46478	49971	54001	56829	60754	64930	71832	77471
53	3328	8494	15510	19348	22018	26047	33124	40934	46773	50286	54081	56916	60861	64941	72251	78111
553	3383	9031	15588	19477	22201	26118	33341	43084	46871	50445	54495	56921	61705	65036	73447	78473
689	3544	11005	16541	19683	22697	26132	33680	43734	47692	50520	54690	57187	62240	65850	74452	78571
1136	3587	11499	17167	19876	23261	26282	35012	44166	47767	51012	54994	57338	62296	66452	74551	79098
1262	3811	11724	17235	20229	23319	28363	37065	44299	48000	51542	55458	57919	62614	66668	74678	79130
1876	4422	11962	17351	20939	23649	28821	37341	45074	48301	51749	55557	58334	62806	66839	75463	79364
2183	4962	12583	17415	20975	23906	29662	37856	45451	49621	51928	55585	59015	63007	66936	75761	79656
2270	4980	13100	17517	20997	24774	30455	37949	45491	49660	52633	55796	59194	63028	67677	75782	
2633	6766	13611	18087	21265	24883	31660	38673	45856	49678	53086	56276	59885	64098	68647	75985	
2831	6866	13961	18192	21396	25303	32573	38854	45934	49837	53488	56293	60258	64520	70717	76436	
2867	7914	14637	18473	21514	25373	32592	38976	46345	49886	53645	56675	60447	64807	71129	76982	

VÖRUÚTTEKT kr. 30.000																
42	5836	11105	15673	20807	26398	32287	37876	42549	46811	49988	53678	57657	62583	66303	71924	78777
97	6064	11143	15701	21429	26456	32457	38017	42607	46815	50030	53705	57814	62609	66404	71977	78846
153	6544	11210	15748	21584	26594	32614	38082	42635	46857	50203	53850	57821	62800	66603	72036	78888
301	6700	11341	15783	21634	26681	32660	38201	42739	46860	50217	53957	57960	62810	66672	72148	78912
346	7008	11345	15824	21710	26794	32869	38212	42768	47086	50265	54022	58356	62822	66780	72392	78987
380	7055	11416	15892	21743	27429	32925	38371	42895	47285	50299	54180	58378	62923	66810	72394	79017
483	7106	11722	15935	21974	27795	33053	38897	42905	47321	50313	54397	58606	62954	66905	72406	79124
812	7340	11808	15962	21979	27834	33062	39011	42955	47371	50350	54418	58717	63039	66934	72707	79508
838	7423	11928	16144	22257	27841	33524	39094	43006	47372	50409	54506	59032	63061	67197	73105	79542
874	7485	11967	16215	22445	28082	33534	39106	43143	47422	50424	54514	59133	63065	67396	73129	79629
899	7521	12264	16466	22710	28148	34031	39115	43215	47427	50775	54540	59175	63149	67860	73131	79675
1091	7579	12379	16592	22829	28366	34089	39132	43227	47464	50862	54587	59341	63314	68095	73240	79754
1513	7583	12393	16704	23029	28539	34257	39166	43478	47582	50917	54808	59468	63875	68129	73508	
1636	7882	12569	16716	23079	28543	34480	39329	43481	47676	51101	54899	59556	63876	68172	73592	
1644	8019	12628	16877	23193	28616	34866	39364	43528	47702	51142	54930	59933	63888	68304	73690	
1681	8072	12649	17170	23248	28632	34894	39448	43674	47788	51322	54967	60005	63891	68396	74068	
1956	8111	12764	17179	23764	28663	34969	39477	43748	47790	51364	55033	60015	64023	68399	74106	
2240	8142	12879	17223	23951	28764	35169	39506	43758	47803	51386	55101	60113	64081	68510	74225	
2307	8227	12914	17377	23979	28803	35201	39639	43791	47814	51397	55192	60230	64164	68885	74617	
2393	8289	12952	17390	23997	29017	35362	39754	43862	47881	51412	55328	60345	64320	68958	74690	
2410	8319	13052	17477	24028	29184	35438	40083	43871	47908	51562	55330	60351	64537	69044	74790	
2568	8405	13067	17910	24202	29507	35634	40202	43884	47943	51600	55511	60410	64609	69075	74812	
2621	8545	13168	17953	24382	29611	35747	40219	43947	48017	51664	55727	60440	64660	69162	75068	
2630	8575	13249	17965	24634	29636	35794	40224	44050	48025	51728	55776	60540	64777	69210	75166	
2863	8714	13251	18123	25039	29851	35942	40259	44162	48029	51797	55862	60628	64838	69453	75225	
2879	8796	13347	18241	25043	30073	36429	40273	44242	48052	51937	55983	60849	64885	69654	75282	
2880	8834	13708	18347	25136	30318	36472	40365	44272	48081	51960	56051	60955	64982	69661	75297	
3229	9044	13792	18586	25385	30355	36847	40610	44442	48104	52012	56096	60998	65017	69781	75616	
3401	9373	13904	18842	25411	30392	36955	40818	44663	48359	52196	56315	61028	65039	69806	76017	
3509	9441	14149	19057	25412	30494	37012	40919	44718	48405	52351	56494	61034	65105	69950	76057	
3685	9637	14252	19406	25476												

Fimmtudagur

Tilvaldar í
jólapakkann!
Gæða barna-,
ungmenna-,
og glæpasögur
Fást í næstu
bókabúð og á
www.kver.is



Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Mannamál - Guðrún Guðlaugsdóttir** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekktu einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfréttu** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 Sir Arnar Gauti** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitinga-húsameningu, arkitektúr og margt fleira.
- 20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Mannamál - Guðrún Guðlaugsdóttir (e)**

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Kastljós**
- 13.25 Menningin**
- 13.30 Heilabrot**
- 14.00 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
- 14.20 Holland - Rúmenía** Bein útsending frá leik í milliriðli á HM kvenna í handbolta.
- 16.00 Fólkið í landinu** Jón E. Guðmundsson.
- 16.20 Fjörskyldan**
- 17.00 Landinn**
- 17.30 Jóladaðgatalið. Jólasótt**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Jóladaðgatalið. Saga Selmu**
- 18.14 Jóladaðgatalið. Jólasótt**
- 18.40 JólamolarkrakkaRÚV**
- 18.45 Krakkafréttir** Helstu fréttir settar fram á einfaldan og aðgengilegan hátt.
- 18.50 Jólalag dagsins** Björgvin Halldórsson og Diddú - Og samt koma jól.
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 19.50 Menningin**
- 20.05 Okkar á milli** Gunnar Hilmarsson, hönnuður og tónlistarmaður, hefur mikinn metnað fyrir því sem hann tekur sér fyrir hendur, hvort sem það er barátta fyrir bættum lífskjörum þeirra sem búa á götunni eða tónlistin.
- 20.45 Sætt og gott - jól Det søde liv - jul**
- 21.00 Pressan - 3. Ekki taka hjarta mitt, ekki brjóta hjarta mitt** Press. Don't Take My Heart, Don't Break My Heart
- 22.00 Tiúfréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Úlfur, Úlfur Ulven kommer** Leiknir þættir um félagsráðgjafa sem hefur aðeins nokkrar vikur til að átta sig á því hver segir satt og hver ekki í fjölskyldu sem mögulega býr við alvarlegt ofbeldi. Hvar liggur sannleikurinn?
- 23.15 Ófærð**

Stöð 2 Golf

- 08.50 LOTTE Championship**
- 12.00 Hugel-Air Premia LA Open**
- 14.40 PGA Special. The John Shippen**
- 15.25 QBE Shootout** Útsending frá QBE Shootout 2020.
- 19.20 PGA Tour. The Cut**
- 19.45 HSBC Women's World Championship** Útsending frá HSBC Women's World Championship.

Sjónvarp Símans

- 11.30 Dr. Phil**
- 12.15 The Late Late Show**
- 13.00 The Good Place**
- 13.25 Baggalútur í Rússlandi** Árið 2006 hélt hljómsveitin Baggalútur í sigurför til Sankti Pétursborgar í Rússlandi. Reyndar varð þetta allt annað en sigurför. Og þó. Allt sem átti að gerast, gerðist ekki.
- 14.50 The King of Queens**
- 15.10 Everybody Loves Raymond**
- 15.35 Litla stóra pandan - isl. tal**
- 17.00 Fjársjóðsflakkarar (17.52)**
- 17.10 Fjársjóðsflakkarar (18.52)**
- 17.25 Tilraunir með Visinda Villa**
- 17.30 Jóladaðgatal Hurðaskellis og Skjóðu (9.24)**
- 17.35 Dr. Phil**
- 18.20 The Late Late Show**
- 19.05 Jóladaðgatal Hurðaskellis og Skjóðu (9.24)**
- 19.10 Single Parents**
- 19.40 Ghosts**
- 20.10 Ástriða**
- 20.40 The Resident**
- 21.30 Walker**
- 22.15 The Twilight Zone (2019)**
- 23.05 The Late Late Show**
- 23.50 Dexter**
- 00.40 Stella Blómkvist**
- 01.25 Yellowstone**
- 02.10 City on a Hill**
- 03.00 Agents of S.H.I.E.L.D**
- 03.45 Tónlist**

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Segðu mér**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Á reki með KK**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegðið Fyrri og seinni hluti**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegðið**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Á tónsviðinu**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Flakk**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Viðsjá**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestin**
- 18.00 Spjallinn**
- 18.30 Í ljósi krakkasögunnar**
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Tónlistarkvöld Útvarpsins**
- 21.00 Mannlegi þátturinn**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Samfélagið**
- 23.05 Lestin**

Stöð 2 Bíó

- 12.10 Justice League vs. the Fatal Five**
- 13.30 Britt-Marie Was Here**
- 15.00 Austin Powers in Gold-member**
- 16.35 Justice League vs. the Fatal Five**
- 17.50 Britt-Marie Was Here**
- 19.25 Austin Powers in Gold-member**
- 21.00 Pitch Perfect 2**
- 22.50 Inherit the Viper**
- 00.10 It Chapter Two**
- 02.55 Pitch Perfect 2**

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.20 The Mentalist**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Jóladaðgatal Árna í Árdal**
- 09.35 Gossip Girl**
- 10.15 Gilmore Girls**
- 10.55 Quiz**
- 11.50 Friends**
- 12.15 Friends**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 McMillions**
- 13.50 Modern Family**
- 14.10 X-Factor Celebrity**
- 15.20 Home Economics**
- 15.40 The Titan Games**
- 16.25 Dýraspítallinn**
- 16.50 Jólaboð** Evu Eva Laufey býður áhorfendum heim í glæsilegt jólaboð og sýnir okkur hvernig hægt er að galdra fram sannkallaða hátíðarrétti.
- 17.25 Bold and the Beautiful**
- 17.50 Nágrannar**
- 18.20 Annáll 2021**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakkinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 Samstarf** Sunneva og Jóhanna leggja leið sína upp í Miðdal í Kjós og fá þar að kynna búskap með einu og öllu.
- 19.30 The Cabins**
- 20.15 Curb Your Enthusiasm**
- 20.55 NCIS**
- 21.35 Spider-Man. Far from Home** Mögnuð spennumynd frá 2019 með Tom Holland og fleiri stórgögum leikurum.
- 23.45 Damages**
- 00.25 Damages**
- 01.10 The Sinner**
- 02.00 The Pact**
- 03.00 Professor T** Glettnir sakamálaþættir frá 2021 með Ben Miller í aðalhlutverki.
- 03.50 La Brea**
- 04.30 Castle Rock**

Stöð 2 Sport

- 06.55 Skallagrímur - Fjölnir** Útsending frá leik í Subway-deild kvenna.
- 08.35 Keflavík - Valur**
- 10.15 Njarðvík - Vestri** Útsending frá leik í Subway-deild karla.
- 11.55 KR - Keflavík**
- 13.35 Skallagrímur - Fjölnir**
- 15.15 Keflavík - Valur**
- 17.00 Subway Kórufoltakvöld**
- 18.05 Þór Þ. - KR** Bein útsending frá leik í Subway-deild karla.
- 20.05 Stjarnan - Njarðvík** Bein útsending frá leik í Subway-deild karla.
- 22.00 Tilþriffin**
- 22.45 Subway Kórufoltakvöld**
- 23.40 Þór Þ. - KR**

Stöð 2 Sport 2

- 05.50 Ajax - Sporting**
- 07.30 Leipzig - Manchester City**
- 09.10 Dortmund - Besiktas**
- 10.50 Real Madrid - Inter**
- 12.30 Meistaradeildarmörkin**
- 13.15 Seahawks - 49ers**
- 15.35 Lokasóknin**
- 16.40 Fréttapáttur Evrópu deildarinnar**
- 17.35 AZ Alkmaar - Randers** Bein útsending frá leik í Sambandsdeild UEFA.
- 19.50 FCK - Slovan Bratislava** Bein útsending frá leik í Sambandsdeild UEFA.
- 21.50 NFL Gameday**
- 22.15 The Fifth Quarter**
- 22.30 Zorya Luhansk - Bodö/Glimt**
- 00.10 West Ham - Dinamo Zagreb**

idealcombi

Betri gluggar - Bjartari framtíð



Ideal gluggar og hurðir eru framleidd með gæði og endingu í huga. Ideal core gluggakarmarnir eru árangur áratuga þróunar hjá Ideal combi. Ideal core kerfið skilar okkur gluggum með langan líftíma, gefa betri endingu og lægri kostnað þegar fram líða stundir

CE - merkt framleiðsla



Byggðu til framtíðar með Ideal combi gluggum
www.idex.is

IDEX

Víkurhvarfi 6 - 203 Kópavogur - Sími 412 1700 - idx@idex.is

Allra best

Sjónvarp

Impeachment: American Crime Story



Verðlaunabáttaröðin American Crime Story fór af stað með miklum glæsibrag 2016 þegar mál O.J. Simpson var tekið fyrir, með þá Cuba Gooding Jr. og John Travolta í broddi fylkingar í hlutverkum O.J. og lagaklækjarefsins Robert Shapiro.

Önnur sería tók fyrir morðið á tiskumógúlnum Gianni Versace og nú er komið að því að kafa ofan í skandalinn í kringum Monicu Lewinsky og Bill Clinton. Sjónvarp Símans sýnir Impeachment: American Crime Story, sem er virkilega vel leikið sjónvarpsefni sem óhætt er að mæla með þar sem Clive Owen, Sarah Paulson og Bencie Feldsten fara á kostum. ■

Bókin

Hættuleg sambönd eftir Pierre Choderlos de Laclos



Hin mikla skáldsaga Pierre Choderlos de Laclos, Hættuleg sambönd, er komin út í íslensku þýðingu Friðriks Rafnssonar. Þetta er frægasta

bréfaskáldsaga allra tíma og þar kynnist lesandinn lævislegum og lúalegum áformum Merteuil markgreifaynju og Valmont visigreifa, sem eiga það sameiginlegt að hafa einstaka ánægju af að leika sér að fólki og ákveða örlög þess. Þau skrifast á um ætlanir sínar en ekki fer allt eins og þau reiknuðu með. Hér er á ferð algjörliga mögnuð skáldsaga sem fjarska auðvelt er að gleyma sér í. Meistaraverk fyrir lesendur sem gera kröfur um gæði. Höfundur bregst hvergi. ■

Breytti systur sinni í listrænt jólatré

Guðmundur Felixson ólst upp við skemmtilega og öðruvísi jólahefð, því feður hans tóku upp á því fyrir tuttugu árum eða svo að láta hvern fjölskyldumeðlim skreyta sitt jólatré. Trén eru eins konar listaverk og hefðin hefur þróast þannig að vinir og vandamenn fá að giska á hver eigi hvaða tré.

svavamarin@frettabladid.is

„Þetta byrjaði þegar við systkinin vorum lítil, eftir að fjögur lítil jólatré höfðu verið keypt á jólatrjáamarkaði, og þabbar okkar tóku upp á því að hver fjölskyldumeðlimur myndi skreyta sitt eigið jólatré,“ segir Guðmundur Felixson, leikari og meðlimur spunahópsins Improv Ísland, þegar hann útskýrir skemmtilega öðruvísi jólahefð sem þróast hefur hjá fjölskyldu hans undanfarna tvo áratugi.

„Við skreyttum öll okkar tré en hefðin breyttist fljótlega út í smá vitleysu þar sem trén voru orðin einhvers konar listaverk frekar en raunveruleg jólatré. Útfærslurnar hafa verið eins mismunandi og þær eru margar og ég man að eitt sinn klæddi ég systur mína í græna peysu og setti á hana jólaseríu. Hún var þá mitt jólatré.“

Listrænu jólatrjánum hefur í gegnum árin fjölgað í takti við stækkun fjölskyldunnar og nú þegar systkinin bæði eru komin með maka og börn eru trén sem gerð eru ár hvert orðin átta.

Gaman að sjá tré hinna

Aðspurður segir Guðmundur mikla leynd hvíla yfir hönnun trjánna, sérlega innan fjölskyldunnar, áður en þau eru afhjúpuð. „Við segjum ekki frá því sem við erum að plana og mikil spennan byggist upp fyrir deginum,“ segir Guðmundur.

Fjölskyldan kemur saman heima hjá feðrum Guðmundar á Túnsbergi, einn dag í desember, þar sem hver mætir með sinn efnivið og útfærir sitt tré í sínu horni hússins.

Guðmundur bætir við að hefðin feli í sér að gestkomandi í Túnsbergi fá að giska á hver hafi gert hvaða tré en ljóstrað er upp um þau leyndarmál á jóladag á Facebook-síðu Felix Bergssonar, föður Guðmundar.

„Þá kemur í ljós hver bjó til hvaða tré en það hefur engum tekist að giska á rétt, hvað þá nú þegar trén eru orðin átta,“ segir Guðmundur í jólastuði. ■



Jólatré búið til úr lego kubbum..



Pappír sem aftur verður að tré.



Jólapökkum staflað upp í jólatré í stað þess að setja þá undir.

MYNDIR/ADSENDAR.



Jólatré í sönnum covid anda.



Skáldlegt jólatré.



Við segjum ekki frá því sem við erum að plana og mikil spennan byggist upp fyrir deginum.



Guðmundur Felixson



Taflmenn í jóla-skapi.

Gucci-mynd um Gucci

KVIKMYNDIR

The House of Gucci

Leikstjórn: Ridley Scott

Aðalhlutverk: Lady Gaga, Adam Driver, Al Pacino, Jeremy Irons og Jared Leto

Oddur Ævar Gunnarsson

Verandi landkrabbi í veröld heimstískunnar vissi ég ekkert við hverju ég átti að búast þegar ég settist niður til þess að horfa á House of Gucci, sem fjallar um ættarveldið sem hið fræga tískuhús er kennt við.

Vanþekking mín á straumum og tískustefnum kom hins vegar alls ekki að sök, enda dugir söguþráður myndarinnar mestmegnis til að halda áhuga áhorfenda. Þar fyrir utan er myndin hlaðin stórstjörnum og þungavigtarleikarar í flestum hlutverkum.

Lady Gaga tekur hér sinn besta sprett hingað til og er öflugust allra leikara í myndinni, sem hin metnaðargjarna Patrizia Reggiano sem giftist inn í Gucci-fjölskylduna. Adam Driver skilar sínu sem Maurizio Gucci en virkar á köflum eins og honum leiðist í hlutverkinu og er óttalega líkur sjálfum sér eitthvað. Al Pacino aftur á móti fer á kostum í hlutverki auðjöfursins Aldo Gucci og skemmtir sér greinilega konunglega og Jeremy Irons klikkar ekki frekar en fyrri daginn.

Gersamlega óþekktanlegur Jared Leto þarf svo eiginlega sérkafla fyrir frammistöðu sína sem misheppnaði aukvisinn Paolo Gucci, sem lét mig kastast á milli þess að dást að honum fyrir magnaðan leik og að láta hann fara í taugarnar á mér vegna stórkostlegs ofleiks.

Handrit myndarinnar stendur að mestu leyti fyrir sínu, en myndin er



Lady Gaga er fremst meðal jafningja í House of Gucci en Jared Leto er óþekktanlegur og yfirdrífinn á vinstri kantinum.

líklega aðeins of löng og á tímabili í síðari hluta hennar byrjaði maður að hugsa „jææææææja!“ með sjálfum sér.

Allt er þetta þó síðan hnýtt smekklega saman, að hætti tískuhússins, þannig að engin hætta er á að biðgestir verði fyrir vonbrigðum. Þvert á móti vekur myndin slíkan áhuga að flestir munu einmitt demba sér á Wikipedia til þess að lesa um Gucci-fjölskylduna og þá hefur Ridley Scott líklega náð takmarki sínu.

Því má þó halda til haga að myndin virkar á köflum full tilgerðarleg og rokkar einhvern veginn stundum á milli þess að taka sig gríðarlega alvarlega á milli þess sem hún virkar lygilega léttvæg.

Kannski er það bara Jared Leto með ýktan Super-Mario hreim í fitubúningi með gerviskalla. En þarna er í það minnsta eitthvert



Því má þó halda til haga að myndin virkar á köflum full tilgerðarleg.

ójafnvægi sem er erfitt að setja fingur á.

NIÐURSTADA: Áhugaverð mynd en undarlega tilgerðarleg á köflum þar sem stórstirni fara ýmist á kostum eða virðast láta sér leiðast í söguþræði sem stundum missir dampinn.

TAX FREE

9.12 – 13.12

Fellum niður jafngildi virðisaukaskatts af

ÖLLUM* VÖRUM!

*Gildir ekki af húsgögnum og Hay vörum

GILDIR EINNIG Á PENNINN.IS

Frí heimsending*



ef pantað er fyrir 10.000 kr. eða meira á vefnum okkar

Þú færð SMS áður en við mætum. Við gætum fyllsta hreinlætis og fylgjum ráðleggingum um sóttvarnir í öllum okkar afhendingum.

*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjapjónustu

Auk annarra góðra tilboða!

ALLIR HNETTIR



**30%
afsláttur**

ÖLL JÓLAKORT



**30%
afsláttur**

SANDBERG LEIKJASTÓLAR



**30%
afsláttur**

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 11% virðisaukaskatt af sölu bóka, tímarita og tónlistar & 24% af öðrum vörum. Öll verðlækkun (9,91% & 19,35%) er alfarið á kostnað Pennans. Gildir ekki með öðrum tilboðum.


penninn.is
540-2000

PENNINN

Eymundsson

Metsölulisti

Vikuna 1. – 7. desember



1 Lok, lok og læs
Yrsa Sigurðardóttir




2 Sigurverkið
Arnaldur Indriðason



3 Orri óstöðvandi
Bjarni Fritzson



4 Úti
Ragnar Jónasson



5 Bannað að eyðileggja
Gunnar Helgason



6 Sextíu kíló
af kjafthöggum
Hallgrímur Helgason




7 Rætur
Ólafur Ragnar Grímsson



8 Læknirinn
í Englaværsmiðjunni
Ásdís Halla Bragadóttir



9 Þín eigin ráðgáta
Evar Þór Benediktsson



10 Dagbók Kidda klaufa 15
Jeff Kinney



Alexandra er ritari Samfylkingarinnar en lætur ekki sitt eftir liggja í veirustríðinu og er nýbyrjuð að starfa við sýnatökur.

MYND/ÁÐSEND

Pinninn fer ýmsar leiðir upp í mismunandi nef

Alexandra Yr van Erven vinnur við framkvæmd hraðprófa vegna Covid-19 hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, samhliða starfi sínu sem ritari Samfylkingarinnar. Hún segir starfið surrealskt en hafa komið sér skemmtilega á óvart.

toti@frettabladid.is

„Þetta er algjör stemning en smá surrealskt. Covid er auðvitað sameiginlegt verkefni samfélagsins og mér fannst nú bara vera kominn tími til að leggja mitt af mörkum í baráttunni,“ segir stjórnmalfræðinemin og ritari Samfylkingarinnar, Alexandra Yr van Erven. Alexandra starfar einnig við að reka hina alræmdu sýnatökupinna upp í nasirnar á fólki.

Hún segir samlíkingu faraldursins við stríðsástand hafa verið henni hugleikna. „Þá er mikilvægt að allir leggi hönd á plóg og leggi sitt af mörkum og mér finnst það vel við hæfi.

„Ég heyrði að þau vantaði sárlega starfsfólk á Suðurlandsbraut, hafði loksins tíma til að bæta við mig smá aukavinnu og finnst frábært að geta hjálpað til í baráttunni við þessa veiru,“ segir Alexandra. Hún segist geta mælt með starfinu og



Hlífðarbúningar og grímur allan daginn venjast furðuvel að sögn Alexöndru.

MYND/ÁÐSEND

er þakklát frábærri þjálfun heilbrigðisstarfsmanna.

Lítill dramatík

Spurð hvort fólk sé almennt stressað fyrir skimun segir Alexandra langfesta vera farna að þekkja þetta ágætlega. „En, jú jú, það eru eðlilega margir sem eru ekkert spenntir að fá þennan pinna upp í sig sem er mjög eðlilegt. En heilt yfir er furðulítill dramatík í þessu.“

Hún segist sjálf hafa vanist því

hægt og rólega að stinga pinna upp í nefið á fólki. „Það kom mér skemmtilega á óvart hvað fólk hefur misjöfn nef svo það er ekki alltaf sama handbragðið sem virkar hjá öllum. Ég prisa mig alltaf sæla að fá stundum að heyra frá fólki að ég sé einstaklega mjúkhent við þetta, svo ég hlýt að vera að gera eitthvað rétt,“ segir Alexandra hlæjandi.

Börnin erfiðust

Alexandra segir erfiðast að skima börn. „Af því að maður vill auðvitað alls ekki meiða litlu greyin. Þau eru mörg hver samt orðin vön þessu og það hefur komið mér mikið á óvart hversu mörg börn mæta keik í skimun og virðast alveg óhrædd. Þau fá svo aðeins mjórri og styttri pinna sem gerir þetta bærilegra, sem betur fer.“

Hún segir aðspurð það fljótt hafa vanist að vera í hlífðargalla allan daginn. „Ég bjóst við því að þetta yrði fljótt þreytandi en trikkið er greinilega að vera ekki að taka grímunu af sér að óþörfu og setja hana svo upp aftur. Og svo lengi sem að hún er hrein þá tekur maður ekki eftir henni. Andlitsskildirnir eru að vísu aðeins óþægilegrir en maður lætur sig hafa það. Ég hef bara verið í hraðprófunum svo það er lukkulega ekki alveg sami búnaður og í PCR-prófunum.“ ■

Skíthráddur við spilla og snjóengla

Á skjánum



Hafsteinn Einar Birgisson
stjórnmalfræðingur

„Ég er sokkinn í hlydýpi skandinavískra glæpaþátta í kófinu. Sú sem er í gangi núna heitir

Snöänglar,“ segir Hafsteinn. „Þáttaröðin er sænsk og hún fjallar um rannsókn á máli þar sem ungabarn hverfur af heimili sínu rétt fyrir jólin. Alveg týpiskur

norrænn drungi sem svifur þar yfir vötnum,“ útskýrir fræðimaðurinn.

„Svo elska ég Succession en er samt ekki byrjaður á þriðju seríunni. Ég fer að byrja á því, enda skíthráddur við spilla sem gætu leynst á netinu.“

Hafsteinn segist síðast hafa farið í bíó á Dune. „Ég var eiginlega bara gjörsamlega dolfallinn. Kvikmyndagerðin var til fyrirmyndar en söguþráðurinn vissulega hægur, samt ekkert verri fyrir það.“ ■





KFC

fata með tíu

LEGGJUM

þanda **OKKUR** *öllum*

2590 kr.





**20%
AFSLÁTTUR**

MISTRAL HOME
140 x 200 cm
Verð 10.990 kr.
Nú **8.792 kr.**

MISTRAL HOME sængurföt

Sængurfötin frá Mistral home eru úr bómullarsatíni, með vönduðum rennilás. Þau eru ofin úr 300 gsm bómullarþræði sem tryggir frábæra endingu, viðkomu og mykt.



KOLDING

hægindastóll með skemli



Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, rautt eða grátt leður/PVC. **169.990 kr.**

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Ljós- eða dökkgrátt áklæði. **139.990 kr.**

Nú: **149.900 kr.**

Nú: **119.900 kr.**



**20%
AFSLÁTTUR
af sængum
og koddum**

STÓRI BJÖRN koddi

Þægilegur dúnkoddi frá Quilts of Denmark
Stærð: 50x70cm. 50% dúnn og 50% smáfiðrir. 700g.
Áklæðið er úr 100% bómull. **7.900 kr. NÚ 6.320 kr.**

ULTRA COOLING koddi

Vandað, kælandi áklæði umlykur Ultra Cooling koddann.
Stærð: 40x60 cm. Sveigjanlegur Visco koddi sem lagar sig
að háls- og höfuðsvæði þínu og léttir á þrýstingi.
9.900 kr. NÚ 7.920 kr.

DORMA PREMIUM koddi

Þykkur og gefur góðan stuðning.
Stærð: 50x70cm. 15% dúnn og 85% smáfiður. 850g.
Áklæðið er úr 100% bómull. **4.900 kr. NÚ 3.920 kr.**

PURE COMFORT sæng

Létt og þægileg fibersæng. 300 g. 140x200 cm. Má þvo á
60°C en það er hitastig sem rykmaurar þola ekki svo gott er
að nota sæng sem þolir þennan þvottahita ef um
rykofnæmi er að ræða. **10.900 kr. NÚ 8.720 kr.**

DORMA LUXE heit dúnsæng

Dásamleg, heit dúnsæng frá Quilts of Denmark.
Stærð: 140x200 cm. 800 g. 90% hreinn andadúnn. 10% smáfiður.
Má þvo á 60°C en það er hitastig sem rykmaurar þola ekki - því er
gott að nota sæng sem þolir þennan þvottahita ef um rykofnæmi
er að ræða. **29.900 kr. NÚ 23.920 kr.**

DORMA EXCLUSIVE dúnsæng

Létt og hlý sæng. 600 g. 140 x 200 cm.
50% dúnn og 50% smáfiður.
Áklæðið 100% bómull. **24.900 kr. NÚ 19.920 kr.**

LICATA sófar

Ýmsar stærðir og gerðir af sófum úr fallegu og slitsterku áklæði. Komdu og skoðuðu úrvalið.

**20%
AFSLÁTTUR**

Licata tungusófi hægri/
vinstri Kentucky koniák
265x164x82cm.
244.990 kr.

Nú: **195.920 kr.**

Licata u-sófi hægri /
vinstri Kentucky koniák
366x226x82 cm.
369.990 kr.

Nú: **295.920 kr.**

Licata tungusófi hægri/
vinstri River 66 Graphite
265x164x82 cm.
244.990 kr.

Nú: **195.920 kr.**

Licata hornsófi vinstri
River 66 Graphite
262x226x82 cm.
269.990 kr.

Nú: **215.920 kr.**



DIMMA
baðsloppur
12.990 kr.

Einstaklega fallegur og mjúkur
baðsloppur. Sloppurinn er úr
100% Micro bómull og kemur
í hvítum og gráum lit og
stærðunum S, M, L, og XL

**25%
AFSLÁTTUR
af jólavörum**



Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.
Tilboðin gilda í vefverslun til og með 24. desember 2021 eða á meðan birgðir endast.
www.DORMA.is

DORMA

Láttu drauminn rætast



Gerðu góð kaup í **verslunum** okkar eða á **dorma.is**

JÓL
20%
AFSLÁTTUR
af dýnu og 10%
af botni.



Nature's **REST LUXURY** heilsurúm með Classic botni

Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir enn betri hvíld.

Heilsudýna með 20 cm háum pokagormum sem eru svæðaskiptir, mýkri á mjóðmum og öxlum til að halda náttúrulegri sveigju í líkama á meðan við sofum. Dýnan er samansett úr 5 lögum af mismunandi svampi með 4 cm minnisvampi sem aðlagast fullkomlega að líkamanum.

Natures Luxury er með vönduðu áklæði sem andar einstaklega vel. Dýnan er millistíf en aukalögin af svampinum gefa sérstaka lúxustilfinningu þegar lagst er í hana. Natures Luxury er tilvalin á venjulegan botn sem og í stillanleg rúm.

Sérlega vönduð gormadýna.



Stærð í cm	Fullt verð m/Classic botni og löppum	Jólaverð m/ botni og löppum
Luxury 80x200	75.900 kr.	65.020 kr.
Luxury 90x200	79.900 kr.	68.420 kr.
Luxury 90x210	83.900 kr.	71.820 kr.
Luxury 100x200	83.900 kr.	71.820 kr.
Luxury 120x200	89.900 kr.	77.020 kr.
Luxury 140x200	99.900 kr.	85.420 kr.
Luxury 160x200	109.900 kr.	93.920 kr.
Luxury 180x200	119.900 kr.	102.420 kr.

Þú finnur
jólabæklinginn á www.dorma.is

DORMA

Láttu drauminn rætast

Bakpankar

Kolbeins
Marteinssonar

Af hrósi

Á þessari baksíðu hef ég áður ritað um mikilvægi þess að við hrósum meira því sem vel er gert. Ég hef bent á að sökum þess hversu lítið við hrósum hvert öðru hér á landi þá er íslenskt hrós miklu verðmætara en víða annars staðar, þar sem innihaldslaus hrós eru hluti af venjum og daglegum samskiptum. Ástæða þess að ég fór að hugsa um hrós er spurning dóttur minnar um besta hrósið sem ég hefði fengið um ævina.

Ég hef fengið nokkur hrós en það er eitt sem stendur upp úr og ástæða þess að ég man það er tímasetningin og hver það var sem hrósaði.

Eftir að hafa verið hluti af síðustu kynslóðum íslenskra borgarbarna sem send voru í sveit man ég tilfinninguna sem fylgdi því að vera hrósað fyrir dugnað eftir brösuga byrjun í sveitinni, mínu fyrsta alvöru starfi. Þá áttaði ég mig á því að á vinnumarkaði ertu fyrst og síðast dæmdur af því hvernig þú vinnur verkin og hvert viðhorf þitt er til vinnu. Þegar Óli bóndi sagði að ég væri ekki sá aumingi sem hann hélt í fyrstu og sagði mig duglegan, man ég enn tilfinninguna sem hríslaðist niður hrygginn. Um leið rétti ég úr bakinu og kinkaði ákveðið til hans kalli um að ég hefði meðtekið skilaboðin.

Síðan hafa bæst við nokkur svona atvik til viðbótar, þegar samtímamenn mínir og konur hafa sagt eitthvað fallett við mig einmitt þegar ég þurfti mest á því að halda. Það að fólk hafi haft trú á manni jafnvel þegar framtíðin var kannski ekki teppalögð á beinu brautinni, skipti máli.

Þetta eru hrósin sem breyttu forritinu í hausnum á mér og sem ég man enn þann dag í dag. Af því rétta fólkið sagði þau á réttu augnablikunum. Vertu þannig fólk. ■

ULLARJAKKAR

ICELANDIC
WOOLBYLTING Á
HEIMSVÍSUNÁTTÚRUVÆN EINANGRUN
ÚR ÍSLENSKRI ULL

icewear.is

BYKO

Hjá okkur fæst íslensk sígræn
Stafafura
frá SkógræktinniStafafura
100-150 cm
4.650 kr.
vnr. 41140101Stafafura
151-200 cm
8.950 kr.
vnr. 41140104

Trén eru rættuð án eiturefna, enginn áburður er notaður við ræktun fyrir utan 10-15g á hvert tré við gróðursetningu. Flutningsleiðin er stutt og er stafafuran því mun umhverfisvænni kostur en innflutt tré. Að minnsta kosti 10 tré eru rættuð í stað hvers trés sem fellt er sem jólatré.

Stafafura er vinsælasta íslenska jólatréð og er einstaklega barrheldin og ilmandi.

Birt með fyrirvara um prentviltur og/eða myndabrengl.

Þú finnur
Jólagjafa-
handbókina
á byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN